**allt**

Helga Braga:

*Heldur námskeið í daðri*

• nám

**Í MIÐJU BLAÐSINS ▶**



Eyrún Magnúsdóttir:

*Sló í gegn í Kastljósinu*

• ræddi við robertino á ítölsku

**SÍÐA 30 ▶**



SÉRBLAÐ FYLGIR

Europris

FRÁBÆR TILBOÐ!

# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

2. febrúar 2005 – 31. tölublað – 5. árgangur

**MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI**

Veffang: visir.is – Sími: 550 5000 vísir

**MIÐVIKUDAGUR**



**STJÓRNARFORMAÐUR VILL FÁ MILLJARÐ** Samkeppni á fjármagnsmarkaði hefur leitt til þess að fjárhagslega sterkari fyrirtæki hafa greitt upp lán sín hjá Byggðastofnun og fengið til þess lán hjá viðskiptabönkunum. Miklar uppgreiðslur geta haft alvarlegar afleiðingar fyrir stofnunina. **Sjá síðu 2**

**MIKIÐ GRIMMDARVERK EN EKKI ÞJÓÐARMORÐ** Lögmannanefnd á vegum Sameinuðu þjóðanna segir atburðina í Darfur ekki vera þjóðarmorð. Það dragi þó ekki úr því að mikil grimmdarverk hafi verið unnin í héraðinu og fyrir þau þurfi að draga þá seku til ábyrgðar. **Sjá síðu 6**

**RÍKIÐ EYKUR UMSVIFIN** Ríkisstofnunum hefur fjölgað og rekstur þeirra aukist á undanförnum árum, að mati Verslunarráðs Íslands. Nýjar stofnanir hafa verið settar á laggirnar, stofnanir hafa fært út kvíarnar og minna boðið út en áður og ríkisfyrirtæki hafa keypt einkafyrirtæki. Auknar kröfur eru um að ríkisfyrirtæki skapi sértekjur. **Sjá síðu 8**

**VEÐRIÐ Í DAG**




**RIGNING EÐA SKÚRIR** um sunnan- og vestanvert landið. Bjart með köflum austan til. Hiti 3-8 stig hlýjast austan til. Kólnandi. **Sjá síðu 4**

**DAGURINN Í DAG**



**BÓKAKVÖLD** Sagnfræðingarnir Sverrir Jakobsson, Erla Hulda Halldórsdóttir og Ragnheiður Kristjánsdóttir gagnrýna þrjár bækur um sögu og samtíð á bókafundi Sagnfræðingafélags Íslands og Sögufélags, sem haldinn verður í húsi Sögufélagsins við Fischersund klukkan átta í kvöld.

| | | | |
|---|---|---|---|
| Kvikmyndir | 26 | Myndlist | 19 |
| Tónlist | 19 | Íþróttir | 22 |
| Leikhús | 19 | Sjónvarp | 28 |




# Yfir tíu grunaðir í lögreglurannsókn

**Helgi Magnús Gunnarsson, hjá ríkislögreglustjóra, segir lög valda óvissu í rannsókn olíumálsins. Ekki er útilokað að olíufélögin sæti ákæru eftir rannsókn lögreglu. Á annan tug starfsmanna hafa réttarstöðu grunaðra.**

**OLÍUMÁLIÐ** Á annan tug starfsmanna hafa réttarstöðu grunaðra við rannsókn olíumálsins. Helgi Magnús Gunnarsson, lögfræðingur hjá ríkislögreglustjóra, segir embættið þurfa að ákveða að lokinni rannsókn á máli olíufélaganna hvort þau verði ákærð eða ekki. Hann segir lögin óskýr og unnið sé að breytingum á þeim.

Núgildandi lög gera ráð fyrir að samkeppnisyfirvöld rannsaki brot fyrirtækja en lögregla geti bæði rannsakað brot fyrirtækja og einstaklinga. „Samkeppnislögin gera ráð fyrir að fyrirtækjum geti allt eins verið refsað í opinberu máli án þess að það hafi áhrif á hvaða meðferð málið er búið að fá hjá samkeppnisyfirvöldum,“ segir Helgi.

Lögregla og samkeppnisyfirvöld túlka lögin hvort með sínum hætti. „Vandamálið er að við eigum að vinna eftir lögunum en þau svara þessu ekki á fullnægjandi hátt. Lögin eru göllúð og það þarf að skerpa á reglum um verkaskiptingu á milli lögreglu og samkeppnisyfirvalda,“ segir Helgi.

Helgi segir töluvert þar til lögreglurannsókninni lýkur. Lögregla geti ekki notað það sem haft er eftir starfsmönnum olíufélaganna í skýrslu samkeppnisráðs. Hún þurfi að vinna eftir lögum um meðferð opinberra mála þar sem sumir starfsmannanna geti haft réttarstöðu grunaðra og þurfi þar með ekki að tjá sig frekar en þeir vilji. Einnig er óöruvísi tekið á ósannsögli þeirra sem hafa réttarstöðu grunaðra. „Ef málið hefði strax komið til okkar værum við að vinna frumvinnuna í stað þess að endurtaka vinnu samkeppnisráðs að hluta,“ segir Helgi. Þess ber einnig að geta að rannsókn samkeppnisyfirvalda rífur ekki fyrningu á meintum brotum einstaklinga heldur eingöngu yfirheyrslur hjá lögreglu. Þegar starfsmenn hættu hjá fyrirtækjunum byrjaði fyrningartími að líða en hann miðast við síðasta brot.

Verði fyrirtæki sakfelld getur það varðað fjársektum eða missi starfsleyfis.

- hrs



MYND/STEFÁN

**SIGURVEGARAR SKREKKS** Laugalækjarskóli vann Skrekk, hæfileikakeppni grunnskóla Reykjavíkurborgar, sem fram fór í Borgarleikhúsinu í gær. Sex skólar komust í úrslit eftir harða og tvísýna undankeppni; Hagaskóli, Seljaskóli, Austurbæjarskóli, Laugalækjarskóli, Réttarholtsskóli og Ölduselsskóli, en sem fyrr segir hafði Laugalækjarskóli sigur úr býtum. Troðfullt var út úr húsi á keppninni og studdu áhorfendur vel við bakið á sínum skólum.

Ungir framsóknarmenn í Kópavogi:

# Hallarbyltingu afstýrt

**STJÓRNMÁL** Páli Magnússyni varaþingmanni tókst að afstýra því að andstæðingar hans næðu völdum í Félagi ungra framsóknarmanna í Kópavogi á aðalfundi félagsins í gærkvöldi. Tilkynnt hafði verið um 40 nýskráningar í félagið í gær og leit út fyrir að andstæðingar Páls myndu taka yfir stjórn félagsins og fella formanninn, Einar Kristján Jónsson. Einar er bróðir Guðjóns Ólafs Jónssonar varaþingmanns og samstarfsmanns Páls.

Deilur brutust út fyrir fundinn þegar sitjandi stjórn neitaði nýskráðum félögum aðgang að fundinum. Að loknum hálftíma þrætum um lög félagsins mættu Páll og bæjarfulltrúinn Ómar Stefánsson á staðinn og funduðu með sitjandi formanni fyrir luktum dyrum. Ómar og Páll eru sagðir tilheyra sitthvorri fylkingunni innan Framsóknarflokksins.

Lyktirnar urðu þær að nýjum félögum var leyfður aðgangur og sátt náðist um nýja stjórn. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins fólst sáttin í því að stuðningsmenn Ómars féllust á að reyna ekki hallarbyltingu en fengju þess í stað tvo menn í sjö manna stjórn og ákveðinn fjölda fulltrúa á flokksþing. Nýr formaður er Sveinn Sigurðsson.

Athygli vakti að Hansína Á. Björgvinsdóttir, bæjarstjóri í Kópavogi, var við upphaf fundarins.

- sda

Sjá síðu 4.

Frakkland:

# Dýr broddgöltur

**MARSEILLE, AP** Franska ríkið var í gær sektað fyrir afleiðingar þess að dauður broddgöltur var ekki fjarlægður af flugbraut í Marseille í mars 1998. Hópur máfa, sem voru að gæða sér á hræinu, soguðust inn í hreyfill flugvélar. Því þurfti flugvélin að nauðhemla þegar hún var á leið í flugtak. Dómstólar sektuðu franska ríkið því um 265 milljónir, sem það þarf að greiða Air France og fimm tryggingafélögum. Enginn slasaðist við atvikið, en niðurstaða dómstólsins var að ríkisstarfsmaður á flugvellinum sem átti að sjá um að hreinsa flugbrautina af dýrahræjum, hefði ekki staðið sig í starfi sínu. ■

Íslensku tónlistarverðlaunin:

# Kosning hafin

**ÍSLENSKU TÓNLISTARVERÐLAUNIN** Íslensku tónlistarverðlaunin verða afhent við hátíðlega athöfn í Þjóðleikhúsinu í kvöld. Þá verður vinsælasti flytjandinn að mati almennings kynntur en netkosning fór fram á Vísi. Netkosningunni lauk í gærkvöld og tóku rúmlega fimm þúsund manns þátt. Við tók síma- og SMS-kosning um þá fimm flytjendur sem lentu í efstu sætunum í netkosningunni. Valið stendur nú á milli Eivarar Pálsdóttur, Í svörtum fötum, Mugison, Ragnheiðar Gröndal og Quarashi. Hægt er að hringja í síma 900-1101 til 1105 eða senda SMS itv 110x í númerið 1900 þar til skammt lifir eftir af útsendingu. Samkoman hefst klukkan 20 og verður sýnt frá henni í beinni útsendingu í Sjónvarpinu.

| | SMS í 1900 | Sími |
|---|---|---|
| Eivör Pálsdóttir | itv 1101 | 900 1101 |
| Í svörtum fötum | itv 1102 | 900 1102 |
| Mugison | itv 1103 | 900 1103 |
| Ragnheiður Gröndal | itv 1104 | 900 1104 |
| Quarashi | itv 1105 | 900 1105 |





## SPURNING DAGSINS

*Katrín, hversu mikið þarf líf þitt að breytast til að verða betra?*

**„Bara lítið. Því litlar breytingar í dag hafa mikil áhrif í framtíðinni.“**

Katrín Bernhöft er á leið til London í maí með um eitt hundrað Íslendinga. Hún stendur að hópferð á fjögurra daga námskeið hvatningaþjálfarans Anthony Robbins. Hann er sagður geta breytt lífi fólks á aðeins fjórum dögum.

Læknafélag Íslands:

# Læknar snúa sér að eldri verkjalyfjum

**HEILBRIGÐISMÁL** Í langflestum tilvikum eru samskipti lækna og lyfjafyrirtækja í góðu lagi segir Hulda Hjartardóttir, varaformaður Læknafélags Íslands. Rætt var um málið á fundi félagsins í gær.

Hulda segir Læknafélagið harma að túlka megi fréttaflutning eins og læknar hafi vísvitandi ávísað hættulegum lyfjum eins og verkjalyfinu Vioxx og lyfjum því skyldu.

„Þegar lyfið Vioxx kom á markað ávísuðu læknar því í góðri trú þar sem það hafði ýmsa kosti fram yfir önnur verkjalyf sem eru á markaðinum. Þau lyf geti leitt til magablæðinga og því ekki ávísað í ákveðnum tilvikum eins og til dæmis til þeirra sem hafa tilhneigingu til magablæðinga. Læknar gripu því fegins hendi að geta þá vísað á Vioxx og skyld lyf án þess að vera hræddir við blæðinguna,“ segir Hulda.

Hulda segir lækna nú mjög varkára gagnvart lyfjum í flokki Vioxx. Þeir noti nú aftur hin hefðbundnu bólgueyðandi lyf sem geta valdið magablæðingum.

**- gag**



**VIOXX VERKJALYF FYRIR GIGTVEIKA** Varaformaður Læknafélags Íslands segir lækna mjög varkára þegar þeir ávísi lyfjum. Þeir hafi snúið frá lyfjum í sama flokki og Vioxx að þeim sem áður voru notuð.

## EVRÓPA

**HÓTAÐI SPRENGJUÁRÁS** Banki í austurrísku borginni Linz var rýmdur eftir að maður hringdi í hann og hótaði að sprengja bankann í loft upp. Sá sem hótaði sagðist vera félagi í al-Kaída. Engin sprengiefni fundust í bankanum og seint í gær hafði lögregla ekki enn haft uppi á manninum.

**SKRAUFAÞURR JANÚAR** Það féll ekki einn einasti regndropi í Lissabon, höfuðborg Portúgals, í síðasta mánuði og þarf að fara aftur til ársins 1901 til að finna dæmi þess að ekkert hafi rignt allan janúarmánuð í borginni. Lítið hefur verið um rigningu í Portúgal undanfarna mánuði og hefur það mikil áhrif á vatnsból og gróðurlendi.



FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**BILL CLINTON**
Valinn til að hafa umsjón með uppbyggingarstarfi fyrir Sameinuðu þjóðirnar.

Uppbyggingarstarf:

## Annan valdi Bill Clinton

**SÞ, AP** Bill Clinton, fyrrverandi forseti Bandaríkjanna, verður í forsvari fyrir Sameinuðu þjóðirnar í uppbyggingu á hamfarasvæðunum þar sem flóðbylgjan mikla reið yfir á annan dag jóla.

Kofi Annan, aðalritari Sameinuðu þjóðanna, valdi Clinton til starfans og vildi með því meðal annars sjá til þess að hörmungarnar og neyðin í löndunum sem urðu fyrir flóðbylgjunni gleymist ekki. Annað markmið Annan er að Clinton beiti sér fyrir því að koma á friði í borgarastríðum í Indónesíu og Sri Lanka.

## LÖGREGLUFRÉTTIR

**INNBROT Í SANDGERÐI** Brotist var inn í iðnaðarhúsnæði á Sjávargötu í Sandgerði á mánudagsmorgun. Stolið var Pioneer-hátölurum, bassakeilu og geislaspilara úr bifreið sem var inni í húsinu. Lögreglan í Keflavík rannsakar málið.

**VINNUSLYS Í FLUTNINGASKIPI** Skipverji flutningaskips slasast við störf í miklum veltingi á leið til landsins á mánudag. Lögreglan í Keflavík fékk tilkynningu um slysið er það var að leggjast að bryggju í Njarðvíkurhöfn. Skipverjinn var fluttur á sjúkrahús til aðhlynningar. Meiðsl voru minniháttar.

# Stjórnarformaður vill fá milljarð

**Samkeppni á fjármagnsmarkaði hefur leitt til þess að fjárhagslega sterkari fyrirtæki hafa greitt upp lán sín hjá Byggðastofnun og fengið til þess lán hjá viðskiptabönkunum. Miklar uppgreiðslur geta haft alvarlegar afleiðingar fyrir stofnunina.**

**ALÞINGI** Herdís Á. Sæmundardóttir, varaþingmaður og formaður stjórnar Byggðastofnunar, hefur lagt fram þingsályktunartillögu á Alþingi um að ríkisstjórninni verði falið að veita einum milljarði króna til Byggðastofnunar. Ef tillagan nær fram að ganga getur eigið fé stofnunarinnar batnað um allt að rúman þriðjung en eigið fé stofnunarinnar er í dag um 1,6 milljarðar króna. Útlánaheimildir stofnunarinnar nema nú 2,7 milljörðum króna en óljóst er hvort þær verða nýttar að fullu á þessu ári.

Verulegar uppgreiðslur hafa verið hjá Byggðastofnun en ekki er vitað nákvæmlega hversu miklar þær eru. „Tekjur okkar hafa dregist saman. Þessi breyting á fjármagnsmarkaði hefur komið okkur í klípu því að traustari lántakendur hafa greitt upp lán sín og eftir sitja lántakendur sem hafa ekki jafn traustan fjárhag. Bankarnir vilja þessi fyrirtæki ekki í viðskipti,“ segir Herdís Á. Sæmundardóttir, stjórnarformaður Byggðastofnunar.

Byggðastofnun ber samkvæmt lögum að varðveita eigið fé sitt að raungildi. Ef Byggðastofnun fær milljarðinn styrkir það eiginfjárstöðu stofnunarinnar auk þess sem stofnunin fái bolmagn til að fylgja eftir átaksverkefnum, taka þátt í nýjum verkefnum og efla nýsköpun og atvinnuþróun á landsbyggðinni.

„Við höfum líka verið að glíma við útlánatöp í ýmsum greinum á undanförnum árum,“ segir hún.

Spurð um það hvort Byggðastofnun sé orðin tímaskekkja kveðst Herdís telja tímabært að skoða stoðkerfi atvinnulífsins.



**PÉTUR BLÖNDAL**
Alfarið á móti hugmyndum Herdísar og segir stofnunina skaðlega heilbrigðum fyrirtækjum.

Pétur Blöndal alþingismaður segist margoft hafa lagt til að Byggðastofnun verði lögð niður. Hann kveðst alfarið á móti þingsályktunartillögu Herdísar. Hann telur að styrk- og lánveitingar Byggðastofnunar virki eins og eiturlyf í byggðarlögum landsins því að það frestar því að tekið sé á vandanum og gefi mynd af góðri stöðu sem ekki er til staðar. Atvinnugreinar verði enn háðari ríkisstyrkjum og þetta geti verið mjög skaðlegt fyrir vel rekin fyrirtæki, sem þurfa að keppa við styrkt fyrirtæki, og landsbyggðina í heild sinni.

**ghs@frettabladid.is**



**VARAÞINGMAÐUR MEÐ TILLÖGU** Stjórnarformaður Byggðastofnunar situr á Alþingi og leggur til að Byggðastofnun fái milljarð.

Vinstri grænir:

## Stofnun jafnréttissjóðs

**STJÓRNMÁL** Stofnaður verður sjóður til að styrkja starf sem miðað getur að jafnari stöðu kynjanna, ef þingsályktunartillaga Kolbrúnar Halldórsdóttur og Þuríðar Backman, þingkvenna VG, nær fram að ganga.

Óskað er eftir að félagsmálaráðherra stuðli að bættu starfsumhverfi kvennahreyfingarinnar og annarra hópa sem vinna að jafnari stöðu kynjanna. Annars vegar verði það gert með stofnun sjóðs með lið í fjárlögum, en hins vegar með því að jafnréttisfulltrúum verði falið að koma á beinum tengslum fagráðuneyta og þeirra samtaka, hópa og einstaklinga sem vinna að jafnari stöðu kynjanna.

Kolbrún segir þetta í þriðja skipti sem hún leggur tillöguna fram, að skandinavískri fyrirmynd. ■

Járnblendifélagið:

## 20 prósenta launahækkun

**KJARAMÁL** Samninganefndir starfsmanna og eigenda Íslenska járnblendifélagsins á Grundartanga undirrituðu kjarasamning í húsi ríkissáttasemjara í gær.

Vilhjálmur Birgisson, formaður Verkalýðsfélags Akraness, sem um 90 prósent starfsmanna eru félagsmenn í, segir að ekki hafi verið komist lengra að þessu sinni. Hæst beri að samið hafi verið um rétt rúmlega 20 prósenta hækkun launa á fjögra ára samningstíma og nýtt bónuskerfi.

Starfsmenn hafa tíma til 17. febrúar til að kjósa um samninginn.

**- gag**


FEBRÚAR TILBOÐ
Á NISSAN HJÁ INGVARI HELGASYNI
NISSAN
SKIPT_um væntingar




X-Trail Sport
Listaverð: 3.100.000 kr.
Tilboðsverð: 2.790.000 kr.
Afsláttur: 310.000 kr.
33.018 á mán.*

X-Trail Elegance
Listaverð: 3.320.000 kr.
Tilboðsverð: 2.990.000 kr.
Afsláttur: 330.000 kr.
35.363 kr. á mán.*

www.nissan.is
*Bílalán VÍS með 30% innborgun og eftirstöðvar í 84 mánuði

Ingvar Helgason
Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is


Olíusamráð:

# Borgin ætlar í mál

**OLÍUMÁLIÐ** Á fundi borgarráðs á fimmtudag mun Steinunn Valdís Óskarsdóttir borgarstjóri leggja fram tillögu um að hafin verði undirbúningur að skaðabótamáli gegn olíufélögunum, vegna ólöglegs samráðs við útboð Reykjavíkurborgar í olíuviðskiptum.

Á minnisblaði frá Vilhjálmi H. Vilhjálmssyni hæstaréttarlögmanni sem Steinunn Valdís fékk í gær, kemur fram það álit að borgin eigi þennan rétt og að minnsta kosti í tveimur tilvikum, útboðum sem fram fóru 1996 og 2001 séu mjög miklar sönnur færðar á að Reykjavíkurborg eigi skaðabótarétt vegna samráðsins. Í fyrra útboðinu var óskað eftir tilboðum í sölu á gasolíu, bensíni og steinolíu fyrir Strætisvagna Reykjavíkur, Malbikunarstöðina og Vélamiðstöðina. Í seinna útboðinu var óskað eftir tilboðum vegna Strætó og Vélamiðstöðvarinnar.



FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

**RÁÐHÚS REYKJAVÍKUR**
Vilhjálmi H. Vilhjálmssyni var falið að athuga hvort Reykjavíkurborg eigi skaðabótarétt á hendur olíufélögunum vegna verðsamráðs. Hann komst að þeirri niðurstöðu að svo væri, þó ekki sé enn vitað hvað krafan verður há.

Að sögn Steinunnar Valdísar verður Vilhjálmi væntanlega falið að undirbúa bótakröfu eftir borgarráðsfundinn á fimmtudag. Slíkur undirbúningur muni taka um fjórar vikur, en þá verði ljóst hvert tjón borgarinnar var vegna samráðsins.

**- ss**

# Þúsundir viðskiptavina fá endurgreitt …



## … allt að 7% af vaxtagreiðslum síðasta árs!

Undanfarin ár hefur Íslandsbanki verðlaunað skilvísa viðskiptavini með því að endurgreiða þeim **allt að 7% af vaxtagreiðslum skuldabréfa**. Þú getur líka komist í raðir viðskiptavina sem fá endurgreitt. Kynntu þér fleiri kosti **Vildar og Gullvildar** á isb.is, með því að hafa samband við næsta útibú Íslandsbanka, eða þjónustuverið í síma 440 4000.

ÍSLANDSBANKI

## GENGIÐ

GENGI GJALDMIÐLA 01.02.2005

| | | KAUP | SALA |
|---|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | USD | 61,70 | 62,00 |
| Sterlingspund | GBP | 115,98 | 116,54 |
| Evra | EUR | 80,37 | 80,81 |
| Dönsk króna | DKK | 10,80 | 10,86 |
| Norsk króna | NOK | 9,70 | 9,76 |
| Sænsk króna | SEK | 8,84 | 8,89 |
| Japanskt jen | JPY | 0,59 | 0,60 |
| SDR | XDR | 93,67 | 94,23 |

*Gengisvísitala krónunnar*

**110,49 -0,65%**

Heimild: Seðlabanki Íslands

Sparisjóður Skagfirðinga:

# Lögbann kært til Hæstaréttar

**SKAGAFJÖRÐUR** Meirihlutinn í Sparisjóði Skagfirðinga, sem áður hét Sparisjóður Hólahrepps, hefur kært lögbannsúrskurð héraðsdómara til Hæstaréttar og er búist við niðurstöðu í því máli eftir mánuð.

Minnihlutinn í Sparisjóði Skagfirðinga fékk fyrir helgi lögbannsúrskurð héraðsdómara á stofnfjáreigendafund í lok nóvember á síðasta ári en áður hafði sýslumaður hafnað lögbanni.

Ef Héraðsdómur staðfestir lögbannsúrskurðinn verður haldið áfram með fyrirhugaða málshöfðun en ef hann staðfestir úrskurðinn ekki fellur lögbannið niður og málshöfðunin þar með.

Miklar deilur hafa verið í sparisjóðnum. Á stjórnarfundi og stofnfjáreigendafundinum í nóvember fór fram meint yfirtaka peningaveldanna í Skagafirði, sem minnihlutinn var afar ósáttur við.

Stofnfjárhlutir voru þá seldir til einstaklinga, nafni sparisjóðsins breytt, stofnfé aukið og ný stjórn kjörin.

Magnús Brandsson, sparisjóðsstjóri í Ólafsfirði, segir að lögbannið geti þýtt endalok sparisjóðsins því hann megi ekki við miklu. **- ghs**




**HÆSTIRÉTTUR**
Tekur lögbannsúrskurðinn vegna Sparisjóðs Skagfirðinga fyrir eftir mánuð eða svo.

Húsabakkaskóli:

# Ákvörðun frestað

**SVEITARSTJÓRNARMÁL** Ákvörðun um framtíð Húsabakkaskóla í Dalvíkurbyggð hefur verið frestað til 10. febrúar. Að sögn Valdimars Bragasonar, bæjarstjóra á Dalvík, var ákveðið á fundi bæjarstjórnar í gær að framlengja umboð nefndarinnar sem skipuð var í nóvember fram til þess tíma, þar sem stefnt er að því að halda vinnustefnu um Húsabakkaskóla nú um helgina.

Nefndin sem skipuð var, hafi ekki haft nægilegan tíma til að ljúka sínum störfum og því hafi ákvörðun um framtíð skólans verið frestað. **- ss**



**Á GÖTU Í BAGDAD**

Írak:

# Vill erlenda hermenn áfram

**ÍRAK, AP** Það væri fráleitt að biðja erlenda hermenn í Írak að yfirgefa landið nú sagði Ghazi al-Yawer, forseti Íraks, „nú í þessu öngþveiti og tómarúmi valds," sagði hann á blaðamannafundi. Hann sagði þó að hermönnum kynni að fækka fyrir árslok.

Al-Yawer viðurkenndi að tugþúsundir kjósenda í borgunum Bagdad, Basra, Mosul og Najaf hefðu ekki getað greitt atkvæði í kosningunum á sunnudag þar sem atkvæðaseðla vantaði.

Raad al-Hamadani, súnnískur ættbálkshöfðingi og framkvæmdastjóri Ráðs íraskra ættbálka, sagði í gær að kosningarnar skorti lögmæti þar sem bandaríska hernámsveldið hefði þvingað þeim upp á landsmenn. ■

### AFRÍKA

**KOSIÐ Í SIMBABVE** Robert Mugabe, forseti Simbabve, hefur boðað til þingkosninga 31. mars. Síðustu kosningar fóru fram árið 2000 og þá var stjórnarandstaðan nálægt því að fella ZANU-PF, flokk Mugabe. Stjórnarandstæðingar óttast að nú eins og þá beiti stuðningsmenn Mugabe ofbeldi til að draga máttinn úr stjórnarandstöðunni.

# Vonast eftir uppgjöri í framsókn

**Formaður Félags framsóknarmanna í Bolungarvík vonar að til uppgjörs komi á flokksþingi svo hægt sé að byrja upp á nýtt. Hann segir mikla óánægju meðal framsóknarmanna, ekki síst á landsbyggðinni.**

**STJÓRNMÁL** Vaxandi óánægja er innan Framsóknarflokksins með framgöngu formannsins, Halldórs Ásgrímssonar, í þeim málum er ríkisstjórnin hefur tekist á hendur. Sömu framsóknarmenn eru að sama skapi ósáttir við vinnubrögð þeirra sem næst standa Halldóri innan flokksins og má nefna þar bræðurna Árna og Pál Magnússyni og Björn Inga Hrafnsson.

„Valdabrölt í klíkunni innan flokksins er fyrir neðan allar hellur," segir Sveinn Bernódusson, formaður Félags framsóknarmanna í Bolungarvík. Viðmælendur blaðsins, sem ekki vildu láta nafns síns getið, lýstu vinnubrögðum bræðranna í tengslum við Freyjuna, félag framsóknarkvenna í Kópavogi, á dögunum á þann hátt að bræðurnir litu á Framsóknarflokkinn sem hlutafélag og þeir stefndu á yfirtöku á öllum hlutum þess.

„Mikið af fólkinu sem hefur sig lítið í frammi í flokknum er mjög óánægt," segir Sveinn. „Framsóknarflokkurinn hefur farið út af brautinni og má nefna Íraksmálið því til stuðnings."

Viðmælendur blaðsins sögðu að skýrar línur væru milli fylkinganna tveggja innan flokksins og að átök þeirra á milli myndu aukast eftir því sem nær dragi flokksþinginu.

„Ég vona að þetta leiði til uppgjörs þannig að menn geti farið að byrja upp á nýtt. Ég vonast til þess að tekist verði á um það á flokksþingi hvað menn ætla sér með flokkinn. Það er þá hægt að gefa þeim kost á því sem ekki eru sáttir að fara bara ef þeir ætla að halda þessu áfram," segir Sveinn.

„Ég held að það sé býsna rétt sem Steingrímur Hermannsson, fyrrverandi formaður, sagði í Silfri Egils, að Davíð Oddsson hafi tekið ákvörðunina um stuðninginn við Íraksstríðið og Halldór hafi stutt hann til að halda friðinn," segir Sveinn.

„Ég man ekki eftir því að í stefnuskrá flokksins sé að finna ýmislegt sem flokkurinn stendur nú fyrir, til dæmis sameining lögregluembættanna eða hækkun orkuverðs. Þessi ríkisstjórn hefur gleymt gjörsamlega öllu sem er utan Reykjavíkursvæðisins."

**sda@frettabladid.is**



**SVEINN BERNÓDUSSON:**
„Ég held að það sé býsna rétt sem Steingrímur Hermannsson, fyrrverandi formaður, sagði í Silfri Egils, að Davíð Oddsson hafi tekið ákvörðunina um stuðninginn við Íraksstríðið og Halldór hafi stutt hann til að halda friðinn."



**ÖGMUNDUR JÓNASSON**
Finnst ólíðandi hvernig bjórsalar skjóta sér framhjá lögum.

Ögmundur Jónasson:

# Bjórinn í sérumbúðir

**ALÞINGI** Léttöl og aðrir óáfengir drykkir mega ekki vera í svipuðum eða eins umbúðum og áfengir drykkir ef lagafrumvarp Ögmundar Jónassonar, þingmanns Vinstri grænna, nær fram að ganga.

Að sögn Ögmundar er frumvarpinu ætlað að taka á áfengisauglýsingum á þann hátt að söluaðila verði gert að aðgreina rækilega á milli auglýsinga á áfengum og óáfengum drykkjum. Það sé meðal annars hægt að gera með því að hafa umbúðirnar ólíkar, en það er þekkt leið hjá söluaðilum að auglýsa til dæmis bjór sem léttöl í skjóli þess að umbúðir drykkjanna eru svipaðar. **- bs**

### ÍRAK

**HERMENN Í GÍSLINGU** Hryðjuverkamenn sem tilheyra samtökum Abu Musab al-Zarqawi segjast halda fjórum íröskum hermönnum í gíslingu sem verði refsað grimmilega fyrir að taka þátt í kosningunum á sunnudag. Mönnunum segjast þeir hafa náð á sitt vald eftir kosningarnar.

**SJÖ LÉTUST Í ÁRÁSUM** Fjórir íraskir þjóðvarðliðar létust í bílsprengjuárás norðvestur af Mosul í gær og einn hermaður til viðbótar lést í bardögum í borginni. Tveir lögreglumenn létust þegar sprengja sem þeir reyndu að gera óvirka sprakk í höndum þeirra í Irbil.




## Veðrið

**HVASST FRAM EFTIR ÖLLUM DEGI**
Hvassviðri af suðvestri er í kortunum. Heldur þó hægari vindur norðaustan til. Vætusamt vestan til en skýjað með köflum fyrir austan. Hægt kólnandi veður.

**HORFUR UM HELGINA:**
Frost á laugardag með hægum vindi. Stöku él vestan til en bjart austan til. Hlýnar undir kvöld. Á sunnudag verður orðið frostlaust á landinu með fremur hægri vestlægri átt og súld vestan til en bjartara veðri fyrir austan.






Kveðja, Sigurður Ragnarsson, veðurfræðingur

### Veðrið úti í heimi í dag

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 7°C skýjað | Frankfurt | 7°C alskýjað | Torrevieja | 14°C léttskýjað |
| Osló | 6°C léttskýjað | Prag | 2°C alskýjað | Róm | 9°C skýjað |
| London | 11°C léttskýjað | Amsterdam | 9°C léttskýjað | New York | 4°C heiðskírt |
| París | 9°C léttskýjað | Varsjá | 2°C alskýjað | Miami | 26°C skúrir |

Svæði þar sem búast má við talsverði vætu eru skyggð á kortinu. Minniháttar úrkoma er táknuð með dropum. Hitatölur sýna hæstu hitagildi.

# LÍFEYRISSJÓÐUR VERZLUNARMANNA
## Upplýsingar um starfsemi á árinu 2004

### EIGNIR 150,7 MILLJARÐAR
Eignir sjóðsins námu 150,7 milljörðum í árslok og hækkuðu um 27 milljarða á árinu eða um 22%. Á árinu 2004 greiddu 44.577 sjóðfélagar til sjóðsins og námu iðgjaldagreiðslur alls 8.959 mkr. Þá greiddi 6.601 fyrirtæki til sjóðsins vegna starfsmanna sinna.

### ÁVÖXTUN 16,4%
Ávöxtun á árinu 2004 var 16,4% sem samsvarar 12,1% raunávöxtun sem er sama raunávöxtun og á árinu 2003. Síðustu tvö ár eru því bestu rekstrarárin í tæplega 50 ára sögu sjóðsins. Ávöxtunin er nú sveiflukenndari samfara hækkandi hlutfalli innlendra og erlendra hlutabréfa í verðbréfasafninu. Til lengri tíma litið mun hærra hlutfall hlutabréfa skila sjóðnum betri raunávöxtun en ef eingöngu hefði verið fjárfest í skuldabréfum.

Ávöxtun skiptist þannig eftir verðbréfaflokkum:
**Innlend hlutabréf:** Raunávöxtun var 72,5% og nafnávöxtun 79,1%. Árleg raunávöxtun innlendu hlutabréfaeignarinnar er 17,9% yfir tímabilið 1980 til ársloka 2004.
**Erlend verðbréf:** Ávöxtun í dollurum var 13,4%. Á móti styrktist íslenska krónan á árinu gagnvart erlendum gjaldmiðlum um 8,4% og gagnvart USD um 14,0%.
**Skuldabréf:** Raunávöxtun var 7,8% á liðnu ári samanborið við 6,7% á árinu 2003.

### TRYGGINGAFRÆÐILEG STAÐA
Tryggingafræðileg úttekt sem miðast við árslok 2004 sýnir að skuldbindingar nema 5,9% umfram eignir. Eignir umfram áfallnar skuldbindingar nema 16,9%.

### VERÐBRÉFAVIÐSKIPTI
Ráðstöfunarfé á árinu 2004 var 42.262 mkr. og nemur aukningin 42% frá fyrra ári. Innlend hlutabréfakaup námu 7.756 mkr. og sala hlutabréfa 10.799 mkr. Kaup á skuldabréfum námu 22.990 mkr. og sala skuldabréfa 9.750 mkr. Erlend verðbréfakaup námu 10.031 mkr.

### SÉREIGNARDEILD - 54% VÖXTUR
Séreignadeildin hefur starfað í 6 ár. Iðgjöld námu 687 mkr. á árinu 2004 samanborið við 658 mkr. árið 2003. Inneignir sjóðfélaga séreignardeildar í árslok 2004 námu 2.964 mkr. sem er hækkun um 54% frá fyrra ári. Ávöxtun nam 16,4% sem samsvarar 12,1% raunávöxtun. Alls áttu 27.218 einstaklingar inneignir í árslok.

### EFNAHAGSREIKNINGUR Í ÁRSLOK

| Í milljónum króna | 2004 | 2003 |
|---|---|---|
| Innlend skuldabréf | 61.931 | 55.575 |
| Sjóðfélagalán | 20.629 | 19.655 |
| Innlend hlutabréf | 24.985 | 16.009 |
| Erlend verðbréf | 36.808 | 27.960 |
| **Verðbréf samtals** | **144.353** | **119.199** |
| Bankainnistæður | 4.384 | 2.914 |
| Eignarhluti í Húsi verslunarinnar | 293 | 305 |
| Rekstrarfjármunir og aðrar eignir | 70 | 73 |
| Skammtímakröfur | 1.811 | 1.433 |
| Skammtímaskuldir | -209 | -267 |
| **Hrein eign sameignardeild** | **147.738** | **121.735** |
| **Hrein eign séreignardeild** | **2.964** | **1.922** |
| **Samtals hrein eign** | **150.702** | **123.657** |

### YFIRLIT YFIR BREYTINGAR Á HREINNI EIGN

| Í milljónum króna | 2004 | 2003 |
|---|---|---|
| Iðgjöld | 8.959 | 8.248 |
| Lífeyrir | -2.645 | -2.351 |
| Fjárfestingartekjur | 20.991 | 16.023 |
| Fjárfestingargjöld | -157 | -132 |
| Rekstrarkostnaður | -156 | -135 |
| Aðrar tekjur | 53 | 47 |
| **Hækkun á hreinni eign á árinu** | **27.045** | **21.700** |
| Hrein eign frá fyrra ári | 123.657 | 101.957 |
| **Hrein eign til greiðslu lífeyris** | **150.702** | **123.657** |

### KENNITÖLUR

| | 2004 | 2003 |
|---|---|---|
| Raunávöxtun | 12,1% | 12,1% |
| Hrein raunávöxtun | 12,0% | 12,0% |
| Hrein raunávöxtun (5 ára meðaltal) | 4,1% | 4,1% |
| Hrein raunávöxtun (10 ára meðaltal) | 6,4% | 5,9% |
| Rekstrarkostnaður í % af iðgjöldum | 1,25% | 1,16% |
| Rekstrarkostnaður í % af eignum | 0,08% | 0,08% |
| Lífeyrir í % af iðgjöldum | 31,7% | 30,8% |
| Greiðandi sjóðfélagar | 44.577 | 42.074 |
| Lífeyrisþegar | 6.712 | 6.165 |
| Greiðandi fyrirtæki | 6.601 | 6.261 |
| Stöðugildi | 26,6 | 26,5 |

### HÖFUÐSTÓLL Í MILLJÓNUM




### SKIPTING VERÐBRÉFAEIGNAR




### SÉREIGN Í MILLJÓNUM




### LÍFEYRISRÉTTINDI
Sjóðurinn skiptist í sameignar- og séreignardeild. Sameignardeildin greiðir ellilífeyri, örorku-, maka- og barnalífeyri. Greiðsla í séreignardeild sjóðsins veitir góða viðbót við þau réttindi sem sameignardeildin veitir.

### LÍFEYRISGREIÐSLUR
Á árinu 2004 nutu 6.990 lífeyrisþegar lífeyrisgreiðslna að fjárhæð 2.645 milljónir samanborið við 2.351 milljón árið áður, en það er hækkun um 12,5%. Lífeyrisgreiðslurnar eru verðtryggðar og taka mánaðarlega breytingum vísitölu neysluverðs.

Elli-, örorku- og makalífeyrisgreiðslur eru í réttu hlutfalli við iðgjöld til sjóðsins, þ.e. hærri iðgjöld gefa hærri lífeyri.


LÍFEYRISSJÓÐUR VERZLUNARMANNA

**Húsi verslunarinnar, 4. og 5. hæð**
**Sími 580-4000 myndsendir 580-4099**
**Afgreiðslutími frá 8:30 - 16:30**

**Heimasíða: www.live.is**

**Netfang: skrifstofa@live.is**


### ÁRSFUNDUR
Ársfundur sjóðsins verður haldinn mánudaginn 11. apríl nk. kl. 17 í Hvammi á Grand Hótel. Fundurinn verður nánar auglýstur síðar.

### STJÓRN

Víglundur Þorsteinsson, formaður
Gunnar P. Pálsson, varaformaður
Benedikt Kristjánsson
Benedikt Vilhjálmsson
Birgir R. Jónsson
Ingibjörg R. Guðmundsdóttir
Jóhanna E. Vilhelmsdóttir
Tryggvi Jónsson

Forstjóri er Þorgeir Eyjólfsson



## KJÖRKASSINN

*Átt þú lopapeysu?*

**Niðurstöður gærdagsins á visir.is**

| | |
|---|---|
| Já | 61,07% |
| Nei | 38,93% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Ertu búin(n) að fá flensuna?*

Farðu inn á fréttahluta visir.is og segðu þína skoðun

vísir

Heilbrigðisstofnun Suðurnesja:

# Vantar 40 milljónir í sólarhringsskurðstofu

**HEILBRIGÐISMÁL** „Eitt af okkar forgangsverkefnum er að reyna að bæta þannig úr vaktakerfi hjá okkur að hér séu vaktir á skurðstofu alla daga ársins," sagði Sigríður Snæbjörnsdóttir framkvæmdastjóri Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja.

Aðfaranótt 21. janúar lést barn, en flytja þurfti móðurina frá Keflavík til Reykjavíkur, þar sem skurðstofa á Suðurnesjum var ekki opin. Höfuð barnsins klemmdi naflastrenginn og þar með lífæð barnsins. Konan var flutt í flýti til Reykjavíkur.

„Lokun skurðstofu er vegna hagræðingar. Við höfum unnið að okkar framtíðarsýn. Þetta er eitt af því sem verður að vera til staðar ef við viljum hafa heilbrigðisþjónustu til framtíðar sem stenst allar kröfur."

Það myndi kosta fjörutíu milljónir á ári að hafa skurðstofu opna allan sólarhringinn, allt árið. **- jss**



**SIGRÍÐUR SNÆBJÖRNSDÓTTIR**
Unnið að því að koma á vöktum á skurðstofu alla daga vikunnar.

## EVRÓPA

**SVELTI KJÚKLINGANNA** Austurrísk yfirvöld hafa hafið rannsókn á starfsháttum þarlends bónda eftir að þrjú þúsund kjúklingar fundust dauðir úr hungri á býli hans. Að auki þurftu dýralæknar að slátra um þúsund kjúklingum sem voru svo langt leiddir af sveltinu að ekki þótti ráðlegt að reyna að bjarga þeim. Ekki er vitað af hverju kjúklingarnir voru svona langt aðframkomnir af hungri.

**SPRENGJUÁRÁS Í GORI** Fimm manns létu lífið þegar öflug bílsprengja sprakk fyrir utan lögreglustöð í bænum Gori í Georgíu. Gori liggur nærri Suður-Ossetíu-héraði en heimamenn þar vilja losna undan yfirráðum Georgíu.



**HERMENN Á GÖTUM ÚTI**
Hermenn var víða að sjá á götum Katmandú, höfuðborgar Nepals, eftir valdatöku konungs.

Ríkisstjórninni vikið:

# Tók völdin í sínar hendur

**NEPAL, AP** Gyanendra, konungur Nepals, vék í gær ríkisstjórn sinni úr embætti og lýsti yfir neyðarástandi. Þetta er í annað skipti á þremur árum sem hann tekur öll völd í sínar hendur. Hermenn umkringdu heimili forsætisráðherrans en konungurinn neitaði því að um valdarán væri að ræða.

Gyanendra komst til valda árið 2001 eftir að fyrri konungur, Birendra bróðir hans, var myrtur ásamt níu ættingjum sínum af syni konungs sem virðist hafa gengið berserksgang. Eftir það hefur verið mikil togstreita milli konungs og ríkisstjórnar. ■

# Mikil grimmdarverk en ekki þjóðarmorð

**Lögmannanefnd á vegum Sameinuðu þjóðanna segir atburðina í Darfur ekki vera þjóðarmorð. Það dragi þó ekki úr því að mikil grimmdarverk hafi verið unnin í héraðinu og fyrir þau þurfi að draga þá seku til ábyrgðar.**

**SÞ, AP** Súdönsk stjórnvöld og janjaweed vígasveitirnar stóðu að fjöldamorðum, pyntingum, nauðgunum og öðrum óhæfuverkum í Darfurhéraði en eru ekki sek um þjóðarmorð samkvæmt skýrslu nefndar á vegum Sameinuðu þjóðanna sem rannsakaði atburði í Darfur.

Ástæðan fyrir því að nefndin kemst að þeirri niðurstöðu að ekki hafi verið um þjóðarmorð að ræða er sú að nefndarmönnunum fimm þótti ekki sýnt fram á að stjórnvöld hefðu tekið ákvörðun um þjóðarmorð.

„Sú niðurstaða að stjórnvöld hafi ekki fylgt og hrint af stað þjóðarmorðsstefnu í Darfur dregur ekki að nokkru leyti úr alvöru þeirra glæpa sem hafa verið framdir í héraðinu," segir í skýrslu nefndarinnar.

Talið er að hersveitir og janjaweed vígasveitir sem starfa með stjórnvöldum hafi myrt þúsundir óbreyttra borgara. Að auki er talið að 70 þúsund manns hafi látist úr sjúkdómum og hungri auk þess sem tvær milljónir manna flýðu heimili sín vegna árása vígasveita og hermanna.

„Brotin sem greint er frá í skýrslunni hafa ekki verið sönnuð og byggja á upplýsingum sem litast af afstöðu manna," sagði Mohamed Osman Yassin, dómsmálaráðherra Súdans, þegar hann gagnrýndi niðurstöðu nefndarmanna. Hann gaf lítið fyrir hana og sagði hana undir áhrifum frá ummælum Kofi Annan, aðalritara Sameinuðu þjóðanna, og bandarískra stjórnvalda.

Skýrsluhöfundar segja að þótt ekki hafi verið um þjóðarmorð að ræða af hálfu stjórnvalda sé ekki útilokað að ákveðin verk teljist til þjóðarmorða.

Í skýrslunni er gerð grein fyrir mannréttindabrotum í Darfur og lagt til að þeir sem bera ábyrgð á þeim verði dregnir fyrir Alþjóðaglæpadómstólinn í Haag. Þetta veldur nokkrum deilum. Frakkar taka undir tillöguna en Bandaríkjamenn þykja líklegir til að leggjast gegn henni því þó að þeir hafi kvartað undan þjóðarmorðum í Darfur eru þeir mjög andvígir dómstólnum. Óvíst er með afstöðu Breta en þarlendir embættismenn vildu engu svara í gær. ■



**Á FLÓTTA FRÁ GRIMMDARVERKUM**
Um tvær milljónir manna flýðu heimili sín í Darfur undan árásum hermanna og vígamanna sem styðja stjórnvöld.






Skjálftinn við Austurland:

# Sá stærsti á svæðinu

**HRÆRINGAR** Jarðskjálftinn sem varð utan við Austurland í fyrrakvöld er sá stærsti sem mælst hefur á þessu svæði að sögn Ragnars Stefánssonar, jarðskjálftafræðings hjá Veðurstofu Íslands. Skjálftinn var 5,2 stig á Richter kvarða og upptök hans voru um 200 kílómetra út undan Austurlandi.

Ragnar segir að vitað sé til þess að það hafi orðið skjálftar þarna af og til, síðast árin 1988 og 1989 þegar stærstu skjálftarnir mældust 4,5 á Richter en síðan þá hafi verið lítið um að vera þar til nú. „Þetta er langt utan við okkar skjálftabelti," segir Ragnar, „en reyndar eru gamlir úthafshryggir þarna nálægt og það getur vel verið að skjálftarnir tengist hæðamismun á landslagi á sjávarbotni við landvegsbrúnina."

Skjálftans varð vart víða um Austurland, meðal annars á Eskifirði, Norðfirði, og Reyðarfirði. Níels Hjálmarsson, lögreglumaður í Neskaupstað, segir að fólk hafi orðið misjafnlega vart við skjálftann eftir því hvar það var statt í bænum en hann hefur engar tilkynningar fengið um að hann hafi valdið nokkrum skemmdum. **- bs**



**UPPTÖK SKJÁLFTANS**
Upptökin urðu um 200 kílómetra fyrir utan landið og skjálftans varð vart víða um Austurland.



**HJARTAMAGNYL**
Notendur hjartamagnyls höfðu haft samband við blaðið og lýst áhyggjum sínum af því að hjartamagnyl væri ekki til í apótekum.

Hjartamagnyl:

# Skortur úr sögunni

**LYFJAMÁL** Ný sending af hjartamagnyli er nú komin til landsins og í dreifingu, þannig að ekki kemur til skorts í lyfjaverslunum, samkvæmt upplýsingum frá Lilju Valdimarsdóttur sem starfar á markaðssviði lyfjafyrirtækisins Actavis.

Tafir urðu á framleiðslu lyfsins í verksmiðju Actavis á Möltu, að sögn Lilju, en nú er sendingin komin hingað til lands og farin í dreifingu til smásala.

Þórbergur Egilsson, sem vinnur á markaðssviði Lyfju, sagði að hjartamagnylið hefði verið rétt við það að klárast í mörgum lyfjaverslunum Lyfju þegar blaðið ræddi við hann í gær. **- jss**

VILTU SPARA - VILTU GRÆÐA

# RISA ÚTSALA

## Ingvar Helgason Notaðir bílar

Síðustu dagar útsölunnar
Allt að 150.000 kr.
aukaafsláttur af völdum bílum

Höfum bætt við 50 bílum!

**VERÐDÆMI**



AFSL. 500 ÞÚS.

Opel Astra Coupe
Skráður 02/03 ekinn 32 þ. km
Verð kr. 2.180 þ.kr.
Útsöluverð kr. 1.680 þ.

**VERÐDÆMI**



AFSL. 320 ÞÚS.

Opel Zafira Comfort
Skráður 10/02 ekinn 54 þ. km
Verð kr. 1.790 þ.kr.
Útsöluverð kr. 1.470 þ.

**VERÐDÆMI**



AFSL. 310 ÞÚS.

Opel Astra Station 1.2
Skráður 03/01 ekinn 68 þ. km
Verð kr. 990 þ.kr.
Útsöluverð kr. 680 þ.

**VERÐDÆMI**



AFSL. 300 ÞÚS.

MMC Pajero 3200 DI-D
Skráður 06/00 ekinn 95 þ. km
Verð kr. 2.880 þ.kr.
Útsöluverð kr. 2.580 þ.

# 100% lánamöguleikar

Söluráðgjafar notaðra bíla sími 525 8020



**Pétur Björnsson**
sölustjóri.
Sími 525 8000
**Netfang:**
petur@ih.is



**Guðmundur J. Ólafsson**
söluráðgjafi.
Sími 525 8022.
**Netfang:**
gudmundur@ih.is



**Garðar Már Garðarsson**
söluráðgjafi.
Sími 525 8027.
**Netfang:**
gardar@ih.is



**Ragnar Borgþórsson**
söluráðgjafi.
Sími 525 8029.
**Netfang:**
ragnarb@ih.is



**Sigurður Ófeigsson**
söluráðgjafi.
Sími 525 8028.
**Netfang:**
siggi@ih.is

Veitingar í boði

Heppnir viðskiptavinir geta unnið
bensínkort
frá

Meira fyrir peninginn



## VEISTU SVARIÐ?

1 *Hver fékk flestar tilnefningar til Íslensku tónlistarverðlaunanna í ár?*

2 *Hvað var sekt olíufélaganna vegna verðsamráðs lækkuð um margar milljónir?*

3 *Hvar þurfti að leggja niður kennslu, þar sem allir kennarar voru veikir?*

SVÖRIN ERU Á BLS. 30

Veiðar án kvóta:

# Einn játar sök

**DÓMSMÁL** Ákæra ríkislögreglustjóra á hendur þrem mönnum, sem er gefið að sök að hafa veitt yfir 116 tonn af þorski án veiðiheimilda, var tekin fyrir í Héraðsdómi Reykjaness í gær.

Mennirnir höfðu allir aðkomu að fyrirtækinu Snoppu ehf. sem gerði út Aðalvík SH443 frá Ólafsvík. Í ákæru eru brotin sögð hafa átt sér stað á tímabilinu 3. september 2001 til 27. mars 2002. Stjórnarformaður Snoppu ehf. gengst við sakargiftum að því undanskildu að hann gerir athugasemdir við fjölda veiðiferða sem eru tilgreindar í ákæru og segir að ólöglegar veiðiferðir hafi í mesta lagi verið ein til tvær.

Skipstjóri Aðalvíkur játar að vera sekur um gáleysisbrot. Hann hafi sem skipstjóri á umræddu tímabili borið ábyrgð í málinu en verjandi hans krefst sýknudóms á þeim forsendum að brotið sé fyrnt að lögum.

Þriðji sakborningur neitar sakargiftum. Hann ber að hafa verið skráður framkvæmdastjóri Snoppu ehf. til málamynda frá 17. desember 2001 en hafi hins vegar ekkert haft með rekstur félagsins að gera.

Aðalmeðferð málsins hefst í mars. - bs



**ÚR DÓMSSAL**
Skipstjóri Aðalvíkur játar á sig gáleysisbrot sem verjandi hans telur fyrnt að lögum og krefst því sýknudóms.

Danmörk:

# Klúbbaðild borgar sig

**SAMKEPPNISMÁL** Bókaútgefendur í Danmörku mega selja bækur mun ódýrar í bókaklúbbum en til bóksala. Þetta er niðurstaða úrskurðarnefndar neytenda þar í landi, en bókaforlögin Gyldendal og Den Danske Forlæggerforening höfðu verið kærð til samkeppnisráðs.

Komst nefndin að þeirri niðurstöðu að ekki væri um ólöglegt samráð að ræða, þegar forlögin senda bækur til bóksala á föstu verði, en veita bókaklúbbsmeðlimum góðan afslátt á sömu bók aðeins sex mánuðum eftir útgáfu hennar. ■

Stúdentaráð:

# Nýtt framboð

**STÚDENTAR** Nýtt stúdentafélag hefur tilkynnt þátttöku sína í kosningum til Stúdentaráðs Háskóla Íslands og ber heitið Alþýðulistinn. Í fréttatilkynningu listans segir að tilgangur Stúdentaráðs sé að verja hagsmuni stúdenta og Háskólans og eigi að vera laust við öll pólitísk hagsmunatengsl, sem hafi því miður ekki verið raunin í gegnum tíðina.

Með framboði Alþýðulistans eru stúdentafélögin sem bjóða fram lista til Stúdentaráðs orðin fjögur, en fyrir eru Vaka, Röskva og Háskólalistinn. - bs

## SUÐUR-AMERÍKA

**RÉÐUST Á HERSTÖÐ** Vinstrisinnaðir uppreisnarmenn felldu fjórtán kólumbíska hermenn þegar þeir skutu heimatilbúnum eldflaugum á herstöð. Árásin er sú mannskæðasta sem FARC, byltingarhreyfing vinstrimanna, hefur gert í tvö ár.

## ASÍA

**FUGLAFLENSA Í KAMBÓDÍU** Hálfþrítug kona lést af völdum fuglaflensu í Kambódíu. Hún er fyrsta manneskjan utan Víetnams til að látast af völdum sjúkdómsins í síðustu öldu hans sem hefur riðið yfir undanfarið.

# Ríkið eykur umsvifin

**Ríkisstofnunum hefur fjölgað og rekstur þeirra aukist á undanförnum árum, að mati Verslunarráðs Íslands. Nýjar stofnanir hafa verið settar á laggirnar, stofnanir hafa fært út kvíarnar og minna boðið út en áður og ríkisfyrirtæki hafa keypt einkafyrirtæki.**

**REKSTUR** Fjölmörg dæmi eru um aukin umsvif ríkisstofnana, dæmi um rekstur sem hægt hefði verið að einkavæða. Flugmálastjórn keypti til dæmis nýlega fjarskiptastöðina í Gufunesi af Símanum og stofnaði fyrirtækið Flugfjarskipti sem er að fullu í eigu Flugmálastjórnar.

Þvottahús Landspítala-háskólasjúkrahúss rekur saumastofu sem útbýr spítalanum lín. Það leigir líka út lín til annarra aðila í stað þess að láta einkaaðila sjá um þvottinn.

Vinnueftirlit ríkisins hefur gert starfsánægjukönnun fyrir Landspítala-háskólasjúkrahús auk þess sem Ríkisendurskoðun hefur gert svipaða könnun hjá starfsmönnum Landhelgisgæslunnar í stað þess að leita til einkafyrirtækis sem sérhæfa sig í gerð slíkra kannana.

Landmælingar Íslands eiga að sinna ákveðinni grunnvinnu eins og viðhaldi og upplýsingagjöf en halda sig fjarri framkvæmdum og framleiðslu gagna í samkeppni við einkafyrirtæki. Í stað þess að hlúa að og styrkja einkafyrirtæki hafa Landmælingar verið í auknni samkeppni við þau.

Allt þetta telur Verslunarráð dæmi um rekstur sem er betur kominn hjá einkafyrirtækjum.

Þór Sigfússon, framkvæmdastjóri Verslunarráðs, segir ástæðu til að hafa áhyggjur af vaxandi umsvifum einstakra ríkisstofnana.

„Við höfum verið að fást við ótrúlega mörg fyrirtæki í eigu ríkisins sem eru í samkeppni við einkafyrirtæki. Auknar kröfur eru um að þessi fyrirtæki skapi sér sértekjur og þess vegna erum við í fleiri tilfellum að sjá ýmsar stofnanir keppa við einkafyrirtæki, til dæmis verkfræðistofur og ráðgjafafyrirtæki.“

Verslunarráð er að vinna tillögur um hvað eigi að gera við fyrirtæki af þessu tagi og vill frekar líta á þau sem sóknarfæri fyrir atvinnulífið.

ghs@frettabladid.is



FRÉTTABLAÐIÐ/RÓBERT

**ÞÓR SIGFÚSSON**
Framkvæmdastjóri Verslunarráðs Íslands. Verslunarráðið er að vinna tillögur um sóknarfæri fyrir einkaframtakið í rekstri sem ríkið sinnir nú.



**GENGIÐ FRÁ SAMNINGUM**
Fimmtán flugfélög hafa pantað nýju þotuna þrátt fyrir óvissu um hvert sé hægt að fljúga henni.

Nýja Airbus-þotan:

# Fær ekki að lenda

**BANDARÍKIN, AP** Airbus A380 er vissulega stærsta farþegaþota heims en það er ekki þar með sagt að það sé hægt að fljúga henni hvert sem er. Ben DeCosta, framkvæmdastjóri alþjóðaflugvallarins í Atlanta, sagði að ekki stæði til að ráðast í betrumbætur á flugvellinum, einum þeim fjölfarnasta í Bandaríkjunum, til að hægt væri að afgreiða nýju þoturnar.

DeCosta sagði að það myndi kosta stórfé að breyta aðstöðunni. Breikka þarf flugbraut og betrumbæta aðstöðu til að hleypa farþegum um borð og frá borði. ■






Ísraelsstjórn gerð afturreka með eignarnám á jörðum Palestínumanna:

# Eignarnámið er ólöglegt

**ÍSRAEL** Menachem Mazuz, ríkissaksóknari Ísraels, hefur fyrirskipað stjórnvöldum að hætta við að taka jarðir Palestínumanna við Jerúsalem eignarnámi. Hann sagði í bréfi sem hann skrifaði Benjamin Netanyahu fjármálaráðherra að stjórnvöld hefðu farið út fyrir valdsvið sitt þegar þau tóku ákvörðun um eignarnámið.

Ríkisstjórn Ísraels ákvað í júní síðastliðnum að taka eignarnámi jarðir Palestínumanna sem komast ekki til þeirra eftir að veggurinn var reistur sem skilur að Ísraela og Palestínumanna. Ákvörðun sína, að sögn stjórnin hélt leyndri, byggði hún á lögum sem sett voru 1950. Samkvæmt þeim má ríkið taka eignarnámi jarðir Palestínumanna sem flúið hafa í útlegð og þurfa engar bætur að koma í staðinn. Með ákvörðuninni vék stjórnin frá stefnu allra ísraelskra ríkisstjórna frá 1967 sem hafa ekki beitt lögunum.

Ríkissaksóknari sagði í bréfi sínu, að því er dagblaðið Haaretz greindi frá, að eignarnám gæti haft áhrif á byggingu veggsins sem hefur sætt gagnrýni Alþjóðadómstólsins í Haag. ■




**EKIÐ FRAM HJÁ MÚRNUM**
Palestínumenn hafa löngum sagt að Ísraelar reyni að gera landsvæði þeirra upptækt með byggingu múrsins.

Ríkissjóður:

# Á minna en hann telur

**RÍKISEIGNIR** Fyrirtækið Barri hf. er ekki í eigu ríkissjóðs.

Fyrirtækið var á lista fjármálaráðherra sem svaraði fyrirspurn um eignarhald ríkisins í hlutafélögum og einkahlutafélögum. Var miðað við eignir 1. desember 2004.

Rúnar Ísleifsson, framkvæmdastjóri Barra, segir 22,4 prósenta hlut ríkisins hafa verið seldan að undangengnu útboði Ríkiskaupa. Gengið hafi verið frá kaupunum í janúar 2004.

Guðmundur I. Guðmundsson, yfirlögfræðingur Ríkiskaupa, staðfestir að hluturinn í Barra hafi verið seldur Félagi skógarbænda á Héraði fyrir tæpar 4,1 milljón. - gag

## LÖGREGLUFRÉTT

**INNBROT Á SELFOSSI** Þrír menn brutust inn á heimili á Selfossi á sunnudagsmorgun. Húsráðendur vöknuðu við þrusk, komu að drukknum manni og reyndu að vísa honum út. Komu þá tveir félagar hans og sóttu hann. Lögregla kom að mönnunum skammt frá húsinu. Á leið á lögreglustöð réðust tveir mannanna á lögreglumennina sem yfirbuguðu þá fljótt.

## NORÐURLÖND

**ÁREKSTUR Í HAFI** Sænskt flutningaskip lenti í árekstri við pólskt farþegaskip fjórtán kílómetra úti af strönd Svíþjóðar. 140 farþegar og 79 áhafnarmeðlimir voru á skipunum tveimur og sluppu allir án meiðsla. Skemmdir á skipunum voru litlar.

# CR-V

**HONDA**
The Power of Dreams

## 4x4xfjölskyldubíll



**Verðlaun**

- Eftirsóttasti borgarjeppinn í sínum flokki (Edmunds.com)
- Bestu kaupin í sínum flokki (IntelliChoice)
- Hæsta endursöluverðið í sínum flokki (Automotive Lease Guide)
- Fyrsti borgarjeppinn til að fá 5 stjörnur í fram- og hliðarárekstrarprófi (NHTSA)

→ Fullbúinn CR-V LS, verð aðeins
**2.749.000** kr.
**35.160** á mánuði*

* Bílasamningur Lýsingar - 10% innborgun og eftirstöðvar á 84 mánuðum. ** Bíll á mynd er CR-V Executive

HÉR & NÚ / SÍA

**Komdu í Bernhard, Vatnagörðum og kynntu þér bestu kaupin á borgarjeppa í dag** honda.is

Nýr Honda CR-V er kominn á götuna. Áreiðanlegur, aflmikill og tæknibúinn, endurhannaður að innan sem utan. Fram- og hliðarloftpúðar, ABS hemlar, ásamt vali um spólvörn, skrikvörn og loftpúðagardínur er meðal þeirra þátta sem tryggja öryggi og aksturseiginleika eins og best verður á kosið. CR-V kemur á 16 tommu felgum með nýtt drifkerfi og endurbætta fjöðrun sem gerir hvern leiðangur leikandi léttan. Hvort sem þú ætlar að skjótast út í búð eða stinga af úr bænum, fjölhæfur CR-V rennir þér léttilega á staðinn. Sestu inn og uppgötvaðu allt rýmið fyrir fjölskylduna, vinina og farangurinn sem fylgir.
**Honda CR-V enn betur búinn, ný tækni og ný hönnun á ótrúlega góðu verði.**

BERNHARD
Vatnagarðar 24-26 • Sími 520 1100
**www.bernhard.is**

Umboðsaðilar: Reykjanesbær, Bílavík, sími 421 7800 - Akranes, Bílver, sími 431 1985 - Akureyri, Höldur, sími 461 6020 - Vestmannaeyjar, Bragginn, sími 481 1535

Viðskiptaráðherra um lög um viðskiptaumhverfi:

# Vill lögin samþykkt á árinu



**VALGERÐUR SVERRISDÓTTIR.** Mun mæla fyrir frumvarpi til breytinga á lögum um íslenskt viðskiptaumhverfi á næstunni.

**LAGABREYTINGAR** Viðskiptaráðherra mun á næstu dögum leggja fram þrjú frumvörp til laga um íslenskt viðskiptaumhverfi. Valgerður Sverrisdóttir iðnaðar- og viðskiptaráðherra segir að frumvörpin séu samin á grundvelli niðurstöðu nefndar um viðskiptaumhverfi sem skilaði skýrslu síðastliðið haust.

„Frumvörpin eru í þrennu lagi og varða í fyrsta lagi óréttmæta viðskiptahætti og gagnsæi markaðarins, í öðru lagi Neytendastofu og talsmann neytenda og í þriðja lagi samkeppnislög,“ segir Valgerður.

Ef frumvörpin verða að lögum munu þau hafa töluverðar breytingar í för með sér, að sögn Valgerðar, sérstaklega hvað varði eftirlit með markaðinum og viðskiptalífinu.

Frumvörpin gera ráð fyrir auknu fjármagni til samkeppniseftirlits og sett verður á fót sérstök stofnun með því heiti.

„Það er mjög mikilvægt að frumvörpin verði lögð fram sem allra fyrst enda höfðum við vonast til þess að lögin tækju gildi á þessu ári,“ segir Valgerður. **- sda**



**STÆRÐARMUNUR**
Varðskipin eru ekki lengur stærri og öflugri en önnur skip. Þau eru áratugagömul og frá því þau voru smíðuð hafa orðið miklar breytingar á öðrum skipum.

# Ekki alltaf hægt að bíða

**Skipherra hjá Landhelgisgæslunni segir miklar breytingar hafa orðið síðan nýjustu varðskipin voru smíðuð fyrir 30 og 37 árum.**

**BJARGANIR** „Það er mjög sérstakt að bæði skipin skulu hafa verið á svipuðum slóðum þegar stýrið datt af Dettifossi,“ sagði Halldór Nellet skipherra á varðskipinu Ægi.

„Týr var fyrir austan að fylgjast með norsku loðnuveiðiskipunum og við á austurleið að leysa Tý af.“ Aðspurður um hvort annað varðskipanna hefði getað komið Dettidossi til hafnar í því veðri sem var með björgun stóð yfir, svaraði Halldór, að það hefði verið öðru varðskipanna ofviða.

Halldór skipherra sagði brýnt að Landhelgisgæslan fengi öflugt dráttar- og björgunarskip. „Fyrir okkur sem vinnum við þetta skiptir engu hvort skip verði keypt eða leigt, bara ef við fáum gott skip.“ Hann segir aðstæður í dag gjörbreyttar frá því að Ægir og Týr voru keypt fyrir 30 og 37 árum. Þá voru flutninga- og fiskiskip að öllu jöfnu mun minni en í dag. „Okkur hlýtur að vera í fersku minni þegar eitt af okkar stærstu fiskiskipum strandaði við suðurströndina á síðasta ári. Þá urðum við að bíða í nokkra daga eftir björgunarskipi frá Noregi. Það er ekki víst að aðstæður verði alltaf þannig að við getum beðið með björgunaraðgerðir í nokkra daga. Hvað getur gerst ef stórt skip verður vélavana út af ströndum landsins og á er álandsvindur, höfum við þá tíma til að bíða eftir skipi frá Noregi?“

Halldór bendir einnig á að með vaxandi flutningum á Norður-Atlandshafi sé brýnna en oftast áður að vera með stórt og vel búið skip. „Norðmenn eru að stórefla sinn dráttarskipaflota þar sem þessi umferð er við strendur þeirra. Stór hluti af þessari umferð fer svo um íslenska mengunarlögsögu suður af landinu, á leið vestur um haf. Við verðum að vera á verði og leggja metnað okkar í að hafa hér öflugt dráttar- og björgunarskip,“ segir skipherrann á Ægi að lokum. **- eg**

Dettifoss:

## Fer til Rotterdam

**EIMSKIP** Þýskt dráttarskip sem mun draga Dettifoss til Rotterdam er væntanlegt til hafnar á Eskifirði á morgun. Að sögn Höskuldar H. Ólafssonar, aðstoðarforstjóra Eimskips, var skipið pantað á sunnudag þar sem ljóst var að draga þyrfti skipið utan til viðgerðar.

„Það var fyrirséð að okkar varðskip væru ekki í stakk búin til að draga Dettifoss á milli landa nema við mjög góðar aðstæður,“ segir Höskuldur. **- hrs**



FRÉTTABLAÐIÐ/LANDHELGISGÆSLAN

**TÝR MEÐ DETTIFOSS Í TOGI**

FSR FRAMKVÆMDASÝSLA RÍKISINS
LANDSPÍTALI

Samkeppni
Landspítali-háskólasjúkrahús
Samkeppni um skipulag – forval 13765

Framkvæmdasýsla ríkisins, fyrir hönd Landspítala - háskólasjúkrahúss, óskar eftir áhugasömum teymum sérfræðinga, til að taka þátt í forvali, vegna lokaðrar samkeppni um skipulag á spítalasvæðinu. Forvalið hefur verið formlega auglýst og eru forvalsgögn nú eingöngu aðgengileg á heimasíðu Ríkiskaupa: www.rikiskaup.is
Forvalsgögn eru bæði á ensku og íslensku.

Lykildagsetningar forvalsins eru:

Skilafrestur fyrirspurna í forvali 27. febrúar 2005 kl. 16:00.
Skilafrestur umsókna í forvali 8. mars 2005 kl. 16:00.
Samkeppnisgögn afhent 20. apríl 2005 kl. 16:00.
Skilafrestur samkeppnistillagna 1. september 2005 kl. 16:00.

RÍKISKAUP
Borgartúni 7 • 105 Reykjavík • Sími 530 1400 • Fax 530 1414
Veffang: www.rikiskaup.is
Netfang: rikiskaup@rikiskaup.is

ÚTSALA Í MÚRBÚÐINNI
Allt að 60% afsláttur út þessa viku
2,5 lítrar
Marmarahvít innimálning, gljástig 7
670 kr.
Verð áður kr. 964,-
10% afsláttur af öðrum málningarvörum
555 hluta verkfærasett
1.985 kr.
Verð áður kr. 2.963,-
Stigar og tröppur 30% afsláttur
KETER verkfærakassi 16"
395 kr.
Verð áður kr. 790,-
Velkomin á Smiðjuveg 72
Opið mán-fös kl. 8-18 laugard. kl. 9-15
MÚRBÚÐIN
Smiðjuvegur 72 · 200 Kópavogur · Sími 544 5470 · Fax 544 5471 · sala@murbudin.is · www.murbudin.is

Dómari segir herdómstóla í Guantanamo ólöglega:

# Stríða gegn stjórnarskránni

**BANDARÍKIN, AP** Þeir fangar í Guantanamo sem þess óska geta kært vist sína þar til almennra dómstóla í Bandaríkjunum. Þannig hljóðar úrskurður bandarísks alríkisdómara sem kvað upp úr um lögmæti þess að stjórnvöld halda föngum sem tengjast al-Kaída og Talibönum án dóms og laga í herstöð á Kúbu.

Joyce Hens Green dómari gagnrýndi Bandaríkjastjórn fyrir að neita föngunum um að nýta sér lagaleg réttindi sín. Hún sagði að hæstiréttur Bandaríkjanna hefði kveðið skýrt upp úr með það í fyrra að fangarnir ættu rétt á að dómstólar tækju mál þeirra fyrir. Bandaríkjastjórn brást hins vegar við með því að setja upp sérstaka herdómstóla til að kveða upp úr um hvort fangarnir væru erlendir vígamenn. Þetta sagði Green brjóta gegn stjórnarskránni, sérstaklega þar sem fangarnir nytu ekki lögfræðiráðgjafar og fengju ekki að vita um sum þeirra sönnunargagna sem eru notuð gegn þeim.

Niðurstaða Green er í andstöðu við niðurstöðu annars alríkisdómara sem komst fyrir skömmu að þeirri niðurstöðu að herdómstólarnir stríddu ekki gegn stjórnarskránni. ■




**FANGABÚÐUNUM Í GUANTANAMO MÓTMÆLT**
Mannréttindasamtök um heim allan hafa gagnrýnt fangabúðirnar í Guantanamo sem reknar eru þvert á alþjóðalög.

Bandarískir unglingar:

# Málfrelsið er of mikið

**BANDARÍKIN.** Málfrelsi er of mikið og of langt er gengið í bandarísku stjórnarskránni til að vernda málfrelsið. Þetta er afstaða meira en þriðjungs bandarískra framhaldsskólanema samkvæmt nýrri skoðanakönnun. Að auki er tæplega þriðjungur nemenda ósammála því fólk fái að tjá óvinsælar skoðanir.

Könnunin, sem unnin var fyrir Knight stofnunina sem berst fyrir málfrelsi, leiðir einnig í ljós að 75 prósent nemenda telja ranglega að bannað sé að brenna bandaríska fánann og helmingur telur stjórnvöldum heimilt að ritskoða efni á netinu. ■

## NORÐURLÖND

**GRUNNNÁMIÐ LENGT** Menntamálaráðherra Finna, Tuula Haatainen, hefur lagt til að lengja skyldunám barna um tvö ár. Ef af breytingunni verður, munu unglingar verða skyldugir til náms þar til þeir verða 18 ára og þurfa því annað hvort að leggja fyrir sig menntaskóla- eða iðnnám.

**LÍK 19 MANNA NORÐMENN** Staðfest hefur verið að 19 Norðmenn létust í flóðbylgjunni í Suðaustur-Asíu á annan í jólum. Enn er 67 Norðmanna saknað.

**HÆSTU SKATTAR ESB** Hagstofa Evrópusambandsins hefur reiknað út að Svíar borga hæstu skattana innan sambandsins, eða 51 prósent. Lettar og Litháar borga lægstu skattana, 29 prósent. Að meðaltali borga íbúar innan sambandsins 41 prósent tekna sinna í skatta.



**PANODIL**
Nóg er til af verkja- og hitastillandi í flensutíðinni.

Lyfjaverslanir:

# Flensulyfin rjúka út

**LYFJAMÁL** Gríðarleg sala hefur verið í hinum ýmsu tegundum flensulyfja undanfarnar tvær til þrjár vikur, að sögn Báru Einarsdóttur markaðsstjóra hjá Lyfjum og heilsu.

Flensan er talin vera í hámarki núna og fólk kaupir mikið af verkjastillandi, hóstamixtúrum, nefúða og hálstöflum. Mest notuðu tegundirnar af hóstamixtúru eru uppseldar.

„Ég hafði eftir einum birgja um daginn að ákveðið verkjalyf hefði selst í þreföldu vikulegu magni,“ sagði Bára. Hún sagði þó að nóg væri til af verkjastillandi og hitalækkandi, svo og nefúða og hálstöflum. Þá væri til úrval gagnlegra mixtúra, þótt sú algengasta, pectolin, væri uppseld.

- jss

Mjöll Frigg:

# Bíða eftir mati á fyrirtækinu

Umhverfisráðuneytið hefur ekki fengið gögn frá Umhverfisstofnun. Stofnunin gefur ráðuneytinu umsögn um hvort klórframleiðandinn Mjöll Frigg fái tímabundið starfsleyfi til vinnslunnar í Kópavogi. Fyrirtækið hyggst reyna að fá skipulagi svæðisins breytt. Búist er við upplýsingunum næstu daga og verður ákvörðun tekin í kjölfar þess. ■




ENNEMM / SÍA / NM15063

Fáðu ráðgjöf um hvaða þjónusta hentar þínu fyrirtæki í næsta útibúi KB banka.

KB ATVINNULÍF

Sérsniðin þjónusta fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki

KB banki býður rekstraraðilum smærri og meðalstórra fyrirtækja persónulega, faglega og skjóta þjónustu í fjármálum, hvort heldur er á sviði rekstrar eða einkafjármála.

• Viðskiptareikningur • Innheimtuþjónusta • Ábyrgðir • Atvinnutryggingar VÍS • Starfsmannatryggingar
• Rekstrarleiga atvinnuhúsnæðis • Fjármögnun atvinnutækja • Kreditkort • Innlán • Útlán

KB BANKI – kraftur til þín!

EFTIRMÁL: BRENNUVARGUR Í VESTURBÆNUM

## Sökudólgurinn ófundinn

Kveikt var í fjölda bifreiða í austur- og vesturbæ Reykjavíkur á stuttu tímabili síðastliðið sumar og var talið að sömu aðilar væru að verki í hvert skipti. Íkveikjufaraldurinn náði sjálfsagt hámarki aðfaranótt 5. ágúst þegar kveikt var í fjórum bifreiðum við Víðimel og gerðar tilraunir til að kveikja í bílum við Reynimel og Grenimel.



**Sökudólgurinn ófundinn**
Enn hefur enginn verið handtekinn að sögn Óskars Sigurðssonar lögreglufulltrúa og fátt gefur sérstaka ástæðu til að ætla að svo verði í allra nánustu framtíð, þó menn lifi alltaf í voninni. Ekki liggur fyrir hvort einn eða fleiri hafi verið að verki í málinu og enginn vitni eru að íkveikjunum. Síðan í haust hafa þó engar sambærilegar íkveikjutilraunir verið gerðar í Reykjavík, svo vitað sé, en einstaka sinnum koma þó slík mál upp. Lögreglan bendir fólki sem kann að búa yfir upplýsingum vegna málsins að hafa samband við sig.

**Svipuð aðferð**
Að sögn Óskars var notuð svipuð aðferð við allar íkveikjurnar. Svo virðist sem bílarnir sem kveikt var í hafi allir verið ólæstir og brennuvargurinn því átt hægt um vik að setja pappír í bílsætin og kveikja í. Engu var stolið úr bílunum sem bendir til þess að spellvirkin hafi verið unnin af hreinni skemmdarfýsn. Allir bílarnir gjöreyðilögðust í eldsvoðunum.

### SVONA ERUM VIÐ



2.517 HLUTA- OG EINKAHLUTAFÉLÖG VORU STOFNUÐ Á SÍÐASTA ÁRI
Heimild: Hagstofan

### SJÓNARHÓLL
VALDARÁN Í KÓPAVOGI



ÞÓRNÝ JÓNSDÓTTIR

## Valdabarátta fælir fólk frá

„Ég hef lesið fyrirsagnir í blöðunum en lítið sett mig inn í málið að öðru leyti," segir Þórný Jónsdóttir, verslunarstjóri í Hans Petersen í Kópavogi, um valdarán eiginkvenna bræðranna Páls og Árna Magnússona í Framsóknarflokknum í bænum.
Þórný býr í Reykjavík en hefur starfað lengi í Kópavogi og þekkir marga Kópavogsbúa. Hún segir að sér lítist ekki á hið meinta valdarán ef rétt sé að það hafi átt sér stað.
„Ef mennirnir þeirra eru á þingi og annað þá eru það nóg völd í einum flokki og á heimilum þessara fjölskyldna. Konur eiga að standa saman og efla sig í stjórnmálum, þær eiga ekki að blanda körlunum sínum inn í þetta þó þeir séu í valdastöðum."
Stjórnmál snúast um völd og valdabaráttu og Þórný segist dást að þeim sem nenna að vera í stjórnmálum. „Öll valdabarátta fælir fólk frá, bæði Framsóknarflokknum og stjórnmálum yfirleitt. Þetta er slæm ímynd fyrir flokkinn."

# Tíu rúður á mánuði

**Færri skemmdarverk eru unnin á strætóskýlum á Íslandi en annars staðar í heiminum. Að meðaltali eru tíu rúður brotnar á mánuði, sem þykir lítið. Hver rúða kostar 20 þúsund krónur. Tryggingafélögin vilja ekki tryggja skýlin. Einkaspæjarar vakta strætóskýlin í Árósum í Danmörku, þar sem 50 til 60 rúður eru brotnar um hverja helgi.**



EINAR HERMANNSSON
„Við erum sjálfsagt með lægstu tíðni í heiminum hvað varðar skemmdarverk á skýlum." Hér eru um tíu rúður brotnar í mánuði en í Árósum í Danmörku eru að jafnaði brotnar 50 til 60 rúður um hverja helgi.

„Þetta er ekki mikið vandamál hér. Við erum sjálfsagt með lægstu tíðni í heiminum hvað varðar skemmdarverk á skýlum," segir Einar Hermannsson, framkvæmdastjóri AFA JCDecaux Ísland, sem á og rekur strætóskýlin á höfuðborgarsvæðinu auk auglýsingaglugga sem víða má sjá. Alls eru um 1.600 rúður á höfuðborgarsvæðinu á vegum fyrirtækisins.

Einar segir að skemmdarverkin hér komi í bylgjum og tengist þá vanalega hópamyndunum unglinga. „Þetta er helst í kringum áramót og svo þegar skólunum lýkur á vorin. En sem betur fer eru íslensku krakkarnir rólegir í þessu." Aldrei hefur tekist að hafa hendur í hári þeirra sem brotið hafa rúðu í strætóskýli og tjónið fæst ekki bætt þar sem tryggingafélögin sjá sér ekki hag í að tryggja skýlin og rúðurnar. Einfalt reikningsdæmi sýnir að AFA JCDecaux Ísland þarf árlega að kaupa rúður fyrir 1.400 þúsund krónur.




Einar ítrekar að skemmdarverkin hér séu mun fátíðari en annars staðar og bendir á að í Árósum í Danmörku ríki nánast óöld um helgar. „Þar eru brotnar um 50 til 60 rúður um hverja helgi og ástandið mjög alvarlegt. Þar vakta einkaspæjarar skýlin til að reyna að sporna við þessu."

JCDecaux er franskt stórfyrirtæki og starfar í 3.500 borgum um alla Evrópu. Fyrirtækið er hið stærsta í álfunni á sviði útiauglýsinga og það næststærsta í heiminum á því sviði. AFA er danskur armur fyrirtækisins og er umsvifamikið í Danmörku. Íslenska fyrirtækið er að fullu í eigu þess danska, sem aftur er í helmingseign Frakkanna.

En Íslendingar verða ekki einasta varir við strætóskýli og auglýsingaglugga AFA JCDecaux Ísland því fyrirtækið rekur ennig þrjú almenningsklósett í miðborg Reykjavíkur. Eru þau öll hin nútímalegustu að gerð og kostar tíkall inn. Einar segir líka ótrúlega lítið skemmt þar og að rekstur klósettanna gangi mjög vel. Er í bígerð að fjölga græjunum um önnur þrjú en ekki er ákveðið hvar hin nýju munu standa.

bjorn@frettabladid.is

Útvarpskonan Lísa Páls gaf mömmu sinni óvenjulega afmælisgjöf:

# Hætti að reykja fyrir mömmu

Paula Andrea Jónsdóttir fékk heldur fátíða gjöf á 85 ára afmælinu sínu um miðjan janúar. Dóttir hennar, Lísa Pálsdóttir útvarpskona, ákvað nefnilega að gefa móður sinni það að gjöf að hætta að reykja. „Hún hefur alla tíð haft óbeit á reykingum og varð því afskaplega ánægð þegar ég tilkynnti henni þetta," segir Lísa, sem reykti pakka á dag í 38 ár. „Já, ætli þetta hafi ekki verið pakki á dag að meðaltali. Stundum reykti ég hálfan pakka á dag og svo talsvert meira ef ég fór eitthvað að djamma."

Lísa tók síðasta reykingadaginn með trukki og svældi í sig tveimur pökkum frá klukkan fjögur um daginn og fram að miðnætti. Í tveimur sígarettupökkum eru fjörutíu sígarettur.

Þetta er ekki í fyrsta sinn sem Lísa hættir að reykja en hún segist þó aldrei hafa gert það af einhverri alvöru. En er alvara að baki þessu nú? „Ja, mér finnst enn þá alveg ógeðslega gott að reykja og fer ekkert ofan af því. En þetta er spurning um atvinnutækið; röddina. Ég hef kvefast tvisvar í vetur og orðið helvíti hás og verið lengi að ná mér. En ég veit svo sem ekki hvort það var reyking-unum að kenna. Ég á örugglega eftir að verða hás aftur og þá kemur það í ljós."

Það að Lísa skyldi hætta að reykja var ekki eina afmælisgjöfin sem Paula Andrea fékk frá börnum sínum. Þau gáfu henni líka kápu.

- bþs



LÍSA PÁLS
Er hætt að reykja eftir 38 ár með sígarettunni.


LAGERÚTSALA







T-bolir frá 300 / Flíspeysur frá 500
Kuldagallar 1.000 / Pólóbolir frá 500
Samfestingar 1.000 / Skyrtur 1.000
Jakkar frá 1.000 / Háskólapeysur frá 500
Svuntur fyrir mötuneyti 500 / Töskur
Íþróttafatnaður / Húfur / Handklæði

Opið 9-17 virka daga
og laugardaga 11-17
Höfðabakka 9

Tanni auglýsingavörur

í sama húsi og Tækniháskólinn, lagerhúsnæði að norðanverðu



Häagen-Dazs
Frægasti ís í heimi er loksins kominn til Íslands
Vanilla
Fullkomið samspil rjóma og vanillu. Framandi angan og sérstakt bragð sem gælir við tunguna.
Baileys
Stórkostlegur, mildur og þægilega rjómakenndur með sérstöku bragði af hinum frábæra drykk „BAILEYS“.
Macadamia Nut Brittle
Macadamia-hnetur eru taldar bragðbestu hnetur í heimi. Hér er þeim blandað saman við ekta vanilluís. Þú verður að prófa.
Strawberries & Cream
Ljúffeng jarðarber og rjómi. Þeir sem elska jarðarber ættu að njóta þessa íss í botn.
Cookies & Cream
Bitum af súkkulaðikexi er blandað saman við hinn einstaka og rjómakennda vanilluís. Þetta bragðast eins og hjá mömmu!
Góður ís sem gælir við tunguna!
emmessís

360 gráður

**FBL GREINING:** AUKAVERKANIR VERKJALYFSINS VIOXX.

# *Lyfjastofnun er ekki lögregla*

Hugsanlegar afleiðingar af notkun verkjalyfsins Vioxx hér á landi eru nú til skoðunar hjá eftirlitsaðilum. Þrjár tilkynningar, þar af tvær alvarlegar, hafa borist til Lyfjastofnunar. Jafnframt hefur verið tilkynnt um fimm einstaklinga til Landlæknisembættisins sem tóku Vioxx og fengu hjartaáfall. Gera má ráð fyrir að fleiri tilkynningar berist í kjölfar þeirrar umræðu sem upp hefur sprottið um skaðsemi lyfsins eftir að það var tekið af markaði í haust.

**Alvarlegar aukaverkanir**

Vioxx – verkjalyfinu var tekið fagnandi hér á landi þegar það var sett á markað árið 2000. Notkun þess rauk upp, enda þótti það gagnast vel til meðferðar við bráðum verkjum, svo sem af völdum slitgigtar og liðagigtar, en einnig við verkjum sem stafa af tíðablæðingum.




Það var því ljóst að notendahópurinn hér á landi var stór miðað við höfðafjölda. Er talið að um 1.100 manns hafi notað lyfið.

En Adam var ekki lengi í þeirri paradís. Á haustmánuðum bárust Lyfjastofnun upplýsingar frá lyfjafyrirtækinu Merck Sharp & Dohme Ísland ehf. um að ákveðið hefði verið að taka Vioxx af markaði. Þessi ákvörðun náði til allra þeirra landa þar sem Vioxx var markaðssett og til allra styrkleika- og lyfjaforma þess. Ástæða þessarar ákvörðunar voru niðurstöður klínískrar rannsóknar sem leiddi í ljós aukna tíðni á alvarlegum aukaverkunum frá hjarta- og æðakerfi hjá sjúklingum sem fengu Vioxx samanborið við þá sem fengu lyfleysu.

**Hvað er hægt að gera?**

Nú spyrja væntanlega einhverjir sem notað hafa Vioxx og telja sig hafa skaðast af því hvað þeir geti gert. Í sumum tilvikum ber á því að fólk telji að Lyfjastofnun sé eins konar lögregluvald sem sendi tilkynningar um aukaverkanir jafnvel áfram til lögreglurannsóknar þyki þær þess eðlis. Það er rangt. Stofnunin er vissulega eftirlitsaðili, en hlutverk hennar er bundið við að safna upplýsingum, meðal annars um aukaverkanir allra lyfja, sem síðan eru nýttar í þágu sjúklinga og lækna. Landlæknisembættið hyggst gera könnun aftur í tímann á hugsanlegum afleiðingum notkunar lyfsins. En eins og Matthías Halldórsson aðstoðarlandlæknir segir, þá er notkun þess áhættuþáttur, líkt og reykingar. Því sé ekki hægt að benda á ákveðinn einstakling og fullyrða að Vioxx hafi orðið honum að bana.

## SPURT & SVARAÐ

ÍSLENSKU BÓKMENNTAVERÐLAUNIN



BENEDIKT KRISTJÁNSSON

### *Hvatning til höfunda*

Íslensku bókmenntaverðlaunin voru afhent við hátíðlega athöfn á Bessastöðum í liðinni viku. Benedikt Kristjánsson er framkvæmdastjóri Félags bókaútgefenda.

**Hvert er gildi bókmenntaverðlaunanna?**

Að mínu viti eru þau fyrst og fremst hvatning til höfunda um að gera betur. Þau vekja líka athygli á íslenskum bókmenntum sem fá fyrir vikið meiri umfjöllun í fjölmiðlum og laða að sér forvitna lesendur. Á sviði fræðibókmennta er mikilvægt að hafa góða ritstjóra og það skiptir líka máli að vanda mjög alla umgjörð því allt hefur þetta áhrif.

**Eru þetta fyrst og fremst verðlaun forleggjara frekar en rithöfunda?**

Fyrir útgefandann sem slíkan er það vissulega rós í hnappagatið að hafa verðlaunahöfund í sínu liði. Ég er þó ekki sammála því að þetta séu fyrst og fremst verðlaun útgefenda en kannski er ég litaður í þeirri afstöðu minni.

**Þarf að fjölga bókmenntaverðlaunum á Íslandi?**

Já, ég er sammála því að það megi fjölga bókmenntaverðlaunum á Íslandi en tel að það megi líka fjölga verðlaunaflokkum Íslensku bókmenntaverðlaunanna. Þannig gætu barnabækur og ljóðabækur fengið sérflokk og einnig má skipta fræðibókum í rækilegri flokka, til dæmis gætu ævisögur verið í sérflokki og svo framvegis.

# Hagnast á samráðinu þrátt fyrir sektirnar

**Jón Magnússon hæstaréttarlögmaður segir olíufélögin hafa um fjögurra milljarða ávinning af samráðinu eftir að sektir verði greiddar. Eggert B. Ólafsson héraðsdómslögmaður telur áfrýjunarnefndina hafa metið sektirnar full lágar.**

**SAMRÁÐ** Jón Magnússon hæstaréttarlögmaður segir úrskurð áfrýjunarnefndar samkeppnismála gefa þau skilaboð að menn hagnist á því að brjóta af sér. Hagnaður olíufélaganna af samráðinu sé enn um fjórir milljarðar þó að sektir hefðu verið greiddar.

„Það er spurning hvernig eigi að þróa þjóðfélagið þannig að lögum sé hlýtt. Ef fólk er sammála um að frjálsi markaðurinn sé að virka vel fyrir þjóðfélagið og neytendur verður að gæta þess að þeir sem vilja eyðileggja frjálsa markaðinn komist ekki upp með það,“ segir Jón.

Eggert Ólafsson héraðsdómslögmaður segir úrskurðinn staðfesta að mikið samráð olíufélaganna hafi verið á almenni verðlagningu á eldsneyti á árunum 1993 til 2001. Jafnframt segi í úrskurðinum að samráðið hafi aukist frá árinu 1996 þrátt fyrir að félögin hafi haldið öðru fram. Í langflestum tilvikum staðfestir áfrýjunarnefndin að samráð hafi verið um útboð olíufélaganna og markaðsskiptingu á landsbyggðinni.

„Ég tel áfrýjunarnefndina fara full þröngt í að meta sektirnar. Hún finnur að því að ekki séu nægjanleg rök færð til að sýna hver skaðsemi vegna samráðsins er, sem ég tel liggja í augum upp að hafi haft mikil keðjuverkandi áhrif á þjóðfélagið,“ segir Eggert.

> **„Ég tel áfrýjunarnefndina fara full þröngt í að meta sektirnar.**

Hann bætir við að í öðrum úrskurðum áfrýjunarnefndarinnar megi sjá að hún telji sig hafa fulla heimild til að endurskoða ákvörðun samkeppnisráðs. Þannig hefði nefndin getað tekið meira tillit til skaðseminnar en þeir miðuðu aðeins við ávinninginn. Eggert segir áfrýjunarnefndina hafa tekið tillit til þess að launavísitala hefði hækkað meira en neysluvísitala þrátt fyrir að launakostnaður olíufélaganna hefði verið minni ef það hefði verið samkeppni.

Jóni Magnússyni finnst ástæða til að skoða leiðir til að setja þunga refsiábyrgð á einstaklinga sem taka þátt í samráði sem þessu. Hann segir þá refsiábyrgð sem er í samkeppnislögum, þar sem hámark refsingar sé fjögur ár, ekki vera þunga.

hrs@frettabladid.is



FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**GÍSLI BALDUR GARÐARSSON LÖGMAÐUR OLÍUVERSLUNAR ÍSLANDS**
Olíuverslun Íslands hefur ákveðið að höfða mál til ógildingar á úrskurði áfrýjunarnefndar. Þrátt fyrir verulega lækkun sekta er það mat Olíuverslunar Íslands að niðurstaða áfrýjunarnefndarinnar sé óásættanleg.

## Nokkur dæmi úr úrskurði áfrýjunar samkeppnismála:

„[Áfrýjunarnefndin] er sammála þeirri túlkun samkeppnisráðs að í fyrrgreindri lagaheimild hafi ekki falist bann við því að veita afslætti til einstakra viðskiptamanna heldur aðeins að söluverð skyldi vera það sama til sömu nota, þ.e. til sambærilegra viðskiptavina.“

„Fyrir liggur að Olís og Skeljungur voru í nánu samstarfi um innflutning á efninu en þau keyptu það af erlendum birgja Skeljungs og höfðu samstarf um ákvörðun gjalda fyrir geymslu þess í tönkum.“

„Fram er komið að olíufélögin höfðu með sér samráð við gerð tilboða í tengslum við útboð Reykjavíkurborgar og Landhelgisgæslunnar og hefur undirbúningur slíks samstarfs hafist þegar á árinu 1995.“

„Þau virðast m.a. sýna að olíufélögin undirbjuggu einnig á sama tíma samstarf um útboð hjá Útgerðarfélagi Akureyringa hf. og Flugleiðum.“

„Niðurstaða útboðs Reykjavíkurborgar varð sú að Skeljungur fékk viðskiptin eins og áætlun olíufélaganna gekk út á en Landhelgisgæslan hafnaði öllum tilboðum.“

„...telur áfrýjunarnefndin ekki vafa leika á því að olíufélögin hafi náð samkomulagi um samstarf vegna útboðs dómsmálaráðuneytisins í október 1996 og skiptingu framlegðar af þeim viðskiptum.“

„...er það niðurstaða áfrýjunarnefndarinnar um þennan þátt að samráð hafi verið haft við bæði útboðin sem gekk út á það að tryggja OHF viðskiptin og að skipta framlegð af viðskiptunum á milli olíufélaganna með tilteknum hætti.“



# 170 milljónir

**110+60**
1. vinningur

# Einfaldlega tvöfaldur!

BÓNUS-VINNINGUR
17
MILLJÓNIR

Þar sem **fyrsti vinningur í Víkingalottóinu** þessa vikuna er **tvöfaldur** hefur þú hvorki meira né minna en tvöfalda ástæðu til að spila með.
**Vertu með fyrir kl. 17.**

NÝR OG STÆRRI
JÓKER
2 MILLJÓNIR
Í FYRSTA VINNING

VÍKINGA LOTTÓ
Alltaf á miðvikudögum!

ENNEMM / SIA / NM15051

# skoðun

SJÓNARMIÐ
KÁRI JÓNASSON

Nýr forstjóri Landhelgisgæslunnar hefur varpað fram þeirri hugmynd að taka varðskip á rekstrarleigu.

## Endurnýjun varðskipanna

Undanfarna daga hafa landsmenn fylgst með fréttum af björgun Dettifoss flutningaskips Eimskipafélagsins sem missti stýrið í ofsaveðri út af Austfjörðum fyrir helgi. Tvö varðskip voru send á vettvang til að aðstoða Dettifoss, eða bæði varðskipin sem Landhelgisgæslan gerir út yfir vetrarmánuðina. Þetta minnir á nauðsyn þess að efla skipaflota Gæslunnar – og þótt fyrr hefði verið. Fyrrverandi forstjóri Landhelgisgæslunnar hefur ásamt fleirum unnið að því í mörg ár að undirbúa smíði nýs varðskips og hafa stóru dönsku varðskipin sem tíðum sjást í Reykjavíkurhöfn verið höfð til fyrirmyndar.

**Það dylst engum að við höfum ekki staðið okkur sem skyldi í endurnýjun flotans og það liggur fyrir að skipin eru sum hver á fertugs- og fimmtugsaldri.**

Í þorskastríðunum voru varðskipin mjög í kastljósinu og áhafnir þeirra með skipherrana í fararbroddi voru þjóðhetjur í augum margra í átökunum við breska flotann. Eftir að samkomulag tókst um útfærsluna í 200 mílur féllu varðskipin í skuggann af þyrlum og flugvélum Gæslunnar, og nú á dögum beinist athyglin varðandi störf stofnunarinnar mest að þyrlunum sem eru orðnar sjúkrabílar nútímans og koma lítið að eftirliti með landhelginni og öðrum hefðbundnum störfum sem varðskipin inna af hendi. Öðru hvoru beinist athyglin svo að varðskipunum eins og nú þegar menn vakna upp við það að þau ráða alls ekki við stærstu skipin í íslenska flotanum. Þrátt fyrir eflingu flugflota Gæslunnar kemur ekkert í staðinn fyrir gott varðskip þegar á reynir.

Nýr forstjóri Landhelgisgæslunnar hefur varpað fram þeirri hugmynd að taka varðskip á rekstrarleigu líkt og Norðmenn hafa gert með góðum árangri. Með því að taka varðskip á rekstrarleigu ætti að vera hægt að fá nýtt skip innan nokkurra mánaða ef fjármagn verður tryggt. Um þetta sagði Georg Lárusson í viðtali við Fréttablaðið: „Það dylst engum að við höfum ekki staðið okkur sem skyldi í endurnýjun flotans og það liggur fyrir að skipin eru sum hver á fertugs- og fimmtugsaldri. Það sér hver maður í hendi sér að við þurfum að taka okkur á í þessum efnum og dómsmálaráðherra hefur sýnt þessu verkefni mikinn áhuga. Þá er flugvélin komin til ára sinna og það liggur ljóst fyrir að við þurfum að endurnýja hana innan tveggja ára.“

Endurnýjun varðskipanna hér áður fyrr hélst oft í hendur við útfærslu fiskveiðilögsögunnar, því þá gerðu menn sér grein fyrir nauðsyn góðs skipakosts. Varðskipið sem nú er á teikniborðinu er talið kosta um þrjá milljarða króna. Stærð þess hefur verið gagnrýnd af fyrrverandi skipherra og kannski er lausnin sú að taka minna skip á leigu. Alltént þarf að endurnýja skipakostinn, því það er ekki aðeins að varðskipin séu við hefðbundin eftirlit og björgunarstörf, heldur hafa bæst við ýmis ný verkefni hjá Landhelgisgæslunni, svo sem mengunarvarnir, smygl á eiturlyfjum og fólki og hugsanleg hryðjuverkaógn. ■

F2
Með Fréttablaðinu alla fimmtudaga

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Hringurinn þrengist

Egill Helgason gerir Framsóknarflokkinn og forsætisráðuneytið að umtalsefni í pistli á Vísi í gær. „Margt bendir til þess að framsóknarmenn þoli einfaldlega ekki sviðsljósið sem fylgir forsætisráðherraembættinu“, segir hann. „Lýðræðið er ekki alltaf hreinlegt eða yfirmáta réttlátt – en það er langt gengið þegar farið er að kalla „aðför“ ýmislegt sem er einfaldlega hluti af lýðræðislegu ferli. Það er langt síðan þeir hættu að þola að heyra minnst á Írak. Hringurinn í kringum Halldór þrengist stöðugt – þeim fer sífellt fjölgandi flokksmönnum sem hann treystir ekki. Þannig hefur maður á tilfinningunni að hafi myndast einhvers konar umsátursástand í Stjórnarráðinu. Það er ekki styrkleikamerki að forsætisráðherra sé sífellt að hringja í áhrifamenn á fjölmiðlum til að skammast“.



### Eiga embættið ekki skilið

Egill telur að hluti vandans sé sá að felstir skynji að Framsókn eigi forsætisráðherraembættið ekki skilið, „að minnsta kosti ekki ef tekið er mið af kjörfylgi“. „Umboð Halldórs er mjög óljóst. Það er skrítið að fá svona starf að launum fyrir að hafa setið lengi og af trúmennsku á þingi og í ríkisstjórn. Halldór ríkir upp á náð og miskunn Davíðs Oddssonar sem leyfði honum að verða forsætisráðherra. Davíð hefur sagt beint út að þetta sé samkomulag milli hans og Halldórs, en það nái annars ekki til Framsóknarflokksins.“



gm@frettabladid.is

## Málfar og metnaður

Í DAG
ÍSLENSKT MÁL



INGA RÓSA ÞÓRÐARDÓTTIR

Íslenskan er merkilegt tungumál. Forn, norræn og merkilega lítið breytt að mörgu leyti frá því fyrir margt löngu. Enn lifa með þjóðinni forn orð sem hafa ekkert breyst frá því á landnámsöld og eru trúlega reyndar enn eldri. Auðvitað hefur málið þó tekið talsverðum breytingum, bæði málfræðilega og eins höfum við tekið inn ýmis nýyrði.

Nýyrðasmíð á Íslandi hefur í mörgum tilvikum tekist mjög vel. Nefna má orð eins og þyrla, tölva og hljóðnemi. Fyrir 30-40 árum voru þessi orð varla eða ekki til, þyrlur voru kallaðar helikofterar eða bara koftar en nýyrðið þyrla náði að útrýma þeim erlendu slettum svo rækilega að í dag talar enginn um kofta. Á þeim tíma var lagt að börnum í Reykjavík að fara að leika sér á fortóinu og íslenskar húsmæður tóku kaffisopann með sér út á altan á sólbjörtum sumardögum. Bæði þessi dönsku orð eru með öllu horfin úr málinu. Það gerðist með nokkru átaki, unnið var að því markvisst að útrýma dönskuslettum og tókst. Í dag búum við hins vegar við enskuslettur í stórum stíl og enginn agnúast út í þær að nokkru marki. Þó mætti sjálfsagt útrýma þeim orðum eins og dönskuslettunum ef átak væri í því gert.

Ný útgáfa af íslensku ritmáli hefur litið dagsins ljós á netinu og í sms-sendingum. Þar er gjarnan skrifað eftir framburði þannig að „eitthvað“ verður „ekkva“ og „þú veist“ verður „þúst“. Enn sem komið er virðast notendur þessarar útgáfu íslensks ritmáls gera sér grein fyrir því að hún á aðeins við á bloggsíðum og í sms- sendingum. Á meðan svo er er bara gaman að fylgjast með þessum tilraunum.

**Hver vill borða pitsur með áleggjum? Eru áleggin þá sneidd eða brædd? Eða vantar málfarslöggu?**

Sama má segja um ýmsar bloggsíður þar sem gott íslenskufólk leikur sér með ritmálið með ýmsum hætti. „Hugsað“ verður „huxað“ og „loksins“ verður „loxins“. Það er hins vegar ekkert gaman að svona tilraunum nema ritarinn hafi mjög gott vald á íslensku máli og geti þannig leyft sér ýmis frávik. Sá sem ekki hefur blæbrigði málsins vel á valdi sínu lendir strax í ógöngum í tilraunum af þessu tagi og bloggið hans verður leiðinlegt og fráhrindandi. Í því samhengi má svo velta fyrir sér tökuorðinu blogg. Er það komið til að vera eða megum við vænta góðs nýyrðis sem leysir það af hólmi?

Þetta eru skemmtilegar tilraunir og ekki að sjá að tungumálinu okkar stafi af þeim nein umtalsverð hætta. Hitt er verra þegar metnaðarleysi ræður ríkjum þar sem aðgátar er þörf þannig að beinar málvillur ergja þá sem betur vita og villa um fyrir þeim sem óöruggir eru. Fjölmiðlar og fyrirtæki af ýmsum toga þurfa að sýna meiri metnað í málfari en nú virðist oft raunin. Það er makalaust að sjá ítrekað birtast á sjónvarpsstöðvum auglýsingar þar sem fólk er hvatt til að kaupa pizzu með 2 áleggjum. Hver ætlar að borða pizzu með áleggjum? Mörg álegg geta ekki verið neitt annað en egg úr áli og þótt nú sé að rísa stór og mikil álverksmiðja austur á fjörðum er full langt gengið að ætla að sneiða framleiðsluna þaðan ofan á pitsur. Á kannski að bræða þessi egg ofan á pitsurnar? Álegg ofan á brauð er eintöluorð og getur aldrei orðið fleirtöluorð. Ekki frekar en við getum sagt margar mjólkur eða margir rjómar. Sum orð eru einfaldlega föst, annað hvort í eintölu eða fleirtölu. Það gildir t.d. um klippur og ótrúlegt að virðulegt fyrirtæki sem rekur margar verslanir skuli ekki sjá sóma sinn í því að hafa málfar á auglýsingum í verslunum sínum í lagi. Rafmagnsklippa er auglýst í ónefndri verslun í borginni. Er þá hægt að kaupa þar eina klippu? Er hún kannski þá hálf í því tilviki, þ.e. bara með einu blaði?

Enn sorglegra er þegar gildandi menn í skólamálum gera sig seka um að segja að skólafólk hafi góða grunnfærni. Enginn vill vera grunnfær, þ.e. yfirborðskenndur, einfaldur eða vitgrannur svo vitnað sé í orðabók. Sá sem býr yfir grunnfærni er sem sagt heldur heimskur. Það er því dapurleg hugsanavilla að segja að einhver búi yfir góðri grunnfærni. Villur af þessu tagi þarf að forðast og vanda málfar og auka metnað. Kannski vantar bara málfarslöggu. ■




FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRI: Kári Jónasson FRÉTTARITSTJÓRAR: Sigurjón M. Egilsson og Sigmundur Ernir Rúnarsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FULLTRÚI RITSTJÓRA: Guðmundur Magnússon RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir AUGLÝSINGASTJÓRI: Þórmundur Bergsson RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF Á FRÉTTADEILD: 550 5006 NETFÖNG: **ritstjorn@frettabladid.is** og **auglysingar@frettabladid.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

| Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|
| REYKJAVÍK 10.04 | 13.41 | 17.20 |
| AKUREYRI 10.01 | 13.26 | 16.52 |

Heimild: Almanak Háskólans

allt
FRÉTTABLAÐIÐ

# nám o.fl.



Páskamyndir og kristallar
BLS. 2

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000

*Góðan dag!*
Í dag er miðvikudagur 2. febrúar, 33. dagur ársins 2005.

KRÍLIN




**Smáauglýsingar á 995 kr. visir.is**

**Smáauglýsingar**
*byrja í dag á bls. 4*

**Flokkar & fjöldi**

**Bílar & farartæki** 92 stk.
**Keypt & selt** 35 stk.
**Þjónusta** 50 stk.
**Heilsa** 11 stk.
**Skólar & námskeið** 9 stk.
**Heimilið** 13 stk.
**Tómstundir & ferðir** 6 stk.
**Húsnæði** 28 stk.
**Atvinna** 22 stk.
**Tilkynningar** 2 stk.

**Þú getur pantað smáauglýsingar á www.visir.is**

vísir



FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.

Kristín Þóra Harðardóttir er þriggja barna móðir í lögfræðinámi og finnst það lúxus.

# Fór í lögfræðina af leti

***Flestir þykjast góðir að ljúka einni sérfræðigrein í skóla, hvað þá tveimur. Það lætur Kristín Þóra Harðardóttir þó ekki duga. Hún er starfandi garðyrkjufræðingur með BA í heimspeki og glímir nú við lögfræðina.***

Kristín Þóra lærir lögfræðina við Háskóla Íslands og er á öðrum vetri. Hún stendur á fertugu, er gift kona og þriggja barna móðir. „Auðvitað er maður ekki eins frjáls og áhyggjulaus og 21 árs stúdent en það er allt í lagi að læra þótt maður sé kominn af unglingsaldri. Þetta er bara eins og hver önnur vinna,“ segir hún og kveðst ekki vera ein í eldri deildinni þó að obbinn af nemendum sé mun yngri.

Kristín Þóra hefur rekið garðyrkjufyrirtæki með manni sínum, Jóni Júlíusi Elíassyni, undanfarin ár og unnið úti við yfir sumarið, mest í nýframkvæmdum en líka í grónum görðum. Hún lauk námi frá Garðyrkjuskólanum 1988 og Háskóla Íslands í heimspeki 1997. Hún segir lögfræðina að því leyti erfiðasta að í henni sé fall en ekki í hinum greinunum. En hvað af þessu þrennu skyldi vera skemmtilegast að læra? „Þetta er allt skemmtilegt. Það má kannski orða það svo að margt í heimspekinni sé skemmtilegra en margt í lögfræðinni,“ svarar hún og segir fögin vissulega ólík.

Lögfræðin hefur hingað til ekki talist til léttust greina en Kristín Þóra kveðst bara hafa farið í hana af leti.“ „Ég nennti ekki að vinna eins og venjulegt fólk. Það er ákveðinn lúxus að geta leyft sér að vera í skóla.“ Hún viðurkennir samt að hafa alveg nóg að gera. „Maður fyllir alltaf dagskrána en í námi ræður maður samt tíma sínum aðeins meira en í fastri vinnu.“ Kristín Þóra þvertekur fyrir að hún vaki yfir lærdómnum um nætur. „Ég sef á nóttunni. Mér finnst svefninn svo mikil undirstaða undir verkefni dagsins en ég læri á kvöldin og stundum um helgar.“ Að lokum eru framtíðardraumarnir settir á dagskrá. „Lögfræðin tekur fimm ár í allt og ég vona að ég finni eitthvert starf við mitt hæfi innan hennar að náminu loknu,“ segir Kristín Þóra yfir doðröntunum við eldhúsborðið.

*gun@frettabladid.is*

## LIGGUR Í LOFTINU
*í námi*

**Máttur kvenna** heitir námskeið sem Viðskiptaháskólinn á Bifröst býður upp á. Um er að ræða ellefu vikna rekstrarnám fyrir konur í atvinnurekstri í Norðaustur-, Suður- og Suðvesturkjördæmi. Námið verður í fjarnámi. Það hefst 5. febrúar og lýkur með formlegri útskrift 24. apríl. Þátttökugjald er 49.900 krónur, innifalið er kennsla, námsgögn, gisting tvær vinnuhelgar og matur.

**Evrópsk tungumál** er yfirskrift opins fyrirlestrar Auðar Torfadóttur dósents við Kennaraháskóla Íslands og Hafdísar Ingvarsdóttur dósents við Háskóla Íslands. Fyrirlesturinn verður haldinn í Skriðu, Kennaraháskólanum við Stakkahlíð í dag kl. 16.15.



**FÁ fjölmennastur.** Hagstofa Íslands hefur tekið saman skrá yfir fjölda skráðra nemenda í framhaldsskólum á Íslandi haustið 2004 og kom í ljós að Fjölbrautarskólinn í Ármúla væri með flesta nemendur, eða 2.114. Þar af eru 1.002 í dagskóla en 1.112 í kvöldskóla. Upplýsingum var safnað beint frá skólunum og úr miðlægu nemendaskrárkerfi framhaldsskólanna, INNU. Gagnasöfnunin miðast við nemendafjölda um miðjan október 2004. Næstur kom Iðnskólinn í Reykjavík með 2.074 nemendur, 1.554 í dagskóla og 520 í kvöldskóla.

**Notkun Evrópskrar tungumálamöppu,** sem er afrakstur áralangs starfs Evrópuráðsins á sviði tungumálakennslu, hefur verið að ryðja sér til rúms víða um álfuna að undanförnu. Hér er meðal annars um það að ræða að gera tungumálakennslu markvissari með því að horfa á tungumálanám fyrst og fremst frá sjónarhóli nemandans og beita annars konar námsmati en víða hefur tíðkast.

**Iðntæknistofnun** býður upp á 80 stunda réttindanám til stjórnunar vinnuvéla á Ísafirði 4. febrúar. Markmiðið er að búa nemendur undir bóklegt próf og verkþjálfun til að öðlast réttindi til að stjórna vinnuvélum. Áhersla verður lögð á beitingu og virkni algengustu vinnuvéla, öryggisatriði, öryggiskröfur og aðrar opinberar og siðferðilegar kröfur varðandi starf vinnuvélstjóra. Einnig verður undirstöðufræðsla um vökvakerfi, aflvél og drifrás og notkun stjórnendahandbóka. Námskeiðið verður einnig í boði á Egilsstöðum þann 23. febrúar og í Reykjavík 4. mars.

**Skólatónleikar í Salnum.** Nemendur tónlistarskólans í Kópavogi verða með skólatónleika í Salnum í dag kl. 18.15. Aðgangur að tónleikunum er ókeypis og allir velkomnir.

**Samræmd stúdentspróf** verða haldin í íslensku, ensku og stærðfræði vorið 2005. Samræmd stúdentspróf eru hluti af skilgreindum námslokum til stúdentsprófs og er nemendum sem útskrifast frá og með árinu 2005 skylt að þreyta samræmd stúdentspróf í tveimur námsgreinum. Reglugerð um fyrirkomulag og framkvæmd samræmdra stúdentsprófa í framhaldsskólum nr. 196/2003 er að finna á heimasíðu menntamálaráðuneytisins.

*nam@frettabladid.is*



**Meðmælabréf** Gott meðmælabréf getur skipt sköpum þegar sótt er um skóla erlendis. Vandaðu valið á meðmælanda og gefðu honum góðan fyrirvara. Ef bréfið þarf að vera á tungumáli sem meðmælandinn ræður ekki við skaltu bjóðast til að borga fyrir þýðingu á bréfinu, því það skiptir máli að málfar og stafsetning sé góð.




## Líkamsnudd námskeið

**með ilmolíum, þrýstinuddi, pólun og jóga öndun/slökun.**
**Kennslan er yfir tvær helgar 26-27. febrúar og 12-13. mars.**
**Heilsusetur Þórgunnu** Egilsgötu 30
**Skráning í símum 552 1850 eða 896 9653 og sjá heilsusetur.is**

## Lithimnulestur
Með David Calvillo
Miðvikudag, fimmtudag og föstudag



Lithimnulestur er gömul fræðigrein þar sem upplýsingar um heilsufar, mataræði og bætiefni eru lesnar úr lithimnu augans.

Á miðvikudag, fimmtudag og föstudag mun David Calvillo vera með lithimnulestur í Heilsubúðinni, Góð heilsa gulli betri. Njálsgötu 1, uppl. og tímapantanir í s:586-1463 og 561-5250

## PhotoReading

- Áhrifarík lestrartækni sem margfaldar lestrarhraðann.
- Frábært fyrir alla sem þurfa að lesa og muna mikið.
- Opnar nýjar víddir, hjálpar þér til að ná árangri.
- Einbeiting, skilningur og minni eykst.
- Auðveldar þér að finna aðalatriðin.

KVÖLD- OG HELGARNÁMSKEIÐ

Skráning í síma 899 4023 og á www.photoreading.is

Leiðbeinandi er Jóna Björg Sætran, M.Ed., jona@namstaekni.is
Námstækni ehf., Ármúla 38, 2. hæð (inng. Selmúla), s. 899 4023

Bowen Tækni

## Námskeið í Bowen Tækni

**Einföld, mjúk og áhrifarík meðferð sem farið hefur sigurför um Evrópu. Virkar vel á hverskonar vandamál.**

Kennt í Reykjavík 25.-28. feb. 2005
Íslenskt námsefni og íslenskur kennari.

Uppl. og skráning • símar 421 4569 og 897 7469 • Margeir
www.bowentaekni.com • jmsig@simnet.is




Au pair býr hjá gistifjölskyldu, aðstoðar við barnagæslu og heimilisstörf og tekur þátt í daglegu lífi gistifjölskyldunnar. Að launum fær au pair vasapening, frítt fæði og húsnæði.



MasterCard
Færð þú MasterCard Ferðaávísun?

STÚDENTAFERÐIR
exit.is

KRAFTAVERK

Bankastræti 10 + Sími 562 23 62 + info@exit.is + www.exit.is




„Aðalatriðið er að fólk læri að slaka á og vera það sjálft," segir Helga Braga Jónsdóttir leikkona.

# Ekki bara hopp og hí

***Mímir-símenntun býður upp á námskeið þar sem fólki er kennt að daðra og sækja stefnumót.***

„Þetta er mín leið til að koma af stað almennilegri deitmenningu hérlendis," segir Helga Braga Jónsdóttir leikkona sem mun kenna á námskeiðinu Daður og deit hjá Mími-símenntun nú í febrúar og leggur áherslu á að það sé ætlað báðum kynjum.

„Ég vil að við víkjum frá því að hitta fólk á bar og enda einhvers staðar með einhverjum og vera svo með hnút í maganum því maður hefur gengið svo fram af sér tilfinningalega," segir Helga Braga sem dvalist hefur talsvert erlendis og kynnt sér stefnumótamenningu annarra þjóða. „Við erum náttúrlega svo ung þjóð, í mikilli mótun og meðtækileg fyrir nýjungum. Við eigum að taka við því góða og heilbrigða annars staðar að," segir Helga Braga.

Námskeiðið sýður hún saman úr þeim fróðleik sem hún hefur viðað að sér, auk reynslunnar sem hún hefur af þeim dömu- og herranámskeiðum sem hún hefur kennt á. Að mestu leyti fer kennslan fram í fyrirlestraformi auk æfinga.

„Æfingarnar verða léttar og skemmtilegar, þær eru ekkert sem fólk þarf að kvíða fyrir. Aðalatriðið er að fólk læri að slaka á og vera það sjálft," segir leikkonan sem gjarnan er þekkt fyrir grín og glens en segir djúpa alvöru liggja að baki þessari starfsemi, þó fólk telji þetta kannski vera eitthvert hopp og hí.

„Lykilatriði er að taka sjálfan sig ekki of alvarlega, því þá er ekkert gaman. Hins vegar er djúpur undirtónn í öllu sem ég geri þó á yfirborðinu sé þetta glens og grín," segir Helga Braga.

*kristineva@frettabladid.is*

# Páskamyndir og kristallar

FÖNDURSTOFAN HEFUR FLUTT STARFSEMI SÍNA Í SÍÐUMÚLA 15 OG BÝÐUR ÞAR UPP Á NÁMSKEIÐ OG FÖNDUREFNI.

Páskamyndir á geisladiska og perlusaumur á kristaldropa er meðal nýjunga hjá Föndurstofunni sem nú býður upp á kvöldnámskeið í björtu og rúmgóðu húsnæði á annarri hæð í Síðumúla 15 í Reykjavík. Þar kennir Geirþrúður Þorbjörnsdóttir ýmsar aðferðir föndurs og hefur allskyns föndurefni til sölu, bæði fyrir námskeiðsgesti og aðra áhugasama. Enn smærri perlur en áður hafa þekkst hér á landi eru til dæmis fáanlegar sem gefa fínlegri, þéttari og fallegri áferð en hinar grófari. Skermar til að skreyta með vínglös á fæti með teljósi í eru líka meðal nýjunga þar. Perlusaumsklúbbur og Kortaklúbbur koma nú saman tvisvar í mánuði sér að kostnaðarlausu í Föndurstofunni, kaupa þar vörur með afslætti og fá frí afnot af öllum áhöldum. 5. febrúar er námskeið í geisladiskasaumi í Vík í Mýrdal á vegum Föndurstofunnar en um það og annað sem á döfinni er, er hægt að fræðast á vefnum fondurstofan.net



Skermar yfir staup með kerti gefa kósí ljós.

## Meðferð á hættulegum farmi

EITURÁHRIF OG VIÐBRÖGÐ, ELDHÆTTA OG ELDVARNIR.

Hjá Menntafélaginu, skóla véltækni og siglinga, er nú í febrúar boðið upp á námskeið í IMDG, meðferð á hættulegum farmi. Markmið námskeiðsins er að kynna alþjóðlegar og íslenskar reglur um meðferð og flutning á hættulegum varningi um borð í þurrlestarskipum. Námskeiðið er kennt samkvæmt Alþjóðasamþykkt STCW og uppfyllir kröfur Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar (IMO).
Meðal efnis eru skrár Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar um hættuleg efni (IMO IMDG CODE), eituráhrif og viðbrögð, eldhætta og eldvarnir, merkingar hættulegra efna, aðskilnaður hættuflokka og sjóbúnaður, viðbragðsáætlun, fylgiskjöl, alþjóðlegar og íslenskar reglur um flutninga á hættulegum efnum.
Kennari er Hálfdán Henrysson skipstjóri en námskeiðið stendur frá 14.-16. febrúar. Skráning er hafin.



Practical skipuleggur námskeið sem eru sérhæfð að þörfum hvers og eins.

## Námskeiðum og hvataferðum blandað saman

PRACTICAL BÝÐUR UPP Á MARGA MÖGULEIKA Í NÁMSKEIÐAHALDI.

Starfsmenn fyrirtækisins eru sérmenntaðir í umsjón og skipulagningu námskeiða og veita fyrirtækjum og einstaklingum aðstoð við að útbúa öll nauðsynleg kennslugögn, sjá um öll samskipti við þátttakendur, velja rétta umhverfið og greina hvaða aðferðafræði er árangursríkust á hverju námskeiði fyrir sig. Practical blanda síðan hvataferðum saman við námskeiðin með það að markmiði að hvetja starfsfólk, skemmta því og auka samheldni.
Auk þess að skipuleggja hvataferðir og námskeið sér Practical um ráðstefnur, vinnufundi, ráðgjöf og hópefli.
Nánari upplýsingar um fyrirtækið og þjónustu þess er að finna á heimasíðunni, practical.is.



Háskólinn í Manchester býður góða námsstyrki.

## Fé til handa bestu nemendunum

HÁSKÓLINN Í MANCHESTER HERÐIR SAMKEPPNINA.

Háskólinn í Manchester ætlar að bjóða afburðanemendum 10.000 punda námsstyrk á ári, en frá og með næsta ári munu háskólar rukka 3.000 pund í skólagjöld. Þetta gerir skólinn í samkeppni við háskólann í Oxford og Cambridge sem bjóða mun lægri styrki. Hinsvegar hafa skólar víðsvegar um England tekið upp á því að bjóða góða námsstyrki í ljósi þess að skólagjöld hafa verið sett á til að ná í góða nemendur sem ekki hafa efni á að sækja háskóla.

# Hremmingar og efi

***Hjá Endurmenntun Háskóla Íslands eru að fara í gang ýmis námskeið og meðal nýjunga á vorönn er guðfræði fyrir almenning: Biblían, guðfræðin og kirkjan.***

„Þetta námskeið er ætlað þeim sem vilja kynna sér heim guðfræðinnar og hentar vel öllu hugsandi fólki sem er tilbúið að velta málum fyrir sér á fordómalausan hátt,“ segir Kristinn Ólason, guðfræðingur og einn sex kennara á námskeiðinu. „Þetta er hugmynd sem kviknaði hjá okkur sem stöndum að tímaritinu Glímunni, sem er óháð tímarit um guðfræði og samfélag, en okkur má líka finna á vefsvæðinu kistan.is. Í kringum þetta er hópur af guðfræðingum sem hefur áhuga á að tengja guðfræðina meira inn í samfélagsumræðuna og námskeiðið er hugsað sem kynning inn í flestar greinar guðfræðinnar sem við viljum opna fyrir áhugafólki.

Á námskeiðinu verður meðal annars farið yfir tilurðarsögu gamla testamentisins og gerð grein fyrir helstu guðfræðilegum áherslum þess. Þá er fjallað um Jobsbók og þau sjónarmið sem þar eru sett fram um ástæður þess að fólk lendir í hremmingum í lífinu. „Það er sérstaklega gaman að taka Jobsbók, sem fjallar einmitt um mannleg vandamál og örlög sem allir kannast við,“ segir Kristinn. „Námskeiðið byrjar á Gamla testamentinu og svo tekur Nýja testamentisfræðingurinn Clarence E. Glad við, en hann mun meðal annars fjalla um þær samsæriskenningar sem settar eru fram í Da Vinci-lyklinum. Clarence gaf einmitt út bók fyrir jólin sem heitir Áökin um textann þar sem hann kemur inn á það sem Dan Brown segir í lyklinum og tekur afstöðu til þess hvaða fræðilega sjónarmið höfundurinn notar.“

Á námskeiðinu verður svo meðal annars fjallað um ástæður siðbótar Lúters og kenningar hans og trúarefann og í lok námskeiðsins er efnið dregið saman og sett í samhengi við trúarlífssálarfræði. „Fyrst og fremst stefnum við að því að hafa námskeiðið aðgengilegt öllum og mjög skemmtilegt,“ segir Kristinn.

Námskeiðið hefst 8. febrúar og stendur til 19. mars. Kennt er á þriðjudagskvöldum og laugardagsmorgnum. ■



Kristinn Ólason, guðfræðingur og Gamla testamentisfræðingur, er einn kennara á námskeiði Endurmenntunar um Biblíuna, guðfræðina og kirkjuna.

# Skemmtileg sögustund

***Fróðleikur og fjör á árlegum bókafundi Sagnfræðingafélagsins.***

Bókafundir Sagnfræðingafélags Íslands og Sögufélagsins hafa löngum verið skemmtilegar samkomur þar sem má ganga að fjörugum umræðum um sögu og samtíð vísum. Kvöldið í kvöld verður engin undantekning en þá munu þrír doktorsnemar í sagnfræði við Háskóla Íslands gagnrýna þrjár bækur um sögu og samtíð sem komu út á nýliðnu ári. Sverrir Jakobsson fjallar um bók Gunnars Karlssonar, „Goðamenning. Staða og áhrif goðorðsmanna í þjóðveldi Íslendinga“. Erla Hulda Halldórsdóttir ræðir um bók Matthíasar Viðars Sæmundssonar, „Héðinn, Bríet, Valdimar og Laufey“. Ragnheiður Kristjánsdóttir fjallar um bókina „Halldór Laxness. Ævisaga“, eftir Halldór Guðmundsson sem nýverið hlaut Íslensku bókmenntaverðlaunin.

Allir eru velkomnir á fundinn sem verður í húsi Sögufélagsins við Fischersund í Reykjavík og hefst kl. 20.00. ■



Bók Halldórs Guðmundssonar um nafna sinn Laxness verður til umfjöllunar á fundinum.



Erla Hulda Halldórsdóttir ræðir um bók Matthíasar Viðars Sæmundssonar.

## Kostir og gallar nýju lánanna

***Endurmenntun með námskeið um fjármál fjölskyldunnar.***

Endurmenntunardeild Háskólans býður upp á nýtt námskeið nú í febrúar um fjármál fjölskyldunnar og kosti og galla nýju lánanna. Námskeiðið er ætlað einstaklingum sem vilja kynna sér staðreyndir um nýja lánamöguleika banka og lánasjóða vegna kaupa á fasteignum og bílum. Kennari á námskeiðinu er Vilhjálmur Bjarnason, stundakennari við viðskipta- og hagfræðideild HÍ.

„Ég er að fjalla um þá kosti sem eru í boði á íbúðalánamarkaði í dag og velta upp þeim þáttum sem kaupendur fasteigna þurfa að hafa í huga þegar þeir fara út í fjárfestingar,“ segir Vilhjálmur. „Hvernig er íbúðaverð í dag samanborið við sögulega tíma, hver er greiðslubyrðin, hverjir eru vextirnir og hvað þarf fólk að hafa í tekjur til að standa undir þessum greiðslum? Ég útskýri líka áhættuna tengda lánum í elrendri mynt og ólíka greiðsluskilmála, svo eitthvað sé nefnt. Þá skoðum við kosti þess og galla að kaupa eða leigja bíl.“

Námskeiðið verður haldið 8. febrúar.


Tölvunám í viðurkenndum skóla - skráðu þig núna á námskeið hjá Tölvuskóla TV



Tölvunámskeið 2005
Menntun sem gefur forskot

Nýttu þér tölvunám TV til aukinnar þekkingar. Núna. Menntaðu þig hjá viðurkenndum skóla sem veitir þér öruggari aðgang að betra starfi til framtíðar. Tölvuskóli Tölvu- og verkfræðiþjónustunnar við Grensásveg er viðurkenndur af menntamálaráðuneytinu sem einkaskóli á framhaldsskólastigi. Skólinn er elsti tölvuskólinn á Íslandi og hafa yfir 30.000 nemendur sótt tölvumenntun til okkar.

Veldu námskeið sem hentar þér og skráðu þig í nám hjá Tölvuskóla TV:

Grunnnámskeið fyrir alla
Fingrasetning - Tölvuvélritun (9 st)....10.900
Windows, Word og Excel (21 st).........22.500
Windows fyrir byrjendur (9 st)...........10.900
Almennt tölvunám (85 st).................69.900
Tölvunám fyrir 50+ (72 st)...............59.900

Nám fyrir konur
Tölvuþekking fyrir konur (60 st).........45.900

Bókhaldsnám
Hagnýtt bókhald (95 st)..................99.900

Windows námskeið
Windows XP fyrir byrjendur (9 st).......10.900
Windows XP fyrir lengra komna (18st) 23.900

Access námskeið
Access I: Gerð gagnagrunna (22 st)...25.900
Access II: Sérhæfð gagnagrg. (18 st)..34.900
Access III: Fjölvar+VBA forritun (24 st) .52.900

Word námskeið
Word I: Almenn ritvinnsla (22 st).......22.500
Word Ib: Amenn ritvinnsla (13 st)......16.900
Word II: Kraftmikil ritvinnsla (22 st)....26.900
Eyðublöð og töflur í Word (4 st)...........6.900
Vinnsla langra skjala í Word (13 st)...16.900
Dreifibréf og markpóstur (4 st)...........6.900

OneNote
Minnispunktar og skipulag (9st)...6.900

Excel námskeið
Excel I: Töflureiknir (22 st)................22.500
Excel IIa: Sérhæfð töflureinotk. (18 st) 24.500
Excel IIb: Fjármál og bókhald (18 st)..24.500
Excel IIc: Tölfræði (18 st)..................29.900
Excel III: Fjölvar + forritun VBA (31 st) 45.900

PowerPoint námskeið
PowerPoint I (13 st).........................16.900
PowerPoint II (9 st).........................13.900
PowerPoint I + II (22 st)...................24.200

Umbrotsnámskeið
Publisher: Bæklingar og útgáfa (13st)16.900
Freehand: Grafík og umbrot (22 st)..31.900

Internet námskeið
Internetið frá A til Ö (9 st)................10.900

Outlook póstur, dagbók og tímareiða
Outlook (13 st)..................................16.900

Vefsíðugerð
DreamWeaver MX (27 st).............29.900
Flash MX margmiðlun (13 st)......18.900
Vefsíðugerð I: FrontPage (22 st).......22.500
Vefsíðugerð II: FrontPage (22 st)......24.500
ASP .NET vefforitun (40 st).............59.900
Vefsíðugerð grunnur (44 st)............44.500
Vefsíðugerð gr. + Photoshop (66 st) .68.900

Teikning, ljósmyndir og grafík
Stafræn ljósmyndun (13 st)........16.900
Photoshop I: Ljósm. + grafík (22 st) .26.900
Photoshop II: Ljósm. + grafík (22 st) 24.500
Photoshop Elements (13 st)...........16.900
Freehand: Grafík og umbrot (22 st)..31.900
Visio teikning (18 st)......................24.500
Myndvinnsla og grafík (77 st).....89.900

Verkefna- og tímastjórnun
Project verkefnastjórnun (22 st).......34.500
Project Server (18 st).....................49.500
PRINCE2 verkefnastjórnun (18 st)....34.500
Nútíma verkefnastjórnun (40 st)......59.900

FileMaker námskeið
FileMaker I: Notkun (13 st).............26.500
FileMaker II: Forritun (22 st)...........32.500

Netnám, MCP, MCSA, MCDST
Netumsjón: MCP (120 st).............159.900
Netumsjón: MCP II (99 st)............159.900
MCSA: Netstjórnun (225 st)..........299.900
Windows Server 2003 (60 st)..........89.900
Windows XP Professional (60 st)......89.900
Exchange Server 2003 (60 st).........89.900
Tolvuumsjón (60 st).......................89.900

Forritun
C# .NET forritun (121 st)...............159.900
Office forritun (Acc+Exe) (45 st)......89.900
ASP .NET vefforitun (40 st).............59.900

www.tv.is

Tölvunám TV til betri verka – hringdu núna í síma 520 9000 eða skoðaðu www.tv.is

- VR, Efling og flest önnur stéttarfélög styrkja nám hjá okkur
- Afsláttur er veittur til félaga í VR, Eflingu og öðrum félögum, allt að 15%
- 30 daga ókeypis símaþjónusta að loknu námi
- Ókeypis forfallatrygging felur í sér að þú getur bætt þér upp veikindi og fráveru, innan árs

Tölvuskóli TV er vottaður af innlendum og erlendum aðilum til að tryggja hagsmuni nemenda.

PEARSON VUE Authorised Centre
Microsoft CERTIFIED Partner

TÖLVU- OG VERKFRÆÐIÞJÓNUSTAN

Mjög hagstæðir greiðsluskilmálar • 36 mánaða raðgreiðslulán • 5 ára námslán

Grensásvegi 16 · 108 Reykjavík · Sími 520 9000 · tv@tv.is · www.tv.is





tíska o.fl.
Á FIMMTUDÖGUM
Auglýsingasíminn er 550 5000
auglysingar@frettabladid.is
FRÉTTABLAÐIÐ
- mest lesna blað landsins -



Tungumálanám 2005

MÍMIR SÍMENNTUN

- Enska
- Spænska
- Ítalska
- Franska
- Portúgalska
- Þýska
- Hollenska
- Sænska
- Danska
- Norska
- Finnska
- Gríska
- Rússneska
- Kínverska
- Japanska
- Arabíska
- Íslenska fyrir útlendinga
- Enska, danska og spænska fyrir börn

Eitthvað við allra hæfi



Innritun fer fram á Grensásvegi 16A, í síma 580 1800 eða á heimasíðunni www.mimir.is

# allt - sem þig vantar

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER OPINN ALLA DAGA KL. 8–22 | TIL BIRTINGAR NÆSTA DAG ÞARF AÐ PANTA FYRIR KL. 15 | SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000 smaar@frettabladid.is / visir.is | AFGREIÐSLAN ER OPIN ALLA VIRKA DAGA KL. 8–19 | AFGREIÐSLAN ER OPIN UM HELGAR KL. 9–17

## BÍLAR & FARARTÆKI

Bílalíf.is
Bílasala Matthíasar



Nissan Terrano II TDI Luxary, árg. 7/2001, ekinn aðeins 59 þ. km., sjálfskiptur, 7manna, dísel, álf., dráttarkrókur, topplúga o.fl. V. 2.480 þ.



MMC Pajero 3000 V6 33" 2/1992, sjálfskiptur, ek. 255 þ. km., 7 manna, 33" nýleg, dekk, topplúga, dráttarkrókur, leður, smurbók frá upphafi o.fl. V. 690 þ.

**Bílasala Matthíasar - Bílalíf**
**Klettháls 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 562 1717**
**www.bilalif.is**

BÍLASALAN.IS



Hyundai Accent GSI, árg. 9/2002, ek. 53 þ. km. Ssk. Verð 690.000. Upplýsingar í símum 866 5354 & 820 3373 og á www.bilasalan.is



Nissan Murano, árg. 8/2004, ek. 6 þ. km. Einn með öllu. Ath skipti á ódýrari. Verð 5.490.000. Upplýsingar í símum 866 5354 & 820 3373 og á www.bilasalan.is



Range Rover 3.0 Disel, árg. 11/2002, ek. 64 þ.km. Glertopplúga, Leður, Xenon ljós ofl. Verð 7.690.000. Ath. skipti. Allar nánari upplýsingar á www.bilasalan.is og 866 5354 og 820 3373.



VW Toureg V6 3.2, árg. 2004, ek. 15. þ. km. 18" álfelgur, stigbretti, glerlúga ofl. Verð 4.990.000. Áhvílandi lán 3.450.000. 45 þ. á mánuði. Ath. skipti. Allar nánari upplýsingar á www.bilasalan.is og 866 5354 og 820 3373.



Audi A6 1.8 Turbo, árg. 7/2000, ek. 64 þ. km. Ssk., turbo, þjónustubók, einn eigandi. Verð 2.490.000. Ath. skipti. Allar nánari upplýsingar á www.bilasalan.is og 866 5354 og 820 3373.



Ford F 250 7,3 Disel, árg. 1990, ek. 208 þ. km. 7.3 Disel 35", ofl. Verð 1.190.000. Tilboð 990.000.. Ath. skipti. Allar nánari upplýsingar á www.bilasalan.is og 866 5354 og 820 3373.

**Bílasalan.is**
**Kleppsvegur 35 v/Sæbraut,**
**Sími: 866 5354 og 820 3373**
**www.bilasalan.is**

HEKLA Sölu-umboð í Reykjanesbæ sími 420 5000



Mmc Pajero 3.5 V6 ssk., ekinn 111. þ. km 33" með öllu. Verð 2.000.000. Möguleiki á hagstæðu láni.



VW Transporter diesel, 9 manna, ekinn 94 þ. km. Verð 2.500.000.



Nissan Patrol árg. 1993. Góður bíll. Verð 750.000.

**Hekla Söluumboð**
**Sími: 420 5000**

SPARIBÍLL



Nýr '05 M.Benz Vaneo. Fjölskyldubíll af bestugerð. Nokkrir litir og útfærslur. Beinskiptir og sjálfskiptir. Með eða án leðurinnréttingar. Verð frá aðeins 2.356 þús.

**Sparibíll ehf**
**Skúlagötu 17, 101 Reykjavík**
**Sími: 577 3344**
**www.sparibill.is**

MAGNÚSSON EHF

**Innflutningur á notuðum og nýjum bifreiðum frá Þýskalandi.www.bilasolur.is/magnusson**



Mercedes-Benz Sprinter 211 CDI, árg. 09/2003. Ek. 39.900 km. Dísel, 2500cc. 109 Hö, 5 gíra, ABS, vökvastýri, hátt þak, lengri gerð, viðareinangrun, Intercooler, túrbína, 3 manna. Verð 2.900.000 m/ vsk. Ágúst s. 862 2000, E-mail magnusson@internet.is



BMW 520 I Steptronic 2004 módel. Ek. 30.500 km , ABS, ASR, 16" álfelgur á vetrardekkjum, DVD, CD, hiti í sætum, hraðastillir, leður, litað gler, þjónustubók, Navigation. Fjarlægðarskynjari. adaptive headlights. (Ljós), Verð 4.990.000, Ágúst s. 862 2000. magnusson@internet.is Til sýnis á Bílasölu Ísl. Skógarhlíð, s. 822 2885.



M. Benz E 200 K, árg. 02/2004, ek. 29 þús. km. ABS hemlar, armpúði, álfelgur, ESP stöðugleikakerfi og spólvörn. Fjarstýrðar samlæs., geislaspilari og fl. Verð 4.700.000. Ágúst sími 862 2000. magnusson@internet.is

**Magnússon ehf.**
**Sími: 862 2000**

12 volt



Jeep Cherokee limited 8/01 ek:45þús mílur. Einn með öllu. Tilboð 2,7. Uppl. í s.896 9616.

**12 Volt**
**Malarhöfða 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 565 2500**

### Bílar til sölu



**Ford Eurostar 1994**
Ford Eurostar 1994, ekinn 222 þús. km. 7 manna, þjónustubók. Góður eftir aldri ! Þarfnast lagfæringar. Uppl. í s. 897 1700. Tilboð óskast...

**Athugið get útvegað**
Allar gerðir af bílum frá Ameríku þar á meðal Dodge (benz) Sprinter, árgerðir 2005 bæði vörubílum og fólksbílum. Uppl. í s. 899 3004.

Til sölu Toyota Corolla 1300, '95, ek. 157 þús. Snyrtilegur og sparneytinn. V. 380 þús. Aðeins bein sala. S 858 8651.

Subaru Justy S-11 4WD, '91, 5 gíra til sölu. Góður bíll. Uppl. í s. 868 9663.

### 0-250 þús.



Til sölu blágræn Mazda 323F, árgerð '93, ekinn 225 þús., sjálfskiptur, verð 75 þús. Upplýsingar í síma 862 4613.



Saab 9000 '91. Smurbók. Mjög vel farinn. Sjálfsk. Ekinn 147 þús. Verð 250 þús. Stgr. Sími 845 5525.



**Tilboð 140 þús. staðgr.**
Mazda 323 F '94. Ekinn 152 þús., sk. '05, 5 gíra, rafmagn í rúðum og fl. Uppl. í s. 691 4441.



Til sölu Mitsubishi Lancer '91. Sk. '05, ssk. Verð 150 þús. Uppl. í s. 843 9065.

Ford Rancer Pickup '91. Sk. '05. Ásett verð 220 þús. Fæst fyrir minna. Uppl. í s. 869 9620. Örn.

Nissan Sunny '89, 3ja dyra, ssk. 1600 vél. ek. 156 þús. Er með bilaða vél. Uppl. í s. 895 7233.

Daihatsu blár að lit. Sjálfskiptur, 5 dyra, ekinn 107 þús. Í góðu standi. 55 þús. stgr. Sk. '05. Uppl. í s. 848 5408.

Subaru Legacy station, hvítur, '92, 2000cc, ssk., ekinn 170 þús, vel farinn og nýupptekinn bíll, tilboð óskast. S. 698 4027.

Toyota Corolla '94 Sedan til sölu. Nýlegar bremsur, demparar og hjólalegur, 15"álfelgur fylgja á sumardekkjum. Góður bíll á góðu verði. Fyrstur kemur, fyrstur fær. Staðgr. 250 þús. Uppl. í síma 693 9984.

Honda Accord '90. Ekinn 173 þús. Verð 180.000. Uppl. í síma 846 2539.

Jepp Cherokee árgerð '85 í þokkalegu ástandi til sölu á 80 þús. Uppl. í 698 4157.

Georg er til sölu! Subaru 4WD '91. Keyrður 185 þ. Þarfnast viðgerðar. Upplýsingar í síma 866 0677.

Daihatsu Charade '91, ek. 148 þús., dökkblár. cd, sumar og vetradekk. Léleg kúpling og aftur demparar. Verð 70 þús. Uppl. í s. 555 4116 eftir kl. 16.

**Ódýr !**
MMC Lancer '95. Ek. 160 þús. sk. '05. Mjög vel með farinn. V. 200 þús. Uppl. í s. 696 9934.

Hyundai Accent, árg. '96, ek. 145 þús., 3ja dyra, sk. '05, góður bíll. Verð 310 þús. Tilboð 190 þús. stgr. Uppl. í s. 691 9374.

### 250-499 þús.

Nissan sunny station árg. '96 ek. 163 þús. Fallegur og vel með farinn bíll. Verð 340 þús. sem mætti greiðast á skuldarbréfi á 10 þús. á mán. Uppl. í s. 895 8873.

Til sölu Benz E 200 '88. Ekinn 337 þús. Verð 320 þús. Uppl. í s. 691 0156.

Til sölu Toyota Corolla 1300 St. '96. Sk. '05, bíll í toppstandi. Uppl. í s. 893 4644.

### 500-999 þús.



**Yaris. Tilboð !**
Yaris, árg. '02, ek. 25 þús., 5 dyra, cd. Áhv. 550 þús., selst á 790 þús. stgr. Uppl. í s. 896 0399.



Toyota Corolla G6, svartur, 6 gíra, geislaspilari, topplúga, lowprofile dekk og álfelgur, lækkaður, litað gler. ásett verð 790 þ. áhv. 390 þ. Gísli S. 849 8421 eftir kl. 18.



Til sölu Opel Omega station '96 sjálfsk. með aukabúnaði. Ekinn 130 þús. Toppviðhald. Uppl. í s. 892 5577.



100% lán ef óskað er. Subaru station 11/'98, ek. 110 þús. Góður bíll, ný kúpling + tímareim. Góður stgr. afsl. S. 822 4167.

Hvít Honda Civic 1400 '98 til sölu. Ekinn 80 þús. Verð 690 þús. Uppl. í s. 845 2235.

### 1-2 milljónir



Audi A4 '99, 1800 ssk., ekinn 77 þ. km, fallegur bíll. Verð 1250 þ. S. 895 4558.



Reno Laguna II, árg. '01, ek. 60 þús. Fallegur bíll. Gott lán með 0% vöxtum getur fylgt. Verð 1190 þús. Uppl. í s. 848 7669.



Til sölu Toyota RAV 4 árgerð 2001, ek. 56.500 km, sjálfsk. V. 1850 þús. Uppl. í s. 555 1395 eftir kl. 19.

Toyota Avensis Dísil árg. '01 ek. 123 þ. Verð 1250 þ. Áhv. 700 þ. Uppl. í s. 897 0370.

### 2 milljónir +



Grand Cherokee Limited 4,7 árg. 2002. Mjög fallegur bíll með öllum aukabúnaði. Ekinn 59 þ. km. Upphækkaður á nýl. 31" dekkjum. Til sölu á 3,2 m. (listaverð 3.9 m). Uppl. s. 893 8033.

### Bílar óskast

Vantar Bens 123 boddí í góðu standi. Ekki nýrri en '79. Uppl. í síma 845 6822, Jón.

Ódýrir bílar óskast. Allt kemur til greina. Uppl. í s. 822 8171.

Óska eftir bíl á verðbilinu 0-50 þús. Þarf að vera á númerum, helst sk. '05. Allt kemur til greina. Uppl. í s. 865 4874.

Óska eftir bílum '98 eða nýrri, mega vera klesstir eða bilaðir. Uppl. í s. 822 4167.

Óska eftir ódýrum bíl á ca 10-45 þús. Uppl. í síma 661 3548.

Vantar nothæfan bíl á númeri (helst Ameriskan) fyrir 10 þús. Uppl. í s. 840 4096.

### Jeppar



Nissan Terrano II lux 2.7 diesel. Nýskráður 23.03.2000. Ekinn 93.000. Sjálfskiptur, dráttarbeisli, sóllúga. Ný snjódekk, negld. Þjónustubók frá upphafi. Bíll í óvenjulega góðu ástandi. Verð 1.990 þús. S. 510 1519 & 555 2630.



Til sölu Toyota 4Runner '91, sjálfssk. Nýleg 31" dekk. Verð 270 þús. S. 551 9252 & 694 7156.



Toyota Landcruiser 80, ekinn 161 þús. Hvítur. Mjög vel með farinn. Tilboð óskast. S. 892 3260.



MMC Pajero, 3,0 V6, ssk. 02/'98 ekinn 93 þ. Reyklaus og vel með farinn, engin skipti. Verð 1.950 þ. Uppl. í síma 896 6443.

Land Rover Discorvery '02, mjög vel með farinn, ekinn 48 þús. Upplýsingar í síma 820 4453.

### Sendibílar

Til sölu vinnubíll. Nissan Vanette '91. Ekinn 165.000 km. Skoðaður '06. Bíll í góðu standi og lítur vel út. Er með þakboga. Ásett verð ca. 265 þús. Uppl. 893 8048 & 868 0138.



/ Í KVÖLD
ÞJÓÐLEIKHÚSINU //
ÍSLENSKU
TÓNLISTARVERÐLAUNIN
VIÐ VERÐLAUNUM FYRIR HLJÓMPLÖTU ÁRSINS FYRIR ÁRIÐ 2003
ICELANDAIR
vísir
Landsbankinn
/ 2004 /



Hljómsveitin Mínus tekur við verðlaunum fyrir hljómplötu ársins fyrir árið 2003

# ÍSLENSKU TÓNLISTARVERÐLAUNIN

## Þjóðleikhúsinu 2. febrúar kl. 20:00

í beinni útsendingu í Sjónvarpinu, Rás 2 og tónlist.is

Fram koma:
Lúðrasveit Reykjavíkur - Mezzoforte
Camilla Söderberg - Hjálmar
Ragnheiður Gröndal - Ragnar Bjarnason
Brain Police - Jagúar
og fjöldi annarra landsgrægra gesta

Kynnar:
Gísli Marteinn Baldursson
Þórunn Lárusdóttir
Guðmundur Steingrímsson

veita Íslensku tónlistarverðlaununum tæknilegt brautargengi - heimasíða ítv er tónlist.is



# / Formáli /

Íslensku tónlistarverðlaunin eru nú veitt í 11. sinn. Frá upphafi hefur markmið verðlaunanna verið að beina sjónum að því helsta sem athyglisverðast þótti í tónlistarlífinu á undangengnu ári. Í gegnum tíðina hafa Íslensku tónlistarverðlaunin verið í stöðugri þróun og vaxið jafnt og þétt í samræmi við sífellt öflugra tónlistarlíf í landinu.
Íslenskt tónlistarlíf hefur tekið fjörkipp með aukinni þátttöku opinberra aðila. Með tilkomu Reykjavík-Loftbrú opnuðust möguleikar fyrir tónlistarfólk að kynna íslenska tónlist í eigin persónu víða um heim. Endurreisn Nýsköpunarsjóðs tónlistar, Musica Nova, hefur stóreflt nýsköpun á sviði tónlistar og með stofnun nýs Tónlistarsjóðs nú í janúar síðastliðnum skapast öflugt tæki til þess að efla markvisst íslenskt tónlistarlíf innanlands og auka jafnframt útrás íslenskrar tónlistar. Með skýrslu dr. Ágústs Einarssonar, prófessors við Háskóla Íslands, liggja fyrir í fyrsta sinn tölur um mikilvægi tónlistarlífs í íslensku hagkerfi. Þær tölur sýna að hlutur tónlistarlífs er snar þáttur í íslensku atvinnulífi og hefur margslungin áhrif á hagkerfið auk menningarlegs gildis tónlistar í samfélaginu. Félagasamtök innan tónlistarlífsins hafa á undanförnum árum starfað saman undir nafni Samtóns til að vinna sameiginlega að hagsmunum íslenskrar tónlistar bæði heima og erlendis. Þessi vinna hefur nú þegar skilað sér margfalt og mun slík samvinna skila aukinni veltu íslensks tónlistarlífs til hagkerfis okkar í framtíðinni ásamt því að skapa öflugra og fjölbreyttara menningarlíf á Íslandi.
Að lokum óskar Samtónn íslensku tónlistarfólki til hamingu með árangurinn á liðnu ári.

*f. h. Samtóns*
*Kjartan Ólafsson, formaður*



# / Hönnuður verðlaunagripsins /

INGA ELÍN, MYNDLISTARMAÐUR
**Fædd 22. september 1957.**

**Myndlistarnám:**
**Myndlistarskólinn í Reykjavík 1972-1974**
**Myndlista- og handíðaskóli Íslands 1974-1978 og 1981-1982**
**Skolen for Brugskunst, Kaupmannahöfn 1983-1988**

Inga Elín hefur gegnt störfum í fulltrúaráði Sambands íslenskra myndlistarmanna og hefur setið í stjórn félagsins frá árinu 2000. Hún stofnaði Gallerí Ingu Elínar í Reykjavík árið 1994, en það fluttist til Mosfellsbæjar árið 2001. Listakonan Inga Elín hefur haldið allmargar einkasýningar bæði á Íslandi og í Bretlandi og tekið þátt í fjölda samsýninga á Norðurlöndunum sem og á Íslandi. Hún hefur hannað og unnið ýmis verk fyrir Kokkalandsliðið í fjöldamörg ár. Inga Elín var tilnefnd til Menningarverðlauna DV fyrir myndlist árið 1994 og sex árum áður hlaut hún Kunsthandværkerprisen af 1879 verðlaunin í Kaupmannahöfn. Árið 1997 var Inga Elín bæjarlistamaður Mosfellsbæjar. Helstu verksvið og verkefni Ingu Elínar eru hönnun, glerlist, postulín, steinsteypa, leirlist, glersteypa og skúlptúr.

# / Íslensku Tónlistarverðlaunin /


ÞAÐ ER SAMTÓNN SEM STENDUR AÐ ÍSLENSKU TÓNLISTARVERÐLAUNUNUM

STJÓRN SAMTÓNS
Form. Kjartan Ólafsson Tónskáldafélagið/STEF
Björn Th. Árnason FÍH
Magnús Kjartansson FTT/STEF
Eiríkur Tómasson STEF
Gunnar Guðmundsson SFH
Ásmundur Jónsson SFH

STJÓRN ÍSLENSKU TÓNLISTARVERÐLAUNANNA
Form. Margrét Bóasdóttir FÍT
Sigurgeir Sigmundsson FÍH
Pétur Grétarsson fh. Samtóns

FRAMKVÆMDASTJÓRN ÍSLENSKU TÓNLISTARVERÐLAUNANNA
Frkvst. Einar Bárðarson fh. Concert
Helga Lilja Gunnarsdóttir fh. Concert

ÍTV ÞAKKAR EFTIRFARANDI SAMSTARFSAÐILUM FRÁBÆRT SAMSTARF
Icelandair
Landsbankinn
Vísir

ÍTV ÞAKKAR EFTIRFARANDI SAMSTARFSAÐILUM TÆKNILEGT BRAUTARGENGI
Tónlist.is
EB Hljóðkerfi
Exton Kastljós
Concert

SÉRSTAKAR ÞAKKIR:
Menntamálaráðuneyti
Iðnaðarráðuneyti
Höfuðborgarstofa
Loftbrú Reykjavíkur
Menningarmálanefnd
Íþrótta- og tómstundaráð Reykjavíkur
Hitt Húsið
Egill Eðvarðsson
Sjónvarpið
Starfsfólk Rásar 2

SÉRSTAKAR ÞAKKIR FÁ ALLIR ÞEIR SEM TÓKU ÞÁTT

BLAÐ ÍSLENSKU TÓNLISTARVERÐLAUNANNA

UMSJÓN:
Þröstur Emilsson og Bergdís Sigurðardóttir
HÖNNUN OG UMBROT:
Bergdís Sigurðardóttir /
365 - prentmiðlar

TEXTI UM TILNEFNINGAR: Dr. Gunni.

LJÓSMYNDIR:
á forsíðu / Stefán Karlsson, af heiðursverðlaunahafa / Hari, af hönnuði verðlaunagrips / Hari, af verðlaunahafa Samtóns / Vilhelm.
Ljósmyndir í blaðinu eru í langflestum tilfellum í eigu 365 - prentmiðla.
Þakkir til Pjeturs fyrir hjálp við myndasöfnun.

# / Plata /

VERÐLAUNAÐAR SÍGILDAR HLJÓMPLÖTUR / 1995 – Schwanengesang – Kristinn Sigmundsson og Jónas Ingimundarson / 1997 – Northern Lights / Sor Ponce – Kristinn Árnason / 1998 – Ljóð án orða – Bryndís Halla Gylfadóttir og Steinunn Birna Ragnarsdóttir / 1999 – Klassík – Diddú / 2000 – Sinfóníuhljómsveit Íslands undir stjórn Petri Sakari – Finlandia / 2001 – Jón Leifs: Söngvar - Finnur Bjarnason og Örn Magnússon / 2002 – Baldr eftir Jón Leifs – Sinfóníuhljómsveit Íslands, stjórnandi: Kari Kropsu / 2003 – J.S. Bach / Brandenborgarkonsertar - Kammersveit Reykjavíkur.

*Það hefur iðulega verið glæsilegt úrval þegar kemur að flokki sígildra hljómplatna. Engin undantekning er þar á nú. Fimm plötur eru tilnefndar.*




**Verk fyrir selló og píanó**
Á þessari plötu leika Bryndís Halla Gylfadóttir sellóleikari og Edda Erlendsdóttir píanóleikari sjaldheyrðar kammerperlur eftir Enescu, Janacek, Kodaly og Martinu. Góð spilamennska og innlifuð túlkun er einkennandi fyrir þær stöllur, sem hafa fyrir löngu skipað sér í fremstu röð íslenskra hljóðfæraleikara.




**Ferskir vindar**
Camilla Söderberg flytur sjö nýjar íslenskar tónsmíðar fyrir blokkflautu og rafhljóð, sem voru flestar samdar fyrir hana sérstaklega. Höfundar efnisins eru Atli Heimir Sveinsson, Hilmar Þórðarson, Hjálmar R. Ragnarsson, Kjartan Ólafsson og Lárus H. Grímsson.




**Glíman við Glám**
Símon H. Ívarsson leikur gitartónsmíðar eftir Gunnar Reyni Sveinsson, en saman hafa þeir unnið að þessari plötu í tæp fimmtán ár. Sum lögin voru upprunalega samin með önnur hljóðfæri í huga en Símon aðlagaði verkin tæknilegum möguleikum gitarsins í nánu samstarfi við höfundinn.



**Virðulegu forsetar**
Verk Jóhanns Jóhannssonar í flutningi CAPUT, Guðmundar Sigurðssonar, Harðar Bragasonar, Matthíasar M.D. Hemstock, Skúla Sverrissonar og höfundarins. Jóhann, sem á rætur í rokkinu, hefur fengið stórgóða alþjóðlega dóma fyrir þetta verk sem þykir sameina það besta úr nýklassík, ambient-tónlist og tilraunakenndri kvikmyndatónlist.



**Það er óskaland íslenskt**
Kór Áskirkju flytur íslensk ættjarðarlög undir stjórn Kára Þormar. Þótt tónlistin sé gamalkunn og margflutt þykir söngur kórsins svo tær og túlkunin svo innileg að tónlistin birtist í nýju og fersku ljósi. Þá þykir hljóðupptaka Sveins Kjartanssonar til mikillar fyrirmyndar.

# / Tónverk /

VERÐLAUNUÐ SÍGILD TÓNVERK / 2001 Víólukonsert eftir Kjartan Ólafsson / 2002 Barn er oss fætt eftir John Speight / 2003 Konsert fyrir klarínettu og blásarasveit eftir Tryggva M. Baldvinsson

*Fimm tónverk eru tilnefnd sem tónverk ársins í flokki sígildrar og samtíma tónlistar.*



**Flow and Fusion eftir Þuríði Jónsdóttur** var flutt af Sinfóníuhljómsveit Íslands í febrúar 2004, en hafði verið frumflutt á Ítalíu tveim árum fyrr. Verkið er fyrir sinfóníuhljómsveit og rafhljóð og segir Þuríður um það: „Eitt af því sem ég hafði í huga þegar ég skrifaði Flow and Fusion voru ólíkir taumar flæðandi glóðheitrar bergkviku sem sameinuðust í einni iðandi hraunkvoðu, sem storknaði svo, varð að kletti... og endurómaði."



**Kammeróperan Grettir eftir Þorkel Sigurbjörnsson** var frumflutt í Bayreuth í Þýskalandi í ágúst. Flutningurinn var lokaatriði á mikilli menningarhelgi þar sem tengsl tónlistar Richards Wagner og íslenskra þjóðsagna voru m.a. skoðuð. Grettir er í þrem hlutum, höfundur texta er Böðvar Guðmundsson en stjórnandi frumflutningsins var Guðmundur Emilsson.



**Verkið Sería eftir Hauk Tómasson** var frumflutt af Kammersveit Reykjavíkur á Myrkum músikdögum í febrúar 2004. Sería er samið fyrir tíu hljóðfæri og samsett úr sex tvíleiksköflum og sex köflum sem allir leika. Verkið var samið útfrá sama grunnefni sem aðlagað var hinum mismunandi hljóðfærum.



**Sinfónía eftir Þórð Magnússon** var frumflutt af Sinfóníuhljómsveit Íslands á Myrkum músikdögum 2004. Verkið er fyrsta verk Þórðar sem samið er fyrir stóra hljómsveit. Þar kennir margra grasa og ýmiskonar blæbrigða. Þórður segir um Sinfóníuna: „Verkið er fjörlegt á köflum en stundum ljúfsárt eða tregafullt. Að lokum sættast ólík sjónarmið og sinfónían endar friðsamlega."



**Hljómsveitarverkið Sjö byltur svefnleysingjans eftir Harald Vigni Sveinbjörnsson** var frumflutt af Sinfóníuhljómsveit Helsingborgar í febrúar 2004. Haraldur hefur nýlokið masters-námi frá Tónlistarskólanum í Malmö. Verkið segir hann melódískt og aðgengilegt, en þó skrýtið, enda að mestu samið á andvökunóttum með tilheyrandi eirðarleysi og brölti.

# / Flytjandi /

VERÐLAUNAÐIR SÍGILDIR FLYTJENDUR / 2001 Mótettukórinn og Hörður Áskelsson / 2002 Hamrahlíðarkórinn og Þorgerður Ingólfsdóttir / 2003 Sinfóníuhljómsveit Íslands og konsertmeistararnir Guðný Guðmundsdóttir og Sigrún Eðvaldsdóttir.

*Flytjandi ársins er nú verðlaunaður í fjórða sinn og eins og áður koma bæði einstaklingar og hópar til greina.*



**Anna Guðný Guðmundsdóttir** hefur frá árinu 1982 starfað sem píanóleikari í Reykjavík og tekið virkan þátt í íslensku tónlistarlífi, sem einleikari, píanóleikari með einsöngvurum og kórum og sem kennari við Listaháskóla Íslands. Á síðasta ári lék Anna að vanda víða, m.a. í tónleikaröð með Gunnari Guðbjörnssyni og á Atla Heimis Portrait í Salnum.



**Bryndís Halla Gylfadóttir** hefur gegnt leiðandi stöðu sellóleikara Sinfóníuhljómsveitar Íslands síðan 1990 og verið virkur þátttakandi í íslensku tónlistarlífi undanfarin ár, jafnt sem einleikari og í kammertónlist. Hún er félagi í Trio Nordica, Ethos kvartettinum og Caput-hópnum. Hún hefur leikið inn á fjölda geislaplatna, á síðasta ári m.a. með Eddu Erlendsdóttur sem tilnefnd er í ár.



**Caput-hópurinn** hefur síðan 1987 verið leiðandi afl í nýrri tónlist á Íslandi og er á meðal fremstu tónlistarhópa í Evrópu sem fást við nýja tónlist. Árið í fyrra var engin undantekning á glæsilegu starfi hópsins. Hann lét m.a. til sín taka á Myrkum músikdögum og í tónleikaröðunum Ný endurreisn og 15:15, en fyrir framlag sitt til síðarnefndu tónleikaraðarinnar hlaut Caput menningarverðlaun DV í annað sinn.



**Íslenska óperan** er tilnefnd fyrir flutning á hinum krassandi óperutrylli Sweeney Todd eftir Stephen Sondheim. Óperan var frumsýnd í New York 1979. Gísli Rúnar Jónsson og Grínarar hringsviðsins þýddu verkið. Ágúst Ólafsson fer með titilhlutverkið, en í öðrum burðarhlutverkum eru m.a. Ingveldur Ýr Jónsdóttir, Maríus Sverrisson og Örn Árnason leikari. Leikstjóri er Magnús Geir Þórðarson og hljómsveitarstjóri Kurt Kopecky.



**Sinfóníuhljómsveit Íslands og stjórnandinn Rumon Gamba** eru tilnefnd fyrir flutning á sinfóníum Dimítríj Sjostakovitsj, en það vandasama verkefni þykir hafa tekist með afbrigðum vel. Rumon tók við stöðu aðalhljómsveitarstjóra Sinfóníunnar árið 2002 og nýlega náðist samkomulag um að framlengja samning hans við hljómsveitina. Hann verður því aðalhljómsveitarstjóri hennar og listrænn stjórnandi fram til ársins 2009.





JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • 1813

# Búum til fleiri fræga Íslendinga!

Alþjóðlega tónlistarhátíðin Iceland Airwaves sem Icelandair setti á laggirnar hefur skapað íslensku tónlistarfólki ný og spennandi tækifæri.

Icelandair stendur að ferðasjóðnum Reykjavík-Loftbrú sem 490 íslenskir tónlistarmenn hafa nýtt til að koma sér á framfæri erlendis.

Á Íslensku tónlistarverðlaununum á miðvikudag verða veitt útrásarverðlaun Reykjavík-Loftbrú en sigurvegarar á síðasta ári voru piltarnir í Mínus.

ÍSLENSKU TÓNLISTARVERÐLAUNIN

Íslensku tónlistarverðlaunin fara fram í Þjóðleikhúsinu miðvikudaginn 2. febrúar.

ICELANDAIR
www.icelandair.is

6 ÍSLENSKU TÓNLISTARVERÐLAUNIN 2004 | SÍGILD OG SAMTÍMATÓNLIST

# / Bjartasta vonin /

*Í ár er tekin upp sú nýbreytni að verðlauna björtustu vonina í flokki sígildrar og samtímatónlistar. Sex aðilar – einstaklingar og hópar – koma til greina sem væntanlegir verðlaunahafar.*



Fiðluleikarinn **Ari Þór Vilhjálmsson** er fæddur árið 1981. Hann lauk einleikaraprófi frá Tónlistarskólanum í Reykjavík árið 2001 og hélt að því búnu til Bandaríkjanna þar sem hann stundar nú nám. Á síðasta ári þreytti Ari Þór frumraun sína á Íslandi á einleikstónleikum í TÍBRÁ í Salnum og hlaut viðurkenningu úr Styrktarsjóði Önnu Karólínu Nordal.



Hópur tónlistarmanna sem kallar sig **Aton** hefur verið starfandi síðan 1988, í fyrstu undir nöfnunum Atonal Future og Atónal-hópurinn. Listrænir stjórnendur eru **Áki Ásgeirsson og Berglind María Tómasdóttir**. Hópurinn sérhæfir sig í flutningi nýrrar tónlistar og hefur frumflutt verk eftir öll helstu tónskáld Íslands af yngri kynslóðinni.



**Kammersveitin Ísafold** hefur starfað í ágústmánuði árin 2003 og 2004. Hljómsveitarstjóri er Daníel Bjarnason, en sveitin samanstendur af 18 manns. Á þessum eina mánuði ár hvert fer sveitin í tónleikaferð um landsbyggðina og endar með tónleikum í Reykjavík. Listrænn metnaður sveitarinnar er að kynna hlustendum fjölbreytt úrval nútímatónlistar.



Tenórinn **Eyjólfur Eyjólfsson** er menntaður bæði í söng og þverflautuleik. Hann hefur nýlokið meistaragráðu í tónlist frá Guildhall School of Music and Drama og stundar nú nám við óperudeild sama skóla. Hann hefur m.a. sungið með Hljómeyki, Schola Cantorum og Grímu. Á liðnu ári söng hann m.a. á tónlistarhátíð í Frakklandi og á sumartónleikum í Skálholti.



**Birna Helgadóttir** píanóleikari, **Una Sveinbjarnardóttir** fiðluleikari og **Freyja Gunnlaugsdóttir** klarínettuleikari skipa **Tríó Gorki Park**, sem með tónleikum sínum þykir hafa skipað sér í fremstu röð íslenskra kammerhópa. Eins og nafn hópsins bendir til hefur rússnesk tónlist verið áberandi, en efnisval hópsins þykir sýna áræðni og frumleika.



**Víkingur Heiðar Ólafsson** píanóleikari varð tvítugur í fyrra og þykir einn efnilegasti tónlistamaður þjóðarinnar. Hann hóf snemma að læra á píanó og stundar nú nám við Julliard-tónlistarskólann í New York. Hann hefur komið fram mjög víða, m.a. sem einleikari með Sinfóníuhljómsveit Íslands, og þreytti nýverið frumraun sína á einleikstónleikum í Salnum.

6 ÍSLENSKU TÓNLISTARVERÐLAUNIN 2004 | ÝMIS TÓNLIST

# / Plata /

ÝMIS TÓNLIST – VERÐLAUNAÐAR PLÖTUR / 2001 Jagúar – Get the Funk OuT / 2002 Skúli Sverrisson og Óskar Guðjónsson – Eftir þögn / 2003 Guðrún Gunnarsdóttir – Óður til Ellýar

*Nú eru í fjórða skipti veitt verðlaun fyrir hljómplötur í flokknum „Ýmis tónlist". Sem fyrr koma plöturnar fimm úr ýmsum áttum og eru með gerólíku sniði.*



Kvikmyndin **Nói albínói** vakti mikla athygli þegar hún var frumsýnd árið 2003. Leikstjóri hennar, Dagur Kári Pétursson, hefur lengi verið ásamt Orra Jónssyni í hljómsveitinni Slowblow og því hæg heimatökin hjá Degi að láta sveitina sjá um tónlistina í myndinni. Útkoman kom út á disk í fyrra og er sérvitur og hæg eins og myndin.



Á plötunni **Sálmar** leitaðist Ellen Kristjánsdóttir við að finna tónlistarlega nálgun á sálma sem hafa fylgt íslenskum kynslóðum frá vöggu til grafar og hljómað í kirkjum landsins um langa hríð. Maður hennar, Eyþór Gunnarsson, var henni stoð og stytta í leitinni og útsetti flesta sálmana. Platan fékk frábæra dóma og seldist best allra íslenskra platna á árinu 2004.



Á **Draumalandinu** leika Gunnar Gunnarsson organisti og Sigurður Flosason saxófónleikari 13 íslensk ættjarðarlög í eigin útsetningum. Á plötunni eru þessi gamalkunnu lög skoðuð í óvæntu og fersku ljósi og leikur spuninn stórt hlutverk. Samstarf Gunnars og Sigurðar hefur áður skilað sér í plötunum Sálmar lífsins og Sálmar jólanna.



Á 75 ára afmæli Kvæðamannafélagsins Iðunnar 15 september sl. kom út bókin **Silfurplötur Iðunnar** ásamt fjórum geisladiskum með 200 fyrstu stemmunum sem félagið lét taka upp á árunum 1935-36. Þetta er griðarvönduð útgáfa. Auk allra vísnanna á prenti eru greinar um félagið, kveðskap, rímur og upptökurnar eftir valinkunna sérfræðinga.



Á geislaplötunni **Hjörturinn skiptir um dvalarstað** er að finna tónlist eftir Hróðmar I. Sigurbjörnsson við ljóð eftir Ísak Harðarson. Rússíbanarnir sjá um allan hljóðfæraleik en um söng sjá til helminga Sigrún Hjálmtýsdóttir og Vox Academica kórinn. Útkoman ber sterkan keim af ýmsum tónlistarstraumum og stefnum, ekki síst af kvikmyndatónlist.




ÍSLENSKU
TÓNLISTARVERÐLAUNIN

/ Í kvöld / í Ríkissjónvarpinu / klukkan 20:00 /




410 4000 | landsbanki.is

Landsbankinn
Banki allra landsmanna

# / Plata /

VERÐLAUNAÐAR JAZZPLÖTUR / 2001 Jóel Pálsson – Klif / 2002 Jóel Pálsson – Septett / 2003 Tómas R Einarsson – Havana

*Verðlaun fyrir bestu jazzplötuna eru nú veitt í fjórða skiptið. Fimm plötur eru í framboði.*



Á hinni funheitu plötu **Dansaðu fíflið þitt dansaðu!** má heyra útsetningar Samúels Jóns Samúelssonar á lögum eftir Tómas R. Einarsson. Upphaflega var dagskráin sett saman fyrir Listahátíð en útkoman þótti eiga fullt erindi á plötu. Fjórtán manna hópur sér um undirleikinn, þar má m.a. finna meðlimi úr Jagúar, Bogomil Font, Óskar Guðjónsson, Sigurð Flosason og plötuspilarann Gísla Galdur.




Á plötunni **Luther** sækir Björn Thoroddsen í tónlist sem samin var af upphafsmanni lútersku kirkjunnar, sjálfum Martin Luther. Hann var liðtækt tónskáld sem samdi fyrst og fremst sálma. Nokkra þeirra er að finna í sálmabókinni íslensku, en aðrir eru minna þekktir. Björn endursemur mörg þessara laga og byggir á grunni Luthers. Lagið Í dauðans böndum af plötunni er tilnefnt sem jazzlag ársins og Björn er tilnefndur sem jazzflytjandi ársins.



**Kör** er annar diskur jazztríósins B-3, sem skipað er Agnari Má Magnússyni píanóleikara, Ásgeiri Ásgeirssyni gítarleikara og Erik Qvick trommuleikara. Sérstakur gestur á Kör er tenórsaxófónleikarinn Seamus Blake. Platan inniheldur tíu frumsmíðar og er lifandi og lífræn og fær augnablikið oft að ráða niðurstöðunni. Titillag plötunnar er tilnefnt sem jazzlag ársins og B3 tríó er tilnefnt sem jazzflytjandi ársins.



Á plötunni **Skuggsjá** fara kapparnir Jóel Pálsson, saxófónn, og Eyþór Gunnarsson, píanó, þá leið að taka tólf íslensk dægurlög eftir sínu höfði og er ekki hægt að segja annað en að útkoman sé glæsileg og frumleikinn í fyrirrúmi. Lagavalið spannar vítt svið, allt frá bítlapoppi Dáta yfir í ljóðrænu Sigur Rósar með viðkomu m.a. í Bubba og Todmobile. Útsetningar félaganna eru oft svo nýstárlegar að fyrirmyndin er nánast óþekkjanleg.




**Beautiful Monster** er fyrsta plata kvartettsins Rodent sem Haukur Gröndal og Helgi Sv. Helgason stofnuðu er þeir lögðu stund á tónlistarnám í Kaupmannahöfn. Með þeim eru Finninn Jarkko Hakala og Norðmaðurinn Lars Tormod Jenset. Markmiðið frá upphafi var að einbeita sér að frumsömdu efni og er Beautiful Monster útkoma þriggja ára spilamennsku og samvinnu. Hún hefur fengið góða dóma og þykir sýna mikið andríki.

# / Tónverk /

**Í ár verður jazztónverk ársins í verðlaunað í fjórða skipti. Valið stendur á milli sex tónverka.**

VERÐLAUNUÐ JAZZTÓNVERK / 2001 Hilmar Jensson – Serenity / 2002 Skúli Sverrisson og Eyvind Kang – Weeping Rock / 2003 Tómas R. Einarsson – Bros



**Ástin eftir Tómas R. Einarsson og Ólafíu Hrönn Jónsdóttur** kom fyrst út árið 1995 á samstarfsplötu þeirra, Koss. Á plötunni Dansaðu fíflið þitt dansaðu fékk lagið grúvhlaðna yfirhalningu af 14 manna sveit Samma í Jagúar.



Verkið **Kaleidoscope eftir Árna Egilson** var frumflutt í nóvember. Það var samið sérstaklega fyrir Mezzoforte og Kór Langholtskirkju. Árni hefur í nærri hálfa öld búið og starfað í Bandaríkjunum, bæði sem bassaleikari og tónskáld.



**Þórdísardans eftir Andrés Þór Gunnlaugsson** má finna á fyrstu plötu Wijnen, Winter og Thor, en þar leikur Andrés með tveim Hollendingum. Lagið er tileinkað dóttur Andrésar og eina ballaða plötunnar.



Lagið **Evil beaver eftir blásarann Hauk Gröndal** má finna á plötunni Beautiful Monster með djasskvartettnum Rodent. Lagið er hryggjarstykki plötunnar, margslungið verk þar sem illskeyttur rokkpúls gerir m.a. vart við sig.



**Kör eftir gítarleikarann Ásgeir Jón Ásgeirsson** er titillag nýjustu plötu B-3 flokksins. Lagið er glæsilegur fulltrúi þeirrar viðleitni sveitarinnar að bræða saman fönk og hefðbundinn jazz.



**Í dauðans böndum Drottinn** lá er upprunalega páskasálmur frá árinu 1524 sem Martin Lúther endursamdi og **Björn Thoroddsen** jazzar nú upp á djarfan hátt. Lagið er opnunarlag plötunnar Luther.

# / Flytjandi /

VERÐLAUNAÐIR JAZZFLYTJENDUR /1994 – Eyþór Gunnarsson / 1995 – Eyþór Gunnarsson / 1997 – Sigurður Flosason / 1998 – Óskar Guðjónsson / 1999 – Eyþór Gunnarsson / 2000 – Eyþór Gunnarsson / 2001 – Sigurður Flosason / 2002 – Óskar Guðjónsson og Skúli Sverrisson / 2003 - Björn Thoroddsen

*Í ár verða verðlaun fyrir flytjanda ársins í hinum margslungna flokki jazztónlistar veitt í tíunda skipti. Fimm aðilar eru tilnefndir.*



**Samúel Jón Samúelsson og stórsveitin Jagúar** fyrir plötuna Dansaðu fíflið þitt dansaðu, en þar ræðst Samúel í það metnaðarfulla verkefni að útsetja lög úr söngbók Tómasar R. Einarssonar fyrir hljómsveit sína Jagúar og átta aðra, alls 14 manna band. Samúel lauk burtfararprófi í básúnuleik frá Tónlistarskóla FÍH vorið 2000 og hefur verið afkastamikill síðan, bæði í svitabaði með Jagúar og sem útsetjari á margskonar tónlist.



**B-3 fyrir plötuna Kör**, sem er önnur plata tríósins. B-3 er nefnt eftir Hammond-orgeli af B-3 gerð og því er orgelleikur Agnars Más Magnússonar eðlilega í fyrirrúmi. Aðrir meðlimir eru Ásgeir Ásgeirsson á gítar og Sviinn Erik Qvick á trommur, en á Kör kom saxófónleikarinn Seamus Blake mikið við sögu. Tríóið hefur starfað síðan í september 2001 og var sameiginlegur áhugi á hefðbundinni orgeljazztónlist það sem kveikti neistann.



**Björn Thoroddsen fyrir plötuna Luther**, en þar vinnur Björn með sálmalög eftir Martin Luther á áræðinn hátt. Gítarleikarinn Björn hefur lengi verið einn virtasti tónlistarmaður þjóðarinnar, en hann hefur haft tónlistina að aðalstarfi síðan 1982. Hann hefur kennt, gert fjölmargar sólóplötur og spilað með fjölda sveita, þ.á.m. Guitar Islancio. Björn stundaði nám við Tónskóla Sigursveins D. Kristinssonar en lauk prófi frá gítarskóla í Kaliforníu 1982.



**Jóel Pálsson og Eyþór Gunnarsson fyrir plötuna Skuggsjá**, þar taka þeir tólf íslenskar dægurperlur úr ýmsum áttum og gera að sínum. Báðir eru meðal fremstu tónlistarmanna okkar. Saxófónleikarinn Jóel hefur spilað inn á mikinn fjölda hljómplatna, m.a. hafa tvær sólóplötur hans fengið íslensku tónlistarverðlaunin. Píanóleikarinn Eyþór hefur komið víða við, m.a. í Mezzoforte og Stuðmönnum, og verið kosinn jazzflytjandi ársins fjórum sinnum.



**Rodent fyrir plötuna Beautiful Monster**, sem er fyrsta plata þessa samnorræna kvartetts Hauks Gröndal, Helga Sv. Helgasonar, Finnans Jarkko Hakala og Norðmannsins Lars Tormod Jenset. Sveitin var stofnuð 2001 í Kaupmannahöfn þar sem meðlimirnir stunduðu nám. Frumsamin tónlist þeirra er undir áhrifum frá ýmiskonar tónlist, örgustu framúrstefnu yfir í austur-evrópska þjóðlagatónlist.



Skífan óskar eftirfarandi listamönnum innilega til hamingju með tilnefningar sínar til íslensku tónlistarverðlaunanna.

ÍSLENSKU TÓNLISTARVERÐLAUNIN 2005

# TIL HAMINGJU

## Í svörtum fötum
Á meðan ég sef - hljómplata ársins (popp)
Jónsi - söngvari ársins

## Brimkló
Smásögur - hljómplata ársins (dægurtónlist)
Björgvin Halldórsson - söngvari ársins

## Bubbi
Tvíburinn - hljómplata ársins (dægurtónlist)
Fallegur dagur - lag ársins

## Brain Police
Electric Fungus - hljómplata ársins (rokk)
Jens Ólafsson - söngvari ársins
Flytjandi ársins
Umslag ársins

## Páll Rósinkranz
Söngvari ársins

## Quarashi
Guerilla Disco - hljómplata ársins (rokk)
Stun Gun - lag ársins
Flytjandi ársins

ÍSLENSKU TÓNLISTARVERÐLAUNIN 2005

S·Í·F·A·N

# / Söngkona /

VERÐLAUNAÐAR SÖNGKONUR / 1993 – Björk / 1994 – Emilíana Torrini / 1995 – Björk / 1997 – Emilíana Torrini / 1998 – Björk / 1999 – Björk / 2000 – Emilíana Torrini / 2001 – Björk /2002 – Hera Hjartardóttir / 2003 – Eivör Pálsdóttir

*Aðeins fjórar söngkonur hafa fengið þessa viðurkenningu í þau tíu skipti sem hún verið veitt. Fimm söngkonur koma til greina í ár, þar af þrjár sem ekki hafa fengið verðlaunin.*



**Ragnheiður Gröndal** er nýorðin tvítug en hefur engu að síður fest sig í sessi sem ein af mikilsmetnustu söngkonum þjóðarinnar. Hún er jafnvíg á létt dægurlög, jazzperlur og nýbylgjurokk og sannaði sig auk þess sem hljómborðsleikari og lagahöfundur á annarri sólóplötu sinni sem kom út í fyrra. Stemmingin á plötunni var í anda titilsins, Vetrarljóð, og gekk mjög vel í landann, var ein af metsöluplötunum þegar upp var staðið. Að auki söng Ragnheiður titillagið í kvikmyndinni Dís, sem tilnefnt er í flokki dægurlaga.



**Eivör Pálsdóttir** sló í gegn á Íslandi árið 2003 þegar hún gaf út plötuna Krákan. Á plötunni og á tónleikum heillaði hún Íslendinga upp úr skónum með einlægri og geislandi framkomu. Eivör var kjörin söngkona ársins í kjölfarið og hefur tækifæri til að endurtaka leikinn í ár. Á síðasta ári vann söngkonan með Vestur-Íslendingnum Bill Bourne, sem er kunnur fyrir þjóðlagatónlist sína. Saman gerðu þau plötuna Eivör, sem gefur Krákunni ekkert eftir í dýpt, innlifun og mögnuðum flutningi.



**Björk Guðmundsdóttir** er ekki aðeins frægasti Íslendingur sögunnar, hún er líka frumlegasti listamaður þjóðarinnar. Hún leggur sig alla fram við að endurtaka ekki sjálfa sig og er því innblástur fyrir aðra listamenn og frábær fyrirmynd fyrir ungt fólk á uppleið. Á plötunni Medúllu lagði hún upp með að fullnýta möguleika mannsraddarinnar og fékk allskonar fólk með sér í verkefnið. Útkoman er furðulega aðgengileg plata miðað við forsendur og enn ein varðan á einstökum ferli Bjarkar.



**Guðrún Gunnardóttir** hefur sungið opinberlega í rúmlega tvo áratugi og inn á fjölmargar plötur, m.a. Minninga-plöturnar og Íslandslög. Hún sló þó verulega í gegn með plötunni Óður til Ellýar árið 2003 og fékk Íslensku tónlistarverðlaunin fyrir það sem fáum öðrum hefði tekist; að feta í fótspor Ellýar Vilhjálms. Önnur sólóplata Guðrúnar, Eins og vindurinn, kom út í fyrra. Á þessari einlægu og persónulegu plötu eru frumsamin lög eftir Valgeir Skagfjörð, auk tveggja norskra laga með íslenskum textum Aðalsteins Ásbergs.



**Margrét Eir Hjartardóttir** hefur fyrir löngu skipað sér í fremstu röð íslenskra söngkvenna. Á síðasta ári hélt hún uppteknum hætti, söng við fjölmörg tækifæri, tók þátt í söngleikjunum Óliver! og Með næstum allt á hreinu, söng á plötu Ingva Þórs Kormákssonar, Kvöld í borginni, og síðast en ekki síst gaf hún út þriðju sólóplötu sína, Í næturhúmi. Platan var í sama anda og plata hennar, Andartak. Þorvaldur Bjarni Þorvaldsson sá um að halda hljómnum stórum og dramatíkin var allsráðandi í leikrænum flutningi Margrétar.

# / Söngvari /

VERÐLAUNAÐIR SÖNGVARAR / 1993 – Daníel Ágúst Haraldsson / 1994 – Páll Rósinkranz / 1995 – Páll Óskar / 1997 – Páll Rósinkranz / 1998 – Daníel Ágúst Haraldsson /1999 – Egill Ólafsson / 2000 - Jón Þór Birgisson / 2001 – Stefán Hilmarsson / 2002 – Arnar Guðjónsson / 2003 – Stefán Hilmarsson

*Fimm karlsöngvarar eru tilnefndir í ár, fjögur nöfn eru kunnugleg í þessum hópi, en einn söngvari er með sína fyrstu tilnefningu.*



Þótt **Páll Rósinkranz** sé bara nýorðinn þrítugur er hann gamall í hettunni þegar kemur að söng og plötuútgáfu. Fantagóður og öruggur söngur hans fleytti Jet Black Joe í hæstu hæðir rokksins, en eftir að sveitin lagði upp laupana hefur Páll sungið inn á fimm sólóplötur sem allar gengu vel. Sú nýjasta kom út í fyrra og heitir eftir söngvaranum. Þar tók Páll áhættu og vék frá þeirri reglu að syngja erlenda slagara. Nú var boðið upp á nær eingöngu ný íslensk lög og þar að auki söng Páll í fyrsta skipti alfarið á íslensku.



Orkubúntið **Jón Jósep Snæbjörnsson** – Jónsi í Svörtum fötum – átti gott ár á síðasta ári. Í sumarbyrjun var hann í fararbroddi í hinum geysivinsæla söngleik Fame og söng íslenska Eurovision-lagið, sem Evrópubúar sýndu reyndar fulllítinn skilning. Ásamt félögum sínum í hljómsveitinni hélt hann uppi stanslausri gleði á tónleikum og fjórða platan leit svo dagsins ljós fyrir jólin. Þar var komin hið draumkennda verk Meðan ég sef, sem gekk vel og mörgum þótti besta plata sveitarinnar til þessa.



Síðan hann sló eftirminnilega í gegn í Laugardalshöll 1969 hefur **Björgvin Halldórsson** verið í fremstu röð meðal íslenskra dægurlagasöngvara. Hann hefur sungið meira en 500 lög inn á plötur og verið lúsiðinn við músiksköpun ýmiskonar, ávallt fagmaður fram í fingurgóma. Á síðasta ári átti Brimkló hug Björgvins allan. Hljómsveitin kynnti landsmönnum kántrískotið popp á 8. áratugnum og sneri aftur eftir tveggja áratuga langt hlé í fyrra með plötuna Smásögur. Hún hlaut einróma lof gagnrýnenda og plötukaupenda, enda skotheld plata.



**Mugison** kom, sá og sigraði 2004 þegar kynningarstarfsemi í kringum plötuna Mugimama is this monkeymusic? gerði tónlistarmanninn að stjörnu á nokkrum vikum. Auglýsingaskrum var í algjöru lágmarki og alla velgengnina má skrifa á frammistöðu Mugison sjálfs, sem með einlægni og persónutöfrum heillaði áhorfendur upp úr skónum. Á plötunni steig Mugison fram sem fullmótaður söngvari með tilfinningalega breidd og tón sem minnir á ekki minni spámenn en Tom Waits og Nick Cave.



Það standast fáir **Jens Ólafssyni** snúning þegar kemur að því að syngja sannfærandi rokk og rosalegt ról. Með Brain Police hefur hann sannað sig áþreifanlega og komið þeirri gæðasveit á fremsta bekk íslenska rokksins. Jens á stóran þátt í gæðum plötunnar Electric Fungus og á tónleikum gefur hann sig jafnan 100% í dúndrandi rokkið. Hann getur svo auðveldlega skipt um gír og nýtur sín vel í lágstemmdari músik eins og þátttaka hans í gítarballöðudúettnum Hot Damn sýnir.

ÍSLENSKU TÓNLISTARVERÐLAUNIN



/ Í kvöld / í Ríkissjónvarpinu / klukkan 20:00 /

# / Popp plata /

VERÐLAUNAÐAR PLÖTUR / 1993 – Spillt – Todmobile / 1994 – Æ – Unun / 1995 – Post – Björk / 1997 – Fólk er fífl – Botnleðja / 1998 – Homogenic – Björk / 1999 – Magnyl – Botnleðja / 2000 – Ágætis byrjun – Sigur Rós / 2001 – XXX Rottweiler-hundar – XXX Rottweiler-hundar / 2002 – ( ) – Sigur Rós / 2003 – Mínus – Halldór Laxness

*Í fyrra voru sjö plötur tilnefndar sem plata ársins en hefðu getað verið fleiri. Í ár er sú leið farin að skipta því sem áður hét plata ársins í þrennt, svo úr verða flokkarnir Popp – plata ársins, Dægurtónlist – plata ársins og Rokk – plata ársins. Fimm plötur eru tilnefndar í hverjum flokki.*



**Mugimama, Is This Monkey-music?** er önnur plata Mugison, eða sú þriðja sé platan með tónlistinni úr Niceland talin með. Mugison er sólóverkefni Arnar Elíasar Guðmundssonar og er ekki hægt að segja annað en að vegur hans hafi legið hratt upp á við síðan hann kom með frumsmíð sína 2002. Á nýju plötunni mætast á miðri leið hefðbundnar lagasmíðar og frumlegar hljóðpælingar. Vænn skammtur af einlægni fylgir með í kaupunum og túlkun Arnar er persónuleg og ástríðufull.



**Hello Somebody!** er þriðja plata Jagúar, sú fyrsta síðan 2001 og greinilega þeirra vandaðasta verk til þessa. Hvert lag skín eins og fínpússaður demantur, enda hefur verið legið yfir hljóðheimi plötunnar og eru útsetningar og spilamennska hreinlega á heimsmælikvarða. Sem fyrr er grúv-miðuð partítónlist í fyrirrúmi og andinn sóttur jöfnum höndum í diskó, fönk og soul. Nú hefur þó sú breyting orðið á að textar og svalur söngur Samma básúnuleikara hafa bæst í suðupottinn og ekki minnkar dillandi fjörið við það.



Færeyska söngkonan Eivör Pálsdóttir hefur komið sér vel fyrir í íslenska tónlistarheiminum, var t.d. kosin söngkona og flytjandi ársins á Íslensku tónlistarverðlaununum í fyrra. Þriðja sólóplata hennar heitir einfaldlega **Eivör**. Platan er gerð í samvinnu við hinn kunna vesturíslenska tónlistarmann Bill Bourne sem semur nokkur lög auk þess að hljóðvinna plötuna. Sjálf semur Eivör nokkur lög á plötunni og syngur á fjórum tungumálum: íslensku, ensku, sænsku og færeysku. Tónlistin er að vanda ljúf og innileg og lætur engan ósnortinn.



**Medúlla** er fyrsta sólóplata Bjarkar Guðmundsdóttir síðan Vespertine kom út 2001. Listakonan er ekki þekkt fyrir kyrrstöðu eða að endurtaka sjálfa sig og því er ljóst frá fyrsta tóni plötunnar að farnar eru nýjar leiðir. Nú var röddin sjálf sett í forgang og nánast öll hljóð á plötunni eiga upptök sín í munninum. Fjöldi manna aðstoðar Björk með raddböndum sínum, en söngkonan er þó ávallt í brennidepli. Tónlistarlega var platan fjölbreytt, bæði erfið og létt, en alltaf gefandi og sannaði ótvírætt hversu einstakur og áræðinn listamaður Björk er.



**Meðan ég sef** er fjórða plata Í svörtum fötum, sem eins og kunnugt er er ein vinsælasta hljómsveit landsins leidd af poppstjörnunni og ærslabelgnum Jóni Jósep. Tónlistarlega kemur platan í beinu framhaldi af fyrri plötum, enn er nostrað við að búa til vandað íslenskt popp með sterkum séreinkennum. Meðlimir sveitarinnar semja öll lögin auk þess sem Upplyftingar-slagarinn Endurfundir fær að fljóta með. Yrkisefni textanna eru svefninn, draumarnir og ýmsar aðrar athafnir næturinnar. Útkoman er heilsteyptasta plata sveitarinnar til þessa.

# / Rokk plata /

*Nú eru í fyrsta skipti veitt verðlaun sérstaklega fyrir rokkplötu ársins. Fimm kraftmiklar plötur berjast um hituna.*



Fyrsta plata Hjálma heitir **Hljóðlega af stað**, sem verður að teljast rangnefni því það var svo sannarlega engin þögn í kringum þessa plötu og hún seldist langt umfram væntingar. Hjálmar spila reggaetónlist sem er upprunnin á Jamaika. Þó nokkrir Íslendingar hafa reynt sig við þennan tónlistarstíl en Hjálmar eru þeir fyrstu sem fylla heila plötu af reggaetónlist og spila hana auk þess af meiri sannfæringarkrafti en aðrir. Þó má alltaf greina íslenskt yfirbragð á tónlistinni, sérstaklega í snaggaralegum textum.



**Guerilla Disco** er fyrsta plata Quarashi í tvö ár, eða síðan Jinx kom út á alþjóðamarkaði 2002. Á plötunni heldur sveitin áfram að ryðja frá sér grípandi raf-rokki með röppuðum textum, en nú má líka heyra hefðbundnara popp, jafnvel má greina áhrif frá Bítlunum. Að vanda er Sölvi Blöndal höfuðpaurinn og karlinn í brúnni, en honum til fulltingis eru rappararnir Tiny og Ómar Swarez auk margra fleiri aðstoðarmanna. Platan gekk vel í landann og seldist vel enda troðin af eyrnakonfekti.



**Electric Fungus** er þriðja plata strákanna í Brain Police og þeirra heilsteyptasta verk til þessa. Að vanda er hvergi gefið eftir í kraftmiklu og karlmannlegu rokkinu, gítarriffin eru grípandi og sveitt, sullað er í rokksögunni af fagmennsku og röggsemi, en oftsinnis er platan brotin upp með nánast framúrstefnulegum köflum þar sem ímyndunaraflinu er gefið flugleyfi. Platan er rólegri en sú síðasta, innhverfari og sýnir glögglega að Brain Police er alvöru hljómsveit sem tekur áhættu.



Platan **Slowblow** með Slowblow er fjórða plata sveitarinnar, sé platan með tónlistinni í Nóa albínóa talin með. Liðin voru 8 ár síðan Slowblow kom síðast með plötu, enda er þetta varla hljómsveit í hefðbundnum skilningi heldur samstarfsverkefni Orra Jónssonar og Dags Kára Péturssonar og þeir taka upp þráðinn þegar sá gállinn er á þeim. Platan inniheldur heimabruggaða tónlist, lífrænt ræktaða úr heillandi laglínum, tilraunakenndu rokki með áhrifum víða og textum sem eru eins og örsögur og gefa tónlistinni auka dýpt.



**Home of the Free Indeed** er fyrsta stóra plata rokk-kvartettsins Jan Mayen og kom sveitinni með hraði á kortið og stimplaði það inn sem eitt mest spennandi rokkband landsins. Sveitin leggur mikið upp úr samleik tveggja gítara sem hamast í kringum þéttar trommur og bassa svo úr verður grípandi og flott nýrokk. Tónlistin minnir vissulega á ýmis erlend bönd sem njóta athygli um þessar mundir, en meðlimir Jan Mayen sýna svart á hvítu í 14 lögum plötunnar að þeir eru engar hermikrákur og persónulegur stíllinn skín alltaf í gegn.

# / Dægurtónlist /

*Nú eru í fyrsta skipti veitt verðlaun fyrir plötu ársins í flokki dægurtónlistar. Fimm frábærar plötur eru tilnefndar.*



**Tvíburinn** með Bubba Morthens er án efa persónulegasta plata kóngsins í langan tíma, sú persónulegasta síðan Kona kom út, segja sumir. Heiti plötunnar vísar í Tómas, tvíburabróður Krists, og eru flestir textarnir trúarlegs eðlis enda hefur Bubbi verið að finna sig í Biblíulestri og trú á Jesús Krist síðustu misserin. Tónlistin er í blágresis-stíl. Auk Bubba koma helst við sögu þeir Vignir Ólafsson, Magnús Einarsson og Dan Cassidy á fiðlu. Platan var tekin upp á aðeins 20 tímum og er því strípuð af glingri, hittir beint í mark.



Jón Ólafsson hefur hingað til unnið mest á bak við tjöldin; með Ný dönsk, í söngleikjum og við þáttagerð í sjónvarpi, en með fyrstu sólóplötu sinni, sem heitir einfaldlega **Jón Ólafsson** og kom út í maí sl. vakti hann verulega athygli. Jón var duglegur að fylgja plötunni eftir með tónleikahaldi í ólíklegustu plássum við mikla lukku. Tónlistin á plötunni er þægilega ljúf, textarnir góðir og heimilislegir (m.a. eftir Hallgrím Helgason og Kristján Hreinsson), og söngrödd Jóns vinaleg og óþvinguð – sjálfur kallar hann hana Ikea-röddina.



**Smásögur** er sjötta plata Brimkló-ar, sú fyrsta síðan 1981. Brimkló með Björgvin Halldórsson í fararbroddi hefur lengi verið ein vinsælasta hljómsveit landsins og nú eins og áður er boðið upp á vænan skammt af poppaðri kántrítónlist með sniðugum textum, oft í dramatískum smásagnastíl. Lögin eru jafnt tökulög og frumsamin og framsetningin óaðfinnanleg. Platan flæðir þægilega áreynslulaust áfram, enda fagmenn með áralanga reynslu hér á ferðinni.



**Vetrarljóð** er önnur sólóplata hinnar ungu söngkonu, Ragnheiðar Gröndal. Sú fyrri, sem kom út 2003, vakti mikla athygli og í fyrra var Ragnheiður kosin bjartasta vonin á Íslensku tónlistarverðlaununum, auk þess sem lagið Ást þótti besta lagið. Á nýju plötunni sannar Ragnheiður sig sem fjölhæf og hæfileikarík söngkona en stígur auk þess fram sem prýðisgóður lagahöfundur og píanóleikari. Líkt og nafn plötunnar gefur í skyn eru lögin á plötunni í hálfgerðum vetrarbúningi og auk þess kemur jólahátíðin við sögu.



**Betra en best** er fyrsta plata Mannakorna með nýju efni í yfir 10 ár. Á plötunni eru 14 sterk lög eftir Magnús Eiríksson í hinum sanna Mannakorns-anda. Sótt er til fortíðar frekar en fram á við og ljúf dægurtónlistin fullkomnuð með ljúfsárum jafnt sem gáskafullum textum. Tvíeykið Magnús og Pálmi Gunnarsson er í góðu formi og það er auðheyrt að lystin og gáfan til að gera góða tónlist hefur bara eflst með árunum. Mannakorn halda upp á þrítugs afmæli sitt á þessu ári.

# / Flytjandi /

VERÐLAUNAÐAR HLJÓMSVEITIR / 1993 – Todmobile / 1994 – Jet Black Joe / 1995 – Björk / 1997 – Botnleðja / 1998 – Maus / 1999 – Botnleðja / 2000 – Sigur Rós

VERÐLAUNAÐIR FLYTJENDUR / 1998 – Björk / 1999 – Björk / 2000 – Selma Björnsdóttir / 2001 – XXX Rottweilerhundar / 2002 – Sigur Rós / 2003 – Eivör Pálsdóttir

*Í ár berjast tvær rokkhljómsveitir, reggae-hljómsveit og fönkhljómsveit og sólólistamaður um þetta eftirsótta hnoss.*



Frá því að **Quarashi** lét fyrst í sér heyra árið 1996 hefur hljómsveitin verið meðal vinsælustu hljómsveita landsins. Allan tímann hefur Sölvi Blöndal ráðið ferðinni og stjórnað sínum mönnum af mikilli festu. Rappararnir Tiny og Ómar voru í framlínunni á plötunni Guerilla Disco sem kom út í fyrra og varð platan ein af söluhæstu plötum ársins. Lög sveitarinnar heyrast æ oftar á erlendum vettvangi og það verður örugglega ekkert lát þar á þegar nýja platan kemur út á alþjóðamarkaði.



Fyrsta plata Arnar Elíasar Guðmundsonar, **Mugison**, heitir Útbrot og kom út 2001. Hann seldi öll 80 eintökin og notaði ágóðann til að fjármagna hljóðupptökunám í London. Þaðan kom hann með plötuna Lonely Planet árið 2002. Platan vakti mikla athygli og var útgefin á alþjóðavísu. Í fyrra dvaldi Mugison á Ísafirði og gerði tvær plötur, eina með tónlist úr myndinni Niceland og svo plötuna Mugimama is this Monkey-music? Sú plata gerði Örn að stjörnu á Íslandi, enda fáir jafn einlægir og blátt áfram í tónlistarsköpun sinni og framkomu.



**Hjálmar** gerðu það sem engan óraði fyrir að væri framkvæmanlegt; að gera reggae-tónlist sem þrælvirkaði á íslensku og að selja þá tónlist í bílförmum á plötunni Hljóðlega af stað. Fortíð sveitarinnar liggur í keflvísku fönksveitinni Fálkar, en þar spiluðu gítarleikarinn Guðmundur Kristinn Jónsson og hljómborðsleikarinn Sigurður Halldór Guðmundsson, og í Svíþjóð, en þar hafði söngvarinn Þorsteinn Einarsson starfað um tíma. Um þéttan taktinn sjá svo Sviinn Petter Winnberg á bassa og Kristinn Snær Agnarsson trymbill.



Hljómsveitin **Jagúar** hefur haldið uppi sveittu fjöri á íslenskum skemmtistöðum og víðar allar götur síðan sumarið 1998. Fönk, jazz, latín, diskó og sól eru helstu hráefnin í iðandi fjörefnagrauti sveitarinnar sem borinn hefur verið fram á þrem plötum með frumsömdum lagasmíðum. Jagúar (1999) og Get the Funk out (2001) voru góðar, en sú nýjasta, Hello Somebody!, frá því í fyrra, er best; vönduð, kraftmikil og grípandi. Basúnuleikarinn Samúel Örn Samúelsson stígur nú fram sem fantagóður söngvari og ekki minnkar stuðið við það.



Rokkbirnirnir í **Brain Police** settu í samband 1998 og síðan hafa rokkarar landsins haft góða ástæðu til að hljóða af ánægju. Platan Glacier Sun frá 1999 vakti fremur litla athygli, en með nýjan söngvara innanborðs, Jens Ólafsson, fóru hjólin á trukknum að snúast. Platan Brain Police frá 2003 treysti sveitina í sessi sem eina albestu rokksveit landsins og platan sem kom í fyrra, Electric Fungus, gulltryggði stöðu sveitarinnar á rokkkortinu. Þar var rokkað af gegnheilli áfergju, en dýpri músikpælingar fengu að fljóta með.

# / Lag /

VERÐLAUNUÐ LÖG / 1993 – Stúlkan – Todmobile / 1994 – Higher and Higher – Jet Black Joe / 1995 – Army of Me – Björk / 1997 – Hausverkun – Botnleðja / 1998 – Jóga – Björk / 1999 – Atari – Ensími / 2000 – Okkar nótt – Sálin hans Jóns míns / 2001 – Á nýjum stað – Sálin hans Jóns / 2002 – Juliette 2 – Ske / 2003 – Ást - Ragnheiður Gröndal

*Fimm lög berjast um hituna í flokknum Lag ársins.*



Lagið **Stun Gun** með Quarashi er að finna á plötunni Guerilla Disco. Aðalstef lagsins er fengið að láni úr Stuðmannalaginu Hveitibjörn og tekst Sölva og strákunum glæsilega að hlaða ofan á stefið svo úr verður glænýtt stuðlag.



Lagið **Murr Murr** af plötu Mugison, Mugimama is this Monkeymusic, varð fyrst laga plötunnar til að verða vinsælt. Gítarstef lagsins er sérstaklega eftirminnilegt, en félagi Mugison, Pétur Þór Benediktsson, samdi það og spilar.



Í laginu **Fallegur dagur** leiða Bubbi Morthens og Barði Jóhannsson saman hesta sína. Lagið er eftir Bubba en poppaður andi Barða, sem hann hefur iðkað með Bang Gang, er auðheyrður. Lagið er fyrsta sýnishornið af samstarfi þeirra félaga, en meira ku vera á leiðinni.



Lagið **Sunnudagsmorgunn** er að finna á fyrstu sólóplötu Jóns Ólafssonar, sem gekk vel. Hversdagslegur textinn eftir Ólaf Hauk Símonarson og Ikea-rödd Jóns gerðu það að verkum að hlustendur fundu sig í hrönnum í laginu.



Tónlistin í **kvikmyndinni Dís** var í höndum Jóhanns Jóhannssonar og var hún gefin út á plötu. Söngkonan Ragnheiður Gröndal söng titillagið, dillandi skemmtilegt dægurlag sem túlkaði vel léttleika myndarinnar.

# / Bjartasta vonin /

BJÖRTUSTU VONIR / 1993 – Orri Harðarson / 1994 – Spoon / Emilíana Torrini / 1995 – Botnleðja / 1997 – Anna Halldórsdóttir / 1998 – Subterranean / 1999 – Ensími / 2000 – Múm / 2001 – XXX Rottweiler-hundar / 2002 – Búdrýgindi / 2003 – Ragnheiður Gröndal

*Bjartar vonir vakna ár eftir ár þegar valið er í þennan flokk, enda veljast í hann ferskir listamenn með mikla framtíðardrauma. Í ár eru fjórir aðilar – tvær hljómsveitir og tveir sólólistamenn – þess heiðurs aðnjótandi að eiga möguleika á þessum eftirsótta titli.*



**Hjálmar** er fyrst íslenskra sveita til að einbeita sér af fullri alvöru að því að spila íslenska reggae-tónlist. Sveitin varð til á góu í fyrra þegar fimm félagar fóru að stinga saman nefjum. Strax var sett stefna á plötu og mallaði hún í hljóðveri Geimsteins í Keflavík þar til hún kom út í september. Viðtökurnar urðu framar vonum enda platan full af grípandi lögum með góðum textum.



Hljómsveitin **Jan Mayen** hefur verið til í annarri mynd og undir öðrum nöfnum síðan 1997, en nafnið á norsku eyjunni festist við sveitina árið 2002. Sveitin sendi frá sér fimm laga plötu 2003, en í fyrra kom út fyrsta breiðskífan. Tónlist sveitarinnar er myljandi hrátt og pönkað popprokk og í forgrunni er samspil tveggja flinkra gítarleikara sem kallast á í þéttum trommu- og bassavegg.



**Hjörvar Hjörleifsson** er Stranger. Hann á nokkra fortíð í bransanum og hefur verið í jafn ólíkum hljómsveitum og Los, Guði gleymdir og Monotone. Síðasta haust kom platan Paint Peace þar sem Stranger reiðir fram ellefu frumsamin lög. Tónlistin er rokk með ýmsum bragðtegundum; í þykkum grautnum má m.a. heyra áhrif úr pönki, raftónlist og kántrí, og er grípandi melódísk viðleitni ávallt höfð í fyrirrúmi.



**Þórir G. Jónsson** kýs að koma fram undir nafninu Þórir, yfirleitt einn með kassagítar, en með bandi þegar mikið liggur við. Þessi ungi strákur er frá Húsavík og hefur verið í fjölmörgum hörðum og ögrandi rokkböndum. Í sveitunum hefur hann verið jafnvígur á flest hljóðfæri. Einn sins liðs er hann ljúfur sem lamb og gerir viðkvæma og einlæga popptónlist með mjög persónulegum textum – og spilar auðvitað á flest sjálfur.

# / Umslag /

*Nú eru í fyrsta skipti veitt verðlaun fyrir umslag ársins. Það var löngu kominn tími til enda er umslag og umbúðir plötu stór þáttur í heildarupplifuninni. Fimm umslög eru tilnefnd.*




SLOWBLOW
– Slowblow
Sá sem hannaði umslagið heitir **Julian House** og vinnur hann hjá auglýsingastofunni Intro í London.



BRAIN POLICE
– Electric Fungus
Umslag og umbúðir voru hönnuð af **Þormóði Aðalbjörnssyni**, en **Guðmundur Freyr Vigfússon** tók ljósmyndirnar.



MÚM
– SUMMER MAKE GOOD
**Dave Howell og Dave Thomas** hönnuðu þetta umslag í kjallara í húsi á Garðskaga.



MUGISON
– Mugimama, is this monkey music?
Útlit og hönnun var í höndum **Ragnars Kjartanssonar, Aðalgeirs Arnars Jónssonar (Alla Metals), Mugison sjálfs og Rúnu, konunnar hans.**



SKE
– Feelings Are Great
Hönnun umslagsins var í höndum **Ragnars Helga Ólafssonar** en **Marta María Jónsdóttir** teiknaði myndirnar sem hönnunin byggist á.

# / Hvatningarverðlaun Samtóns /

## ÁGÚST EINARSSON



Ágúst Einarsson er prófessor við Viðskipta- og hagfræðideild Háskóla Íslands. Hann stundaði nám í Þýskalandi og lauk prófi í rekstrarhagfræði frá Háskólanum í Hamborg 1975. Ágúst stundaði framhaldsnám við háskólana í Kiel og Hamborg og varði doktorsritgerð við Háskólann í Hamborg árið 1978. Ágúst starfaði lengi sem framkvæmdastjóri við útgerð og fiskvinnslu í Reykjavík. Hann hefur verið prófessor í Viðskipta- og hagfræðideild frá 1990 og hefur samið bækur, einkum um rekstrarhagfræði, auk greinaskrifa í tímarit og blöð. Ágúst tók virkan þátt í stjórnmálum á árum áður og var alþingismaður frá 1995 til 1999. Ágúst hefur gegnt fjölmörgum trúnaðarstörfum, m.a. verið formaður bankaráðs Seðlabankans, formaður Samninganefndar ríkisins og stjórnarmaður í fjölmörgum fyrirtækjum og samtökum. Ágúst hefur tvívegis verið deildarforseti Viðskipta- og hagfræðideildar.

Bók Ágústs, Hagræn áhrif tónlistar, sem kom út á síðasta ári, er fyrsta bók sinnar tegundar hér á landi. Um er að ræða hlutlausa úttekt eins virtasta hagfræðings landsins á hagrænum umsvifum tónlistarlífsins. Útgefandi er Viðskipta- og hagfræðideild Háskóla Íslands. Gífurlegur fengur er í þessari bók sem er ákaflega vönduð í alla staði og gefur mjög glögga mynd af ýmsum hagstærðum innan tónlistarinnar. Útgáfa bókarinnar er frumherjastarf Ágústs og sýnir umfangsmikla þekkingu hans á íslensku tónlistarlífi og í reynd allri menningu í landinu. Það er gleðilegt þegar sérfræðingar á borð við Ágúst kynna slíkan fróðleik öllum almenningi. Það þarf bæði áræði og þor að hrinda slíku í framkvæmd. Slíkt áræði og þor hefur Ágúst og stjórn Samtóns telur því vel við hæfi að veita honum hvatningarverðlaun Samtóns fyrir árið 2004.

# Myndband

*/ Myndbönd eru snar þáttur í framgangi dægurtónlistarinnar. Nú eru veitt verðlaun í fjórða skipti fyrir besta myndbandið og eru sex myndbönd tilnefnd.*



DÚKKULÍSURNAR
– Halló Sögustelpa
Myndbandið er blanda teiknimyndar og leikinna atriða. Fyrirtækið Poster stóð að gerð myndbandsins í samvinnu við fyrirtækið Þeir tveir og Dúkkulísurnar. Stefán Vilhelmsson og Gunnar Björn Guðmundsson leikstýrðu því.

BJÖRK
– Oceana
Demantaskreytt Björk syngur ólympíu-lagið sitt neðansjávar fyrir marglyttur og dularfullar neðansjávarplöntur. Englendingurinn Lynn Fox leikstýrði myndbandinu.



MÍNUS
– The Long Face
Strákarnir í Mínus hamast löðursveittir í gæjuleikhúsi á meðan nokkrir íslenskir leikarar fitla við sig í klefunum. Leikstjóri er Börkur Sigþórsson en hann hefur leikstýrt öllum myndböndum Mínuss til þessa.



MAUS
– Liquid Substance
Hér er um að ræða svokallað „stop-motion" myndband þar sem fjölmargar ljósmyndir eru látnar búa til samfellda hreyfimynd. Leikstjóri og höfundur er Hlynur Magnússon.

JAN MAYEN
– On a Mission
Strákarnir í Jan Mayen sýna leikræn tilþrif í myndbandi sem er leikstýrt af Einari Baldvin Arasyni. Leikin atriði eru síðan felld saman við teiknaðan bakgrunn.

BJÖRK
– Who Is It?
Bjölluskreytt Björk syngur í sandfjörunni við Hjörleifshöfða umkringd bjölluskreyttu smáfólki sem dansar og hringir bjöllum. Dawn Shadforth leikstýrði myndbandinu.

# / Heiðursverðlaun 2004 / HELGA INGÓLFSDÓTTIR

Helga Ingólfsdóttir, sem nú hlýtur heiðursverðlaun Íslensku tónlistarverðlaunanna, hefur markað djúp spor í íslenskt tónlistarlíf í áratugi. Að loknu einleikaraprófi í píanóleik við Tónlistarskólann í Reykjavík, þar sem hún var nemandi Rögnvaldar Sigurjónssonar, hélt hún utan til Þýskalands til náms í semballeik við Tónlistarháskólann í München. Þaðan lauk hún einleikaraprófi og var kennari hennar Hedwig Bilgram. Hún er fyrsti íslenski semballeikarinn og hefur sem slíkur unnið ómetanlegt brautryðjendastarf. Hún boðaði nýja tíma í flutningi barokktónlistar á Íslandi sem fulltrúi þeirrar hreyfingar sem hefur haft að leiðarljósi að flytja tónlist barokktónskálda eins og þeir hugsuðu hana sjálfir. Hún kenndi mörgum kynslóðum íslenskra tónlistarmanna túlkun barokktónlistar við Tónlistarskólann í Reykjavík auk þess sem hún kenndi semballeik. Árið 1975 fékk hún Manuelu Wiesler flautuleikara til liðs við sig við stofnun Sumartónleika í Skálholtskirkju. Hér var Helga einnig brautryðjandi því þetta var fyrsta sumartónleikahátíð á Íslandi.






Helga var listrænn stjórnandi hátíðarinnar frá upphafi þar til í fyrra. Flutningur barokktónlistar og nýrrar íslenskrar tónlistar hefur verið þungamiðjan í glæsilegu starfi sumartónleikanna. Hún hefur leitað eftir samstarfi við fjölmörg íslensk tónskáld og mörg af bestu íslensku tónverkum síðustu áratuga hafa verið frumflutt í Skálholtskirkju, m.a. einleiksverk fyrir sembal sem eiga engan sinn líka. Til þess að glöggva sig á umfangi Sumartónleika í Skálholtskirkju má nefna að þar hafa alls verið frumflutt 153 verk fjörutíu og eins tónskálds. En Johann Sebastian Bach hefur átt langflest verk, eða 185 og mörg þeirra flutt oftar en einu sinni. Af flytjendum er það auðvitað Helga sjálf sem oftast hefur komið fram á þessum þrjátíu árum.

Helga stofnaði Bachsveitina í Skálholti árið 1986. Leiðari hennar nú er hinn heimskunni hollenski fiðluleikari Jaap Schröder. Af tónleikaferðum Helgu má nefna ferðir til Norðurlanda, Austurríkis, Frakklands, Hollands og Bandaríkjanna. Meðal helstu viðurkenninga sem henni hafa hlotnast eru Menningarverðlaun DV, sem hún hefur fengið tvisvar, Bjartsýnisverðlaun Brøstes og Riddarakross hinnar íslensku fálkaorðu. Hún hefur leikið inn á tvær hljómplötur með Manuelu Wiesler og einleiksplötu með sembaltónlist J.S. Bachs. Þá hefur hún leikið inn á hljómdiska Goldbergtilbrigði meistara Bachs og sex fiðlusónötur hans ásamt Jaap Schröder. Hún hefur nú nýlokið við að hljóðrita íslenska sembaltónlist, tileinkaða henni, ásamt barokktónlist fyrir hljómdisk sem kemur út á þessu ári. Allar þessar útgáfur bera hugmyndaauðgi þroskaðs listamanns fagurt vitni.

Hvernig sem á það er litið er Helga Ingólfsdóttir stórbrotinn listamaður. Henni hefur tekist það sem fáum hlotnast, að sameina gríðarlega yfirgripsmikla þekkingu afar persónulegum stíl á svo sannfærandi hátt að hún er nú tvímælalaust meðal fremstu semballeikara heims. Íslenskt tónlistarlíf á Helgu mikið að þakka. Framlag hennar sem listamanns, í kennslu barokktónlistar og brautryðjanda í sumartónleikahátíðum á landsbyggðinni er ómetanlegt. Sú áhersla sem hún hefur ávallt lagt á frumsköpun og flutning íslenskrar tónlistar ásamt einstakri aðstöðu til samstarfs tónhöfunda og flytjenda ber vott um þá alúð og hugsjón sem einkennt hefur störf hennar.

*Helga Ingólfsdóttir er verðugur handhafi heiðursverðlauna Íslensku tónlistarverðlaunanna 2004.*

# / Dómnefndir / Íslensku Tónlistarverðlaunanna /

*JAZZ*
*Benedikt Garðarsson*
*Hlín Lilja Sigfúsdóttir*
*Ólafur E. Stolzenwald*
*Vernharður Linnet*
*Þorsteinn Þorsteinsson*

*UMSLAG*
*Haukur Hauksson (form. Félags íslenskra teiknara)*
*Sigrún Sigvaldadóttir*
*Stefán Einarsson*

*MYNDBÖND*
*Sindri Páll Kjartansson*
*Kolbrún Jarlsdóttir*
*Ólafur Páll Gunnarsson*

*ÝMIS TÓNLIST*
*Bjarni Bragi Kjartansson*
*Lísa Pálsdóttir*
*Pálmi Sigurhjartarson*

*BJARTASTA VONIN*
*Markús H. Guðmundsson hjá Hinu Húsinu og hópur ungs áhugafólks um tónlist hjá Hinu Húsinu*

*POPP, ROKK OG DÆGURTÓNLIST*
*Arnar Eggert Thoroddsen*
*Birgir Nilsen*
*Bjarni Arason*
*Brynjar Már Valdimarsson*
*Freyr Eyjólfsson*
*Skarphéðinn Guðmundsson*
*Trausti Júlíusson*

*SÍGILD OG SAMTÍMATÓNLIST*
*Ása Briem*
*Elísabet Indra Ragnarsdóttir*
*Hildigunnur Rúnarsdóttir*
*Sigurður Þorbergsson*
*Valdemar Pálsson*



Concert kynnir í samvinnu við Símann einstaka tónlistarviðburð
Síminn
Næsti stórvirburður í íslensku tónlistarlífi
Jose Carreras
Svæði A, verð 29.900 UPPSELT
Svæði B, verð 24.900 UPPSELT
Svæði C, verð 19.900 SÆTI LAUS
Mastecard korthafar !
Munið 20% afslætin
Ásamt strengjakvartett og píanóleikara í Háskólabíói við Hagatorg
Laugardagskvöldið 5. mars 2005 kl 20:00
Aðeins örfáir miðar lausir!
MasterCard
20% afsláttur af öllum viðburðum
Concert ef greitt er með MasterCard
Fremst í röðina með Concert og Mastercard
Allar upplýsingar í síma 511 2255
eða á www.concert.is
CONCERT

# Sesam, opnist þú!

Þegar þú kemur í heimsókn til okkar leiðum við þig um töfraheima Bang & Olufsen. Upplifðu BeoSound 3000 - sem flytur þér tónlistina á undraverðan hátt.



www.bang-olufsen.com

B&O skorar á skilningarvitin

BANG & OLUFSEN

Síðumúla 21. Reykjavík. Sími 581 1100.

## Vörubílar

Hjólkoppar á vörubíla og sendibíla 15"-22,5". Heiði Vélahlutir S. 534 3441.

## Mótorhjól



Honda CB 1100 X 136hö. Ek. 14.400 km. Svart, 06/2002. Verð 950.000. Skipti möguleg á bíl, Góður staðgr. afsl. Ágúst s. 862 2000. E-mail magnusson@internet.is

## Vélsleðar



Ski Doo MXZ X 440. Árg. 2002, 100 HÖ. Nýupptekinn mótor, skipt um legur. Belti 136. 34 mm - CA Pro skíði. Tilboð 490 þús. Enginn skipti. Ágúst s. 862 2000 e-mail - magnusson@internet.is.

**Gott eintak!**
Polaris Indy 500, ek. 3000 þús. km. Með töskum og grind. Selst á 150 þús. Uppl. í s. 896 0399.

Til sölu ný tveggja sleða opin kerra. Stærð 2,50 x 3,50 m. Verð aðeins 130 þús. Uppl. í síma 896 0399.

Polaris 400cc árgerð '90, skoða skipti. Uppl. í síma 897 9670.

Til sölu vélsleði, Yamaha Mountain Max 700. Árgerð '97, ekinn 3 þús. km. Yfirbyggð vélsleðakerra fylgir. Bæði sleði og kerra í góðu ástandi. Verð krónur 350 þús. Upplýsingar í síma 825 2051.

Polaris Indi sport '98. Er á tilboði 150 þús stgr. Toppsleði. Uppl. í s. 695 5521.

## Tjaldvagnar

Óskum eftir Compi Camp eða Camplet, 4ra manna á ca 175 þús. Uppl. í s. 568 0533 eftir kl. 17.

## Vinnuvélar



Úrval notaðra innfluttra lyftara til sölu. PON Pétur O. Nikulásson ehf s. 552 0110.




**Notaðar vinnulyftur með ábyrgð !**
Til sölu Genie skæralyftur, vinnuhæð 9,9 metrar. Í boði eru örfá eintök, árgerð 2002 með 90 daga ábyrgð. Frábært verð aðeins kr. 1.150.000.- án vsk. Vélaborg Krókhálsi 5F (gengið inn frá Járnhálsi) 110 Reykjavík, sími 414 8600, Draupnisgötu 1, 603 Akureyri, sími 464 8600.




**Leikföng - Leikföng !**
Landbúnaðarleikföng í úrvali. Fótstignar og rafdrifnar dráttarvélar, einnig minni leikföng bæði í settum og stök. Vélaborg Krókhálsi 5F Reykjavík(gengið inn frá Járnhálsi). Sími 414 8600 og Draupnisgötu 1, Akureyri. Sími 464 8600.

## Bátar



Til sölu Wind Rider seglbátar. Skemmtilegur kostur í afþreyingu fyrir ferðamenn. Nánari uppl. merkilegt.is og í s. 896 4341 & 897 9999.

Grásleppunet til sölu. Upplýsingar í síma 893 9073.

## Bílaþjónusta

5-6 bílastæði til leigu efst á Skólavörðustíg. Upplýsingar í síma 565-8822 milli kl. 9-16.

## Varahlutir

Bílhlutir, Drangahrauni 6, S. 555 4940. Sérhæfum okkur í Volkswagen, Skoda og Daihatsu. Eigum einnig varahluti í fleiri tegundir bíla. Kaupum bíla til niðurrifs.

Bílakjallarinn Stapahrauni 11, s. 565 5310. Sérhæfum okkur í VW, Toyota, MMC, Suzuki og fl.

Aðalpartasalan s. 565 9700, Kaplahrauni 11 HF. Eigum varahluti í Hyundai, Hondu, Peugeot, Mazda, MMC, Opel og fl. Kaupum bíla til niðurrifs.

Partar Kaplahrauni 11, s. 565 3323. Varahlutir í bíla þ.á m. Ford, Opel, Suzuki, Mazda, VW, Daewoo. Kaupum bíla til niðurrifs.

**AB-VARAHLUTIR**
Bílavarahlutir í flestar gerðir Evrópu og Asíubíla, t.d. boddíhlutir, ljós, kúplingar, stýrishlutir, bremsuhlutir, handbremsubarkar, vatnsdælur, öxulliðir og hosur ljóskastarar, tímareimar, viftureimar, spirnur, spindilkúlur. Og allir varahlutir fyrir Toyota. Eingöngu ný vara.
**Opið frá 08.00-18.00 mánudaga-föstudaga. Betri vara, betra verð. Sími 567 6020. Bíldshöfði 18**

Partasalan Skemmuvegi 30, sími 557 7740. Eigum varahluti í Volvo, Opel, Nissan, Toyota, Renault, Honda og fleira.

**Bílapartar og þjónusta. S. 555 3560**
Subaru, Nissan, MMC, Toyota, Ford, Hundai, Suzuki, Daihatsu, Opel, VW, Kia, Peugeot, Honda. S. 555 3560. Sendum á flutning.

Partasala Guðmundar Tangarhöfða 2, S. 587 8040. Erum að rífa Mözdu, MMC og Nissan frá árg. '88-'97. Kaupum bíla til niðurrifs.

Partasalan VTS, s. 421 8090. Toyota, Nissan, Opel, Audi 100-95, Suzuki, Lancer. Opið virka daga frá 8-18, laugard. 10-15.

Vélbúnaður og bodyhlutir í VW Golf, Polo og Yaris '98 og yngri. Einnig Airbag. Kaupi bíla. Uppl. í s. 554 1610 & 892 7852.

**Alternatorar-startarar**
Viðgerðir-sala. Tökum þann gamla uppí. Vm/Rótor ehf., Helluhr. 4, s. 555 4900.

Jeppapartasala Þórðar, tangarhöfða 2, S. 587-5058. Sérhæfum okkur með varahluti í Japanska jeppa og Subaru.

Bílaverkstæði Birgis Guðnasonar Ólafsfirði. Er með varahluti í Rav4 '01, Trooper '99, Astra stw '97 og mikið af vélsleðavarahlutum. Kaupi vélsleða til niðurrifs. Sendi um allt land daglega. S. 893 7203.

**bilapartar.is**
Bílapartar v/Rauðavatn, s. 587 7659. Erum eingöngu með Toyota. Kaupum Toyota-bíla. Opið virka daga frá 10-18. www.bilapartar.is

## Viðgerðir

Túrbínur, varahl. & viðg.þj. Vélaviðg., allar almennar viðgerðir. Sérpöntunarþj. Varahl. í flestar gerðir bíla og vinnuvéla. Túrbo ehf. s. 544 2004.

## KEYPT & SELT

## Til sölu

Bílskúrshurðaþjónusta. Bílsk.hurðir og mótorar, varahl. - viðgerðir. S. 892 7285.

**Vítamin.is og blek.is**
Labrada fæðibótaefni. Ármúla 32, s. 544 8000. Opið mán. til fös. 10 til 18. Laug. 11 til 15.

Brúnt leðurhornsófasett á 18 þús., hillusamstæða með ljósum í skápum á 18 þús. og lítið sófaborð á 8 þús. Uppl. í s. 895 6000 & 587 9395.







Tilbúnir stigar og hringstigar með harðviðar þrepum og handriðum. Handriðaefni í tré, smíðajárni og ryðfrítt stál, á lager. Stigalagerinn,Dalbrekku 26, s. 564 1890




Tilbúnir stigar og hringstigar með harðviðar þrepum og handriðum. Handriðaefni í tré, smíðajárni og ryðfrítt stál, á lager. Stigalagerinn,Dalbrekku 26, s. 564 1890







**Drifskaftaefni**
Eigum til drifsköft og aukahluti t.d. hjöruliði, hjöruliðsgafla, kúplingar, drifskaftsrör og hlífar o.fl. Vélaborg Krókhálsi 5F (gengið inn frá Járnhálsi) 110 Reykjavík, sími 414 8600, Draupnisgötu 1, 603 Akureyri, sími 464 8600.




**Comet háþrýstidælur**
Comet háþrýstidælur, margar gerðir, verð frá kr. 9.950. Vélaborg Krókhálsi 5F (gengið inn frá Járnhálsi) 110 Rvk. Sími 414 8600, Draupnisgötu 1, 603 Akureyri, sími 464 8600. Skoðið einnig úrvalið á velaborg.is

Til sölu uppþvottavél Siemens og tvær mjög nýlegar eldavélar. Uppl. í s. 896 6706.

Eldhúsinnrétting síðan 1966 til sölu með original eldavélarborði og nýlegum bakaraofni og viftu. Verð 45 þús. S. 697 8317.

**Kolvetnislausar pylsur**
Kolvetnislausar pylsur, góðar fyrir þá sem eru að passa uppá línurnar. Fást í Pólsku búðinni Hafnarfirði, Þín verslun, Seljabraut og Hagamel, og Sælkerabúðinni.

Rifbrúnn hornsófi til sölu. Mjög vel með farinn. Uppl. í s. 893 4704.

**Ódýrt.**
Tölva Pac. Bell, 17" og 20 " sjónv. Uppl. í s. 847 7319.

Blár hornsófi frá Ikea. Verð 50 þús. Á sama stað óskast notaður hárgreiðslustóll. Uppl. í síma 692 3666 & 481 3233.

Fantasíuglös frá Tékk Kristal. Bjór, rauðvíns, vatnsglös, staup og dessertsskálar. Uppl. í s. 663 8457.

Til sölu 1x12 og 1x10 feta billiardborð. Salatbar, hitaborð ofl. S. 899 8922.

Til sölu veltipanna, stór blástursofn, fasvél m/hakkavél og grænmetiskvörn ofl. S. 899 8922.

## Gefins

Gefum 2x10.000 króna gjafabréf í þessari viku í leiknum okkar. www.gefins.is

## Óskast keypt

Óska eftir að kaupa snjósleða gegn staðgreiðslu, Skidoo Sunnit 800 árg. 2001. Uppl. í síma 866 5008.

Óska eftir góðum ísskáp 60 cm á b., uppþvottavél 60 cm á b. og þvottavél (góðu merki). Uppl. í s. 899 1960.

## Hljóðfæri




Bjarni Sigurðarson, gítarleikari Mínuss, býður upp á einkatíma í gítarleik. Skráning í jesuschristbobby@hotmail.com

Til leigu æfingaaðstaða fyrir hljómsveitir. Nokkur herbergi laus, snyrtileg og góð aðkoma. Upplýsingar í síma 893 9678.

## Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/öryrkja. Sækjum. Litsýn, Síðumúli 35, s. 552 7095.

## Tölvur

**Tölvuviðgerðir frá 1500 kr.**
Heimaþjónusta í hæðsta gæðaflokki. Ókeypis uppsetning á öflugri vírusvörn. Miðnet, S. 694 6161.

Þarftu aðstoð við tölvuna? Viðurkenndur af Microsoft. 10 ára reynsla. S. 616 9153. Frá kl 8-23.

**Ódýrar tölvuviðgerðir!**
Alhliða tölvuviðgerðir og uppfærslur, einnig píanóstillingar. Uppl. í s. 899 8894.

## Vélar og verkfæri

Óska eftir borðsög til að saga steinhellur. Uppl. í s. 891 8970.




Sími 567 1800
Finndu rétta bílinn • www.bilamarkadurinn.is



Toyota Corolla Station, árg. 2002. Ek. 38 þús km, sjálfsk., rafm í rúðum og speglum, fjarst samlæs., cruise control, sumardekk á álf, vetrardekk á stál. Verð: 1650 þús. Engin skipti.



Honda Civic 1,6 VTi, árg. 11/'99, ek 96 þ. Gulur, topplúga, spoiler. Aðeins einn eigandi(fæddur 55). Gott viðhald. Bíll í mjög góðu ásikomulagi. Verð 890 þ.



MMC Pajero 3,2 DID GLX, árg. 08/'00, ek. 106 þ. Blár. Dráttarkúla,álfelgur, CD,ABS, Góð þjónustubók. Verð 3150 þ. Áhvílandi 2500 þ.



Toyota 4Runner 38" 199. Ekinn 175 þús. rafmagnslæsing að aftan, gps tæki, cb talstöð, 100 lítra aukatankur, BF kastari á þakinu, 2.5" opið púst. Ný ground hawk microskorin dekk. Verð 990 þús.



M.benz 280 SE, árg. 06/85, ek.320 þ. Grænn, ABS,álfegur, rafmagn í rúðum, speglum,topplúga. Verð: 590 þ. Tilboð: 350 þ.



Daihatsu Terios 4WD, árg. 6/'00, ek. 60 þ., blár, sjálfsk., dráttarkúla, álfelgur, rafm. rúður + spelgar, loftpúði, fjarstýrðar saml. Verð 850 þ.



Lincoln Continental, árg. 03/'91, ek. 260 þ. Grár, abs,armpúði,álfegur, leðuráklæði, rafmagn í gersamlega öllu nýupptekinn mótor, stór þjónustutalva, ofl,ofl.ofl,ofl,ofl...... Verð: 530 þ. Tilboð: 330 þ.



Mmc Galant ES 2,4. Árg. 06/'03, ek. 17 þ. blár, Spoiler, álfelgur, skigðar rúður, kastarar, fjarstýrðar samlæsingar, Geislaspilari, Air Bag. Flottur Galant, Verð: 2390 þ.



Mitsubishi L200 Double Cab dísel turbo.Árg. 03/01, ek: 130 þ. km. Hvítur, dráttarkúla, geislaspilari, brettakantar, líknarbelgir,samlæsingar, samlitur. Verð:1400 þ.



Daewoo Lanos Hurricane sx1,6, árg. 07/'01, ek. 37 þ. Rauður, spoilerkitt, álfegur, spolier. Geislaspilari, rafmagn í rúðum og speglum, líknarbelgir. Verð 850 þ. Áhvílandi 519 þ.



Mistubishi Galant 2,0 AVENCE, árg. 10/'02, ek:51 þ. Hvítur, leður, lúga, spoilerkitt, álfelgur, rafmagn í rúðum + speglum og sætum. Geisladiskamagasín, hraðastillir. Hrikalega flott eintak. Verð 1890 þ. Áhvílandi 1100 þ.



Ford Focus 1,6 TRENDLINE, árg. 11/'02, ek. 32 þ. Grár, dráttarkúla, hiti í sætum, rafdrifnar rúður og speglar, þjófavörn, þjónustubók. Verð 1420 þ. Áhvílandi 1100 þ.



Jeep Grand Cherokke laredo, árg. 1995, ek. 140 þ. Grænn húddhlíf, rafm. í rúðum, speglum, fjarstýrðar samlæsingar. Verð 990 þ.



Honda Civic 1,8 VTi V-TEC, árg. 1998, ek. 151 þ. Vírauður. spoilerkitt, spoiler ,rafmagn í rúðum og speglum, leður á slitflötum, Líknarbelgir, topplúga, CD. Verð:890 þ.



Toyota Landcruiser GX90. Árg. 9/98, ek; 160 þ. Blár. Er 38" breyttur,Er á 35" dekkjum, aukatankur, loftdæla, ný kúppling, allt gegnumtekið í bremsum,dráttarkúla,filmur, fjarstýrðar samlæsingar. Verð: 2500 þ.



Jeep Grand Cherokee Laredo, árg. 2004, ekinn 18 þús mílur, rafmagn í sætum, rúðum og speglum.Fallegur bíll. Verð 3350 þús. Áhvílandi 2800 þús.



Toyota Rav 4, árg. 05/98, ek. 60 þ. Grænn. álfegur, dráttarkúla, geislaspilari. Rafdrifnar rúður og speglar, geislaspilari, skygðar rúður, þakbogar. Verð 1550 þ.



Audi A4 1.8, árg. 1995, ekinn 162 þús. km. Sjálfskiptur, sumardekk á 17" álf, vetrardekk á stál, spoiler, fjarst samlæsingar. Verð 850 þús. Áhvílandi 450 þús.



Citroen Xsara, árg. 12/'00. Ek. 77 þ. km. Silfurgrár, ABS, álfegur, geislaspilari, rafdrifnar rúður,líknarbelgir, fjarstýrðar samlæsingar. Flottur bíll á góðu verði ! Verð 890 þ. Áhvílandi 600 þ.



Vw Golf 1.4 Basicline, árg. 1998, ek. 164 þús. km. En aðeins 64 þús. km. á vél, 17" álf + sumardekk, stál + vetrardekk, spoiler. Verð 690 þús. Áhvílandi 400 þús.

**Góð sala!**
**Vantar bíla á skrá og á staðinn.**
**Opið virka daga kl. 10-19**
**Laugardaga kl. 10-17**
**Sunnudaga kl. 13-17**

Finndu rétta bílinn
www.bilamarkadurinn.is

**Svæðanuddnám**
Svæðanuddnám 7. apríl nk. 3 pláss laus. Sjá heilsusetur.is. Uppl. í símum 552 1850 og 896 9653.

## Kennsla

**Píanókennsla**
Tek að mér að kenna byrjendum á píanó. Er staðsettur í Laugarneshverfinu. Uppl. í s. 691 0156.

## Flug

Til sölu 1/7 hluti í C-150 TF-OII. Frábær tímasafnari. Verð 270 þús. Uppl. í síma 691 9291.

# HEIMILIÐ

## Húsgögn



**Sófalist**
Fallegar yfirbreiðslur yfir sófa og stóla. Opnunartími, mánudaga til fimmtudaga 15-18:30. www.sofalist.is Síðumúli 20 2. hæð s. 553 0444.




**Ertu að leita að ekta amerísku rúmi?**
Rekkjan, Skipholti 35. Sími 588 1955.

Til sölu kojur, eldhúsborð, stækkanlegt + 6 stólar, hornhilla og bókahilla. Selst ódýrt. Uppl. í s. 869 3604.

Til sölu Armstóll( Pullsta), borðsofuborð(Moment) og 4 stólar (Illby) allt frá IKEA. Selst á góðu verði. Uppl. í s. 693 1566.

Til sölu svefnsófi 20 þ., grænt klósett 4 þ., Hillusamstaða 10 þ. Uppl. í s. 567 8150.

1 1/2 árs gamall svefnsófi, til sölu. Kostar nýr 79 þús., fæst á 25 þús. Uppl. í s. 849 8421 ef.kl. 18.

Stórglæsil. amerískur sófi (sem jafnframt er svefnsófi) til sölu. Uppl. í s. 896 2770.

## Fatnaður

Allar viðgerðir, leðurviðgerðir og breytingar. Styttum buxur meðan beðið er. Saumsprettan v. Ingólfstorg. S. 552 0855.

## Barnavörur



50% afsláttur af öllum vörum. Róbert Bangsi ...og unglingarnir Hlíðasmára 12, Hverafold 1-3 og Firði Hafnarfirði. Sími 555 6688.

## Dýrahald




Járnbúr fyrir hunda.DÝRABÆR Hlíðasmára 9, Kóp.s 553-3062, op. má-fös 13-18, laugard 11-15.

**30% Vetrarafsláttur !**
Allar gæludýravörur og fóður með 30% afsl. Full búð af nýjum vörum. Opið alla daga. Tokyo, Hjallahrauni 4. Hfj., s. 565 8444.

**Gullfallegur Labrador**
Gullfallegur og vel vaninn 9 mán. Labrador hvolpur fæst v. flutninga á 50 þús. Heilsufarsskrá. S. 551 3565 & 897 4126.

Til sölu 9 vikna labradorbl. (labrador/golden)sprautaðir og heilsufarsskoðaðir. S. 899 8190.

# TÓMSTUNDIR & FERÐIR

## Ferðalög




**Ferð fyrir sérhópa**
"Fljótandi brauð í Bayern" Litlir hópar - lifandi ferðir. Ferðaskrifstofan Ísafold, s. 544 8866. Sjá nánar: www.isafoldtravel.is

## Fyrir veiðimenn




www.sportvorugerdin.is




www.sportvorugerdin.is

## Hestamennska




**Hestaklippur**
Hestamenn nú er rétti tíminn til að raka undan faxi. Eigum hágæða LISTER rafmagnsklippur með hleðslurafhlöðu og 220 voltra. Vélaborg Krókhálsi 5F (gengið inn frá Járnhálsi) 110 Reykjavík, sími 414 8600, Draupnisgötu 1, 603 Akureyri, sími 464 860

Til sölu gömul aktygi, sem ný með öllu tilheyrandi. Uppl. í s. 862 1598.

## Ljósmyndun

Til sölu Linsa 75-300 IS f4,5-5,6 frá Canon boxed. Lítið notuð. Uppl. í s. 822 8396 .

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

Leiguliðar ehf. Kjalarnes. 3 herbergja laust Akranes. 3 og 4 hergbergja laust. Þorlákshöfn 2 herbergja laust. S-517 3440. Sjá www.leigulidar.is

Leigjendur, takið eftir! Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

Til leigu gott 137 fm full innréttað skrifstofuhúsnæði í lyftuhúsi við Skipholt. Móttaka, 5-6 herbergi, lítil kaffistofa, bílastæði og möguleiki á minna plássi (70 fm.) Guðlaugur s. 896 0747.

Til leigu íbúð með húsgögnum á svæði 111. Leigist frá 1. apríl til 1. okt. Uppl. í s. 852 5559.

Lítið stúdíó með sér eldunar- og sturtuaðstöðu í Hraunbæ. 30 000 á mánuði. Uppl. í s. 694 5751.

16m2 herbergi til leigu í Seljarhverfi. Aðgangur að baðherbergi m/sturtu, sérinngangur. Uppl. í síma 664 3273.

Herb. á sv. 105, búið húsgögnum, allt í eldhúsi, þvottavél, Stöð 2, Sýn. S. 895 2138.

Til leigu einstaklingsherbergi í Vesturbæ Kópavogs með ísskáp og örbylgjuofni, rúm og ýmis húsgögn geta fylgt ef óskað er. Leiga kr. 20 þús. á mánuði + kr. 20 þús. í tryggingu, allt innifalið. Uppl. í síma 896 5838.

Til leigu 70 fm 2ja herb. íbúð í Grafarvogi. Laus strax. 65 þús. m. hita & rafm. Uppl. s. 581 4204 & 849 4204.

Til leigu í hverfi 105, 3ja-4ra herb. íbúð ca. 70-80 fm. Verð 70 þús á mán. fyrir utan hita og rafmagn. Uppl. í s. 856 7403.

2ja herbergja falleg risíbúð í Þingholtunum til leigu í 2-3 mánuði af sérstökum ástæðum. Upplýsingar í síma 862 8011.

2ja herb. 13 fm hvert, með sérinngangi, sameiginlegu baðherbergi og möguleiki á eldhúsaðstöðu. Á Bergþórugötu. Leigjast í sitt hvoru lagi á 27 þ. á mán. Sími 692 1681.

Herbergi til leigu í Seljahverfi. Aðg. að baðherb., eldhúsi og þvottaaðstöðu. Uppl. í s. 698 2263.

Til leigu 30 fm stúdíóíbúð í Hf. 40 þús. á mánuði með rafmagni og hita. Uppl. í síma 565 5882 og 694 1549.

## Húsnæði óskast

5 manna fjölskylda óskar eftir einbýli eða raðhúsi til leigu. Fyrirframgreiðsla í boði. Sími 692 1799 & 849 4756.

Óska eftir 3ja herbergja íbúð í langtímaleigu, helst á svæði 105. Greiðslugeta 50-80 þús., öruggum greiðslum heitið. Uppl. í s. 846 5794 & 894 0608.

Átta manna fjölskylda óskar eftir stóru húsnæði sem fyrst. Eigi síðar en 1. maí. Skoða allt landið. Vinsamlegast sendið á wildthing@internet.is.

Tveggja herbergja íbúð óskast strax. Uppl. í s. 896 6638.

Par óskar eftir stúdíó eða 2ja herb. íbúð á viðráðanlegu verði. Skilvísum greiðslum heitið. Reyklaus og reglus. S. 865 7037 eða 868 6893.

## Húsnæði til sölu

**Costa Blanca**
Góðar eignir - gott verð. Allt að 80% lán til 30 ára, mjög lágir vextir. Uppl. í s. 821 5838 Halla.

## Atvinnuhúsnæði

Skrifstofuherbergi til leigu í Ármúlanum. Góð aðstaða, hagstæð kjör. Þór s. 899 3760.

Til leigu ca 70 fm geymslu - eða lagerpláss í kjallara á sv. 104. Uppl. í s. 690 0442.

20 fm skrifstofu húsnæði eða stærra óskast til leigu, langtímaleiga. Æskilegt er ef hægt væri að greiða leigu með húsvörslu og eða þrifum. Uppl. í s. 697 8200 eða 0045 2629 0147.

Til leigu 28 fm húsnæði í Garðabæ. Hentar fyrir þrifalegan atvinnurekstur t.d. nudd eða snyrtistofu. Hárgreiðslustofa í sama húsnæði. Uppl. í síma 894 0135.

## Geymsluhúsnæði




## Gisting

Íbúð til leigu í Barcelona og Menorka. Sími 899 5863.

Stúdíóíbúð til leigu fyrir 1 til 4. Sérinngangur. Sími 822 1941.

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**Atvinna - kvöldsölustarf !**
Mán - fös kl. 17:00 - 22:00
Góð laun + bónus og góð aðstaða.
**Getur hentað 18 ára - 70 ára +**
**Nánari upplýsingar: bm@bm.is**
**Sími 822 5052.**

# Ertu að leita að góðum starfsmanni?

## Hvar ætlar þú að auglýsa?

Á sunnudögum fylgja sérblöð bæði Morgunblaðinu og Fréttablaðinu sem fjalla um atvinnumál og eru atvinnuauglýsingar helsta efni þeirra. Bæði blöðin eru svokölluð innblöð, þ.e. þau eru í miðju aðalblaðanna þannig að lesendur þeirra rekast á atvinnublöðin og ákveða þá hvort þeir skoða þau eða ekki.

### En hverjir fá blöðin?

Við leituðum svara í fjölmiðla- og neyslukönnunum Gallups. Fjölmiðlakannanir Gallups eru gerðar í samvinnu við alla stærstu miðla landsins, Samtök auglýsenda og Samtök íslenskra auglýsingastofa, og eru viðurkenndar af þeim sem eina rétta aðferðin til að bera saman fjölmiðlanotkun landsmanna. Kannanirnar eru kynntar á heimasíðu Gallups sem niðurstöður en ekki túlkun.

| **Lestur sunnudagsblaða, allir** | **18-34 ára** | **20-40 ára** | **18-49 ára** |
|---|---|---|---|
| Sunnudagsblað Fréttablaðsins | 60,1% | 60,3% | 63,4% |
| Sunnudagsblað Morgunblaðsins | 32,5% | 35,5% | 42,9% |
| **Styrkur Fbl. umfram Mbl.** | **84,9%** | **69,6%** | **47,9%** |
| | | | |
| **Lestur sunnudagsblaða, konur** | **18-34 ára** | **20-40 ára** | **18-49 ára** |
| Sunnudagsblað Fréttablaðsins | 61,4% | 60,1% | 62,0% |
| Sunnudagsblað Morgunblaðsins | 28,4% | 31,6% | 41,1% |
| **Styrkur Fbl. umfram Mbl.** | **116,5%** | **90,0%** | **61,0%** |

65% Íslendinga á aldrinum 20-40 ára **fletta ekki** sunnudagsblaði Morgunblaðsins **né heldur** 72% kvenna undir 35 ára aldri, sem getur varla hljómað vel fyrir fyrirtæki í leit að góðum starfsmönnum.

**1)** 95% heimila í Reykjavík og í nágrenni fá Fréttablaðið heim til sín á morgnana, sem þýðir að 95% þeirra sem eru í atvinnuleit fá atvinnublað Fréttablaðsins heim til sín á sunnudögum.

**2)** 48% heimila á sama svæði eru með áskrift að Morgunblaðinu, sem þýðir að 52% þeirra sem eru á aldrinum 12-80 ára í atvinnuleit þurfa að fara út í búð og ná sér í Moggann ef þeir vilja skoða atvinnublaðið sem honum fylgir.

**3)** 72% Íslendinga á aldrinum 20-40 ára búa á heimilum sem **EKKI** eru með áskrift að Morgunblaðinu, sem þýðir að 72% landsmanna á aldrinum 20-40 ára sem eru í atvinnuleit ára þurfa að fara út í búð ef þeir vilja skoða atvinnublað Morgunblaðsins á sunnudögum.

**4)** Ungt fólk er í langflestum tilfellum markhópur atvinnuauglýsinga og svona les það sunnudagsblöðin, samkvæmt fjölmiðlakönnun Gallups í október síðastliðnum:

**Tvær spurningar:**
*Hversu sennilegt er að fólk í atvinnuleit lesi ekki atvinnuauglýsingarnar í Fréttablaðinu (95% þeirra fá blaðið)?*

*Er ekki kominn tími til að laga birtingar á atvinnuauglýsingum að nýjum veruleika á blaðamarkaði eins og öll stærstu fyrirtækin í landinu hafa gert með sínar venjubundnu auglýsingar?*

# REMAX - BÚI

Halla Ruth
Sölufulltrúi
gsm: 8202188
halla@remax.is
Stórhöfði 17



## HEF HAFIÐ STÖRF Á FASTEIGNASÖLUNNI REMAX BÚA.

BÝÐ ALLA GAMLA OG NÝJA VIÐSKIPTAVINI VELKOMNA AÐ HAFA SAMBAND.

RE/MAX Búi
Sigurður Guðmundsson Hdl, lögg. fasteignasali


### Hefur þú starfað á heimakynningum ?

Ef svo er langar okkur að heyra frá þér því við erum að leita að reyndum sölukonum sem vilja starfa með okkur. Við bjóðum upp á góð sölulaun, vandaða danska gæðavöru en umfram allt frábæran félagsskap og þjálfun.

**Ef þú vilt vita meira hafðu þá samband við okkur hjá ClaMal í síma 565 3900 eða á clamal.is**

### Cafe Kondidori Copenhagen

Óskum eftir að ráða bakara og aðstoðarmenn í bakarí strax vegna aukinna viðskipta.

**Frekari upplýsingar fást í síma:893 0001 Tonny e.kl. 14**

### 10-11 Lágmúla!

10-11 óskar eftir duglegu starfsfólki í Lágmúla. Reynsla af verslunarstörfum æskileg en ekki nauðsynleg. Í boði eru vaktir af ýmsu tagi. Umsækjendur skulu vera fæddir '87 eða fyrr.

**Áhugasamir geta sett inn umsókn á vefslóðinni www.10-11.is eða fyllt út umsóknareyðublöð í Lágmúla.**

Okkur vantar einstaklinga vana byggingaframkvæmdum til starfa á höfuðborgarsvæðinu. Nemar í húsasmíði og verkamenn fyrir alhliða byggingavinnu. Meðmæli óskast. Næg verkefni framundan. Uppl. í s. 860 8011.

Óskum eftir að ráða röskan starfskraft til afgreiðslustarfa frá 13-19, einnig vantar fólk í helgarvinnu. Upplýsingar á staðnum eða í síma 568 1120 & 698 7646. Bakaríið Austurveri.

Sérverkefni. 300-700 þús. á mán., 10-20 t/viku. Metnaður skilyrði. S. 844 1268.

Okkur vantar bráðhressa og skemmtilega barþjóna og fólk í sal. Uppl. á staðnum frá 13-16 fimmtudag og föstudag. Nasa við Austurvöll.

Afgreiðslufólk 16-22 ára óskast í skóbúð. Uppl. í s. 690 6003.

### Loftorka Reykjavík

óskar eftir verkamönnum í jarðvinnuframkvæmdir. Uppl. í síma 565 0877.

Óskum eftir duglegu sölufólki í kvöld og helgarvinnu. Reynsla í sölumennsku kostur. Uppl. í s. 588 7888.

Góðar aukatekjur í líflegu umhverfi! Stórt útgáfufyrirtæki í Reykjavík óskar eftir að ráða til starfa hresst og jákvætt fólk í úthringingar. Mjög góð aukavinna, unnið er um kvöld og helgar. Föst laun og bónusar. 18 ára aldurstakmark. Frekari upplýsingar virka daga í síma 869 8891 kl. 18-22.

### McDonald's laus störf

Vantar nú þegar nokkra hressa starfsmenn í fullt starf á veitingastöðum okkar við Suðurlandsbraut, Kringlunni og Smáratorg. Líflegur og fjörugur vinnustaður, alltaf nóg að gera og góðir möguleikar fyrir duglegt fólk að vinna sig upp. Mjög samkeppnishæf laun í boði. Umsóknareyðublöð liggja frammi á veitingastöðunum eða á heimasíðu http://www.mcdonalds.is

Útgáfufyrirtæki með góð verkefni vantar sölufulltrúa sem getur byrjað sem fyrst. Þarf að hafa bíl. Góð laun í boði. Vinsamlega hafið samband á sis@vortex.is

Ertu fædd(ur) um miðja síðustu öld og vön/vanur að vinna í blómabúð? Þá bíður þín starf með sveigjanlegum vinnutíma. Uppl. í s. 866 1510.

Leikskólinn Ösp, bráðvantar áhugasaman leikskólakennara eða leiðbeinanda til starfa í leikskólann. Þeir sem áhuga hafa á starfi hjá okkur vinsamlega hafið samband við Svanhildi leikskólastjóra í símum 557 6989.

Óskum eftir að ráða blikksmiði eða menn vana blikksmíðum. Upplýsingar í síma 557 1555 eða á staðnum. Blikksmiðjan Vík, Skemmuvegur 42, Kóp.

## Atvinna óskast

Atvinnumiðlun býður upp á hæft starfsfólk frá Lettlandi, byggingarmenn, au-pair o.fl. S. 845 7158.

Kona óskar eftir vinnu, flest kemur til greina. Er á Suðurnesjum. Uppl. í s. 898 5752.

27 ára kk. bráðvantar vinnu. Helst útkeyrslustörf. Er með meirapróf. Uppl. í s. 694 3489.

## TILKYNNINGAR

## Einkamál

einkamal.is

Nýtt á einkamal.is

KONUR

timma
28ára kvk, Höfuðborgarsvæðið
Ég er háskólamenntuð, einhleyp og barnlaus.
Langar að kynnast mönnum á sama...

KARLAR

RickyM
28ára kk, Höfuðborgarsvæðið
Halló, mér datt í hug að setja hérna inn auglýsingu.
Ég er að leita eftir ...

### Paris Hilton! Night in Paris.

DVD og VHS á 1.990 kr.
www.grensasvideo.is
Grensásvideó.
**Grensásvegi 24. Póstkröfusími 568 6635. Opið kl. 14.00 - 23.30.**

## Staða aðstoðarleikskólastjóra við leikskólann Sólborg Ísafirði

Staða aðstoðarleikskólastjóra er laus frá og með 21. febrúar 2005. Leikskólinn er fjögurra deilda skóli sem vinnur eftir aðalnámsskrá leikskóla og er með börn á aldrinum eins til sex ára. Leikskólinn er með einkunnarorðin virðing-gleði-sköpun og hefur þau að leiðarljósi í öllu starfi.
Leikskólakennaramenntun skilyrði.

Nánari upplýsingar veitir leikskólastjóri í síma: 456 3185, netfang: *solborg@isafjordur.is*
Umsóknarfrestur er til 15. febrúar.

## Staða leikskólastjóra við leikskólann Bakkaskjól í Hnífsdal

Staða leikskólastjóra er laus frá og með 1. apríl 2005. Skólinn vinnur eftir aðalnámsskrá leikskóla og er með börn á aldrinum eins til sex ára.
Leitað er eftir faglegum stjórnanda til að leiða áframhaldandi starf skólans.
Leikskólakennaramenntun skilyrði.

Umsóknir skulu berast til: Leikskólafulltrúa, Skóla- og fjölskylduskrifstofu Ísafjarðarbæjar, Hafnarstræti 1, Ísafirði.
Leikskólafulltrúi veitir nánari upplýsingar í s. 450 8001, netfang: *leikskolafulltrui@isafjordur.is*
Umsóknarfrestur er til 25.febrúar 2005.

# Varmárskóli

## í Mosfellsbæ auglýsir.

Staða líffræði og raungreinakennara.

Vegna barnsburðarleyfis óskum við að ráða kennara í líffræði í 9.og 10. bekk og stærðfræði í 7. og 8. bekk frá og með síðari hluta febrúar eða eftir nánara samkomulagi til loka kennsluársins. Um er að ræða ca. 50% starf en til greina kemur að viðkomandi taki að sér forfalla og/eða stuðningskennslu ef um semst.

Staða skólaliða.

Viljum ráða skólaliða í eldri deild skólans í ca. 65-70 % starf. Vinnutími einkum síðdegis eftir nánara samkomulagi.

Nánari upplýsingar gefa skólastjóri, Viktor A. Guðlaugsson og aðstoðarskólastjóri Helga Richter í síma 525 0700.

# Vantar þig vinnu?

**Okkur hjá Pósthúsinu vantar duglegt fólk til að dreifa Fréttablaðinu og DV í Blönduós og Hveragerði.**

**Ef þú hefur áhuga hafðu þá samband við okkur og fáðu frekari upplýsingar.**

**Þú nærð í okkur alla daga vikunnar í síma 585 8330 frá klukkan 07–17.**

póst húsið

póst húsið

Sú breyting hefur átt sér stað að **Pósthúsið** hefur nú tekið við dreifingu Fréttablaðsins og Dv. Ef þú hefur áhuga að slást í hóp blaðbera hafðu þá endilega samband í síma **5858330.**

## Okkur vantar blaðbera í eftirtalin hverfi:

**Á virkum dögum:**

**101-15** Klapparstígur, Skúlagata, Vatnsstígur, Veghúsastí.
**101-17** Bárugata, Stýrima.stí.
**101-22** Hávallagata, Túngata
**101-32** Bauganes, Fáfnisnes, Skeljanes
**101-33** Bauganes, Baugatangi, Skildinganes
**101-35** Hofsvallagata, Hringbraut, Ásvallagata
**101-37** Hólavallagata, Suðurgata, Túngata
**101-45** Blómvallag., Brávallagata, Hofsvallagata, Hringbraut, Ásvallagata
**101-46** Baldursgata
**101-54** Bjargarstígur, Spítalastígur, Týsgata o.fl.
**104-02** Brúnavegur, Dyngjuvegur, Kleifarvegur, Kleppsvegur, Vesturbrún
**104-03** Laugarásv., Sunnuvegur
**104-08** Langholtsv.
**104-22** Eikjuvogur, Gnoðarvogur, Karfavogur, Nökkvavogur
**104-25** Drekavogur, Efstasund
**105-04** Háteigsvegur
**105-31** Bugðulækur, Kirkjusandur, Laugalækur
**107-06** Grenimelur
**107-07** Birkimelur, Reynimelur, Víðimelur
**107-09** Grímshagi, Lynghagi, Starhagi
**107-17** Kaplaskjólsv., Nesvegur
**109-27** Stafnasel, Stallasel, Stapasel, Staðarsel, Steinasel o.fl.
**110-06** Brautarás, Hraunbær, Rofabær
**111-15** Depluhólar, Erluhólar, Fýlshólar, Haukshólar, Vesturhólar
**111-16** Arahólar, Blikahólar, Dúfnahólar, Álftahólar
**113-02** Maríubaugur
**113-08** Gvendargeis.
**170-06** Barðaströnd, Vesturströnd
**200-02** Kópavogsbr., Þinghólsbr.
**200-11** Hraunbraut, Kársnesbraut
**210-01** Haukanes, Þrastanes
**210-04** Kríunes, Súlunes, Þernunes
**210-31** Brekkubyggð
**210-33** Ásbúð
**220-36** Birkihvam., Hringbraut, Jófríðarst.v.
**221-18** Blómvellir, Burknavellir
**225-01** Austurtún, Blátún, Hátún, Skólatún, Smáratún, Suðurtún
**225-06** Norðurtún, Túngata
**230-26** Bergvegur, Kirkjuvegur, Vesturbraut, Vesturgata
**240-04** Baðsvellir, Glæsivellir, Selsvellir, Skipastígur, Árnastígur, Ásvellir
**240-05** Blómsturve., Efstahraun, Gerðavellir, Hólavellir, Höskuldarve., Iðavellir o.fl.
**240-06** Arnarhraun, Borgarhraun, Leynisbraut, Leynisbr. o.fl.
**270-22** Reykjabyggð, Reykjamelur

**Um helgar:**

**101-20** Framnesv.
**101-35** Hofsvallagata, Hringbraut, Ásvallagata
**101-38** Sólvallagata
**101-45** Blómvallag., Brávallagata, Hofsvallagata, Hringbraut, Ásvallagata
**101-48** Freyjugata
**101-56** Brekkustígur, Holtsgata, Sólvallagata, Vesturvallag.
**103-03** Hvassaleiti
**104-03** Laugarásv., Sunnuvegur
**104-04** Laugarásv.
**104-07** Langholtsv.
**104-08** Langholtsv.
**104-29** Kambsvegur, Ásvegur
**104-31** Langholtsv.
**105-04** Háteigsvegur
**105-09** Nóatún, Skipholt, Stangarholt, Stúfholt
**105-18** Barmahlíð, Miklabraut
**105-24** Miðtún, Samtún
**105-31** Bugðulækur, Kirkjusandur, Laugalækur
**105-40** Hamrahlíð, Stigahlíð
**105-41** Grænahlíð, Stigahlíð
**107-04** Einimelur, Hofsvallagata, Melhagi
**107-06** Grenimelur
**107-10** Dunhagi, Fálkagata, Smyrilsvegur, Þrastargata
**107-12** Fornhagi, Kvisthagi, Neshagi
**107-15** Granaskjól, Nesvegur
**107-16** Frostaskjól
**108-01** Álftamýri
**108-42** Álftamýri
**109-03** Kóngsbakki, Leirubakki
**111-15** Depluhólar, Erluhólar, Fýlshólar o.fl.
**111-26** Vesturberg
**113-02** Maríubaugur
**113-03** Kristnibraut
**113-10** Gvendargeisli, Katrínarlind, Marteinslaug
**170-05** Fornaströnd, Látraströnd, Víkurströnd
**170-08** Lindarbraut, Nesbali
**190-03** Brekkugata, Fagridalur, Hofgerði, Hvammsd., Hvammsgata, Leirdalur o.fl.
**200-02** Kópavogsbr., Þinghólsbr.
**200-18** Melaheiði, Tunguheiði, Álfhólsvegur
**200-24** Daltún, Ástún
**200-35** Bjarnhólastí., Digranesv., Hátröð, Víghólastígur
**200-36** Skálaheiði, Álfaheiði
**200-41** Álfhólsvegur
**200-43** Fífuhvamm, Víðihvamm
**200-47** Brekkuhvarf, Dimmuhvarf, Grundarhvarf, Melahvarf
**200-54** Álfhólsvegur
**210-22** Holtsbúð
**210-29** Hrísmóar, Kjarrmóar
**210-33** Ásbúð
**210-37** Eskiholt, Hrísholt, Háholt
**210-42** Goðatún, Hörgatún
**220-01** Flókagata, Herjólfsgata, Klettagata, Langeyrarv., Skerseyrarv.
**220-03** Austurgata, Fjarðargata, Reykjavíkurv., Strandgata
**220-04** Austurgata, Hverfisgata, Mjósund, Mánastígur, Sunnuvegur, Tjarnarbraut, Álfaskeið
**220-05** Austurgata, Gunnarssu., Hraunstígur, Hverfisgata, Urðarstígur
**220-09** Arnarhraun, Erluhraun, Tjarnarbraut, Álfaskeið, Þrastahraun
**220-24** Skjólvangur, Sævangur
**220-30** Hvammabr., Klausturhva., Kvíholt, Staðarhvam., Túnhvam.
**220-32** Hamarsbraut, Hellubraut, Hlíðarbraut, Holtsgata, Hringbraut, Suðurgata
**220-45** Hamrabyggð, Holtabyggð, Klettabyggð, Teigabyggð, Vallarbyggð
**225-07** Brekkuskóg., Bæjarbrekka, Lambhagi, Miðskógar o.fl., Ásbrekka
**230-11** Faxabraut, Háholt, Lyngholt, Skólavegur
**230-13** Hafnargata, Hringbraut, Suðurgata
**230-14** Austurgata, Framnesve., Hrannargata, Suðurgata, Vatnsnesve.
**230-16** Brekkubraut, Mánagata, Sólvallagata, Vatnsnesv., Ásabraut
**230-23** Heiðargarður, Hólmgarður, Miðgarður, Norðurgar., Suðurgarður
**230-24** Baldursgata, Hafnargata, Heiðarvegur, Suðurgata
**240-05** Blómsturve., Efstahraun, Gerðavellir, Hólavellir, Höskuldarve., Iðavellir o.fl.
**250-02** Garðbraut, Rafnkelsst.v.
**250-03** Garðbraut, Gaukstaðav., Gerðavegur, Sunnubraut
**250-05** Garðaveg, Garðbraut, Melabraut, Melteigur o.fl.
**270-03** Barrholt, Bergholt, Njarðarholt, Urðarholt o.fl.
**600-22** Aðalstræti, Duggufjara, Lækjargata
**600-29** Barðstún, Eyrarlandsv., Hrafnagilsstr., Möðruvallast.

AF NETINU

### Aldrei lesið jafnréttislögin

Það mætti halda að karlmenn í áhrifastöðum innan ríkisins hafi aldrei lesið jafnréttislögin, a.m.k. kemur það ekki fram í breyttu kynjahlutfalli. Svo virðist sem menn ríghaldi í karlaveldið sitt, hræddir um að það muni hrynja ef þeir hleypa konum að. Hversu góð er þessi karlaskipan fyrir þjóðina og þjóðarbúið? Sjónarmið kvenna eru jafn nauðsynleg og sjónarmið karla þegar kemur að hagsmunum lands og þjóðar. Ég hvet karlmenn og sérstaklega miðaldra karlmenn í áhrifastöðum að skoða þetta mál vel, og sýna það í verki að þeir séu ekki staðnaðir. Ekki er það nauðsynlegt eingungis vegna kvenna, heldur til að Ísland nái að vera fremst meðal þeirra þjóða sem við berum okkur saman við.

**Fjóla María Ágústsdóttir á tikin.is**

### Hlutleysi í þágu mannvonsku

Það kemur sá tími að menn verða að ákveða sig hvoru megin garðar þeir vilja vera. Sá sem sýnir mannvonsku hlutleysi tekur í raun þátt í mannvonskunni. Og þó menn skori ef til vill einhver stig á vinsældalista hvunndagsins með því að segja í spjallþætti í sjónvarpi það sem þeir halda að fólk vilji heyra þá þarf meira til ef menn fara með stjórn utanríkismála fyrir Íslands hönd. Þá þurfa menn að hafa kjark til að taka óvinsælar ákvarðanir. Þá þurfa menn að sýna kjark og staðfestu. Ekki bara fyrir Ísland, heldur fyrir mannkyn allt.

**Jón Einarsson á sus.is**

### Írakar vilja lýðræði

Engin ástæða er til að draga úr því að þrátt fyrir allt bendir atburðarás gærdagsins til þess að fólk í Írak vilji búa í lýðræðisríki. En það er á hinn bóginn fjarstæðukennt að tala um 60-70 prósenta kjörsókn í hefðbundnum skilningi þess orðs. Ef það er rétt að í landinu búi 27 milljónir manna og rétt rúmlega helmingur þeirra, eða 13 milljónir hafi sett sig á kjörskrá þá þýðir 60% þátttaka að hátt í 8 milljónir hafi greitt atkvæði. Hvað skyldi það vera stór hluti fullorðins fólks í Írak?

**SH á murinn.is**

### Lýðræðið er skemmtilegt

Lýðræðið er skemmtilegt. Á sjónvarpsstöðinni CNN í gær, skiptir ekki öllu máli klukkan hvað, var rætt við gamlan mann á kjörstað í Írak. Gamli maðurinn var afar ánægður að fá að kjósa. Hann taldi sig þurfa þrennt í lífinu; frið, frelsi og mat á borðið. Til að tryggja sér og löndum sínum þetta allt á einu bretti ætlaði hann að kjósa flokk kommúnista.

**Vefþjóðviljinn á andriki.is**

BRÉF TIL BLAÐSINS

## Hvalreki fyrir siðmenningu Íslendinga

**Gunnar Ingi Gunnarsson, læknir og nemi í siðmenningu, skrifar:**

Það þykir tíðindum sæta, þegar íslenskt stórmenni, eins og Kári Stefánsson, læknir og athafnaskáld, birtist almenningi á ritvelli dagblaðanna með lexíu í almennri siðmenningu, eins og gefur að lesa í Fréttablaðinu dagana 29. og 30. janúar, síðastliðna. Tilefni lexíunnar er ársuppgjör fyrir 2004 – satíran snjalla, sem Hallgrímur Helgason birti í Fréttablaðinu um áramótin. Í lexíunni koma fram hógværar ábendingar Kára, í sex þáttum, þar sem hann kennir okkur að lesa satíru Hallgríms með augum hins siðmenntaða manns. Hógværð Kára er áberandi tónn í lexíunni og helst sá tónninn hreinn næstum því alla lexíuna – en þó ekki alla. Því í lok lexíunnar neyðist Kári til að álykta, að heilinn í Hallgrími hljóti að hafa frosið í kuldanum fyrir áramótin. Og að það sé skýringin á því, hvernig satíran varð til. Þetta stílbrot Kára varð til þess, að hann þurfti að bæta nokkrum setningum við lexíuna seinni daginn. Hvað með það. Við höfum fengið lexíuna. Og nú vitum við mun betur, hvernig við eigum að akta „í samfélagi siðaðra manna“. Og fyrir það þökkum við, auðvitað. Það er ekki dónalegt að fá leiðsögn sjálfs Kára Stefánssonar í þessum efnum. Lexían er ekkert annað en hvalreki fyrir íslenska þjóð.

# Staðreyndir um Tækniskólann og Tækniháskólann

UMRÆÐAN
REKSTUR TÆKNISKÓLANS



STEFANÍA KATRÍN KARLSDÓTTIR
REKTOR

> **Með öflugri fjármálastjórnun, markmiðasetningu og breyttum vinnuferlum hefur tekist að snúa rekstri skólans úr miklum hallarekstri yfir í hallalausan rekstur.**

Þrír kennarar Tækniháskólans skrifuðu grein í Fréttablaðið þann 28. janúar sl. og fóru frekar frjálslega með staðreyndir. Undirrituð telur sig knúna til að setja fram leiðréttingu og draga fram staðreyndir þessa máls.

Tækniháskóli Íslands (THÍ) varð til þann 1. júní 2002 í kjölfar lagabreytinga. Fljótlega eftir að ég kom til starfa við THÍ var ljóst að gríðarlegur fjárhagsvandi hrjáði Tækniskóla Íslands (TÍ), en skólinn hafði verið rekinn í áraraðir með miklum rekstrarhalla og uppsafnaður halli við ríkissjóð taldi hundruði milljóna.

Þegar TÍ var lagður niður og THÍ stofnaður, tók sá síðarnefndi við öllum skuldbindingum TÍ. Þessar skuldbindingar voru:

– Uppsafnaður halli við ríkissjóð upp á 206 m.kr.

– Skuldbindingar TÍ sem komu í ljós eftir að THÍ var stofnaður voru m.a.: uppsöfnuð ógreidd yfirvinna starfsmanna, undirritaðir samningar sem ekki var byrjað að greiða af, óuppgerður ferðakostnaður og ógreiddir reikningar.

– Biðlaunaréttur starfsmanna TÍ, aðallega fyrri stjórnenda, sem féll á THÍ.

– Vanefndur húsaleigusamningur vegna hluta húsnæðis sem skólinn er með á leigu.

– Húsaleigusamningur.

– Ráðstöfun starfsmanna t.d. til kennslu í allt að eitt ár fram í tímann. Í því fólst veruleg rekstrarleg óhagræðing m.a. í formi mikillar yfirvinnu starfsmanna, en launakostnaður TÍ var um 90% af heildartekjum skólans.

Með öflugri fjármálastjórnun, markmiðasetningu og breyttum vinnuferlum hefur tekist að snúa rekstri skólans úr miklum hallarekstri yfir í hallalausan rekstur. Þegar seinni hluti árs 2002 og árið 2003 eru sérstaklega skoðuð, kemur í ljós að skólinn er rekinn hallalaus þegar tekið hefur verið tillit til þeirra skuldbindinga sem THÍ fékk frá TÍ. Árið 2004 er rekið með rekstrarafgangi og rekstraráætlun 2005 gerir jafnframt ráð fyrir rekstrarafgangi. Á síðustu tveimur árum hefur samt tekist að endurnýja að hluta tækjabúnað skólans. Einnig hefur verulegt átak verið gert í því að auka sértekjur skólans, en það var nánast óþekkt stærð fyrir nokkrum árum.

Í umfjöllun þriggja kennara THÍ eru rangfærslur sem rétt er að leiðrétta. Það er rétt að veitt var aukafjárveiting á fjáraukalögum 2002 upp á 205 m.kr til að mæta uppsöfnuðum halla TÍ. En sú fjárveiting dugði einungis fyrir hluta uppsafnaðs halla, þ.e. þess halla sem var ljós í lok maí 2002. Ekki var tekið tillit til annarra óuppgerðra skuldbindinga sem búið var að stofna til. Aukafjárveiting upp á 35 m.kr var veitt THÍ í fjáraukalögum 2003 til að mæta vanefndum húsaleigusamningi. Sá húsaleigusamningur sem kennarar vitna í, er undirritaður annars vegar af leigusala og hins vegar af leigjanda, sem voru TÍ, fjármálaráðuneytið og menntamálaráðuneytið. Forstöðumaður ríkisstofnunar, í þessu tilviki rektor, fer með umboð leigjanda í þessu efni og ber því mikla ábyrgð gagnvart leigusala. Varðandi biðlaun fyrrverandi starfsmanna TÍ þá var ekki gert ráð fyrir slíku í yfirfærslu TÍ og THÍ, allur biðlaunakostnaður féll á THÍ.

Frá stofnun THÍ hefur menntamálaráðuneytið sýnt mikinn skilning á þróun skólans og eflingu tækninnáms og sá árangur sem náðst hefur í uppbyggingu skólans er til kominn vegna mikils og farsæls samstarfs núverandi stjórnenda THÍ og menntamálaráðuneytisins.

Í greinargerð með frumvarpi til laga um að leggja niður THÍ er fjallað um bókfærða stöðu á ákveðnum degi og því segir greinargerðin ekki alla söguna varðandi halla TÍ sem THÍ tók yfir. Skýringuna er að finna í þessari greinargerð.

*Höfundur er rektor Tækniháskóla Íslands.*




# KAUPHÖLL ÍSLANDS [HLUTABRÉF]

**ICEX-15** 3.701 **+0,11%**

**Fjöldi viðskipta:** 394
**Velta:** 3.263 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **Hampiðjan** | 20,69% | **Fiskimarkaður Ísl.** | -3,70% |
| **Og fjarskipti** | 3,93% | **Burðarás** | -0,77% |
| **Marel** | 1,92% | **HB Grandi** | -0,63% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Actavis 41,60 – ... Atorka 6,20 – ... Bakkavör 24,90 -0,40% ... Burðarás 12,95 -0,77% ... Flugleiðir 13,80 +1,47% ... Íslandsbanki 11,75 -0,42% ... KB banki 500,00 +0,10% ... Kögun 46,70 – ... Landsbankinn 14,30 – ... Marel 53,10 +1,92% ... Medcare 5,98 +1,70% ... Og fjarskipti 3,70 +3,93% ... Samherji 11,30 – ... Straumur 10,45 +1,46% ... Össur 82,50 -

# viðskipti

vidskipti@frettabladid.is nánar á visir.is

## *Peningaskápurinn...*

### Hægþroska tómatar betri

Lengi hefur verið beðið eftir því að Landsbankinn léti til sín taka í útrás og fylgdi í fótspor KB banka og Íslandsbanka. Kaupin á Teather & Greenwood eru ekki líkleg til að seðja útrásarþorsta stjórnenda bankans til langframa þótt með kaupunum sé Landsbankinn kominn með góðan stökkpall undir alþjóðlegan vöxt fjárfestingarstarfseminnar. Á fundi stjórnenda Landsbankans með markaðsaðilum sl. föstudag var Sigurjón Þ. Árnason bankastjóri spurður um útrásarhugleiðingar bankans. Eins og bankamanna er siður lét hann ekkert uppi um nánustu framtíð en lét þess getið að Landsbankinn færi sér í engu óðslega í þeim efnum. „Þið vitið að tómatar sem vaxa hægt eru miklu betri á bragðið heldur en þeir sem eru látnir vaxa hratt,“ varð Sigurjóni svo að orði og vakti mikla kátínu meðal fundarmanna.



### Góð ávöxtun í janúar

Flestir verðbréfasérfræðingar voru mátulega bjartsýnir fyrir nýhafið ár og töldu ólíklegt að fjárfestar gætu vænst viðlíka ávöxtunar og í fyrra þegar markaðurinn rauk upp meira og minna allt árið. En upphaf ársins bendir sannarlega ekki til þess að það sé kominn doði í verðbréfamarkaðinn. Í janúar hækkaði úrvalsvísitalan um 10 prósent og hefur aðeins einu sinni hækkað meira í janúarmánuði, það var í fyrra þegar vísitalan hækkaði um 13,1 prósent í janúar. Raunar hefur janúar oftast verið býsna góður í Kauphöll Íslands. Á síðustu tíu árum hefur það aðeins tvisvar gerst að staða úrvalsvísitölunnar hafi verið lægri í janúarlok en í janúarbyrjun.

## MARKAÐSFRÉTTIR...

Eignir Íslendinga í erlendum verðbréfum jukust um 76,3 milljarða króna í fyrra. Þetta kom fram í **Morgunkorni Íslandsbanka** í gær.

**Úrvalsvísitalan** rauf 3.700 stiga múrinn í gær. Vísitalan hefur ekki verið hærri síðan 25. október.

**Gengisvísitala** krónunnar heldur áfram að styrkjast og við lok viðskipta í gær var hún komin niður í 110,1 stig.

**FTSE** vísitalan í Lundúnum hækkaði um 1,03 prósent í gær. Í Þýskalandi styrktist **Dax** vísitalan um 0,62 prósent en Japan lækkaði **Nikkei** vísitalan um 0,03 prósent.

# SÍF selur í Bandaríkjunum

SÍF hefur selt dótturfélag sitt í Bandaríkjunum fyrir 26,5 milljónir evra, sem samsvarar ríflega 2,1 milljarði íslenskra króna. Það er Sjóvík ehf. sem kaupir starfsemina.

Söluhagnaður SÍF er tæplega 1,5 milljarðar króna. Þetta kom fram í tilkynningu SÍF til Kauphallarinnar í gær en þar sagði einnig frá því að SÍF hefði keypt tæplega 13 prósenta hlut í Sjóvík á um hálfan milljarð.



**JAKOB SIGURÐSSON** Forstjóri SÍF.

Jakob Sigurðsson, forstjóri SÍF, segir að með kaupunum á hlutnum sjái stjórnendur færi á að tengjast starfsemi Sjóvíkur í Asíu. „Við höfum að vísu kosið að einbeita okkur að Evrópu en það er engin launung á því að við erum farnir að skoða ýmis viðskiptatækifæri í Asíu,“ segir hann.

Hann segir að vaxtarmöguleikar SÍF í rekstri verksmiðjunnar í þar hafi verið takmarkaðir.

Í gær var einnig tilkynnt um starfslok Benedikts Sveinssonar hjá fyrirtækinu en hann verður áfram í ráðgjafaverkefnum á vegum SÍF.


# Aðalfundur Landsbanka Íslands hf.

Aðalfundur Landsbanka Íslands hf. verður haldinn á Nordica hótel, laugardaginn 5. febrúar kl. 14.00.

Dagskrá:

1. Skýrsla bankaráðs um starfsemi bankans sl. starfsár.
2. Ársreikningur fyrir liðið starfsár ásamt skýrslu endurskoðenda lagður fram til staðfestingar.
3. Ákvörðun um greiðslu arðs og meðferð hagnaðar eða taps á síðastliðnu reikningsári.
4. Tillögur til breytinga á samþykktum.
5. Tillaga um að heimila bankanum að kaupa eða taka að veði allt að 10% af eigin bréfum.
6. Kosning bankaráðs.
7. Kosning endurskoðenda.
8. Ákvörðun um þóknun til bankaráðsmanna fyrir næsta kjörtímabil.
9. Önnur mál.

Tillögur frá hluthöfum, sem bera á fram á aðalfundi, skulu hafa borist í hendur stjórnar með skriflegum hætti eigi síðar en átta dögum fyrir aðalfund. Tilkynna skal um framboð til bankaráðs eigi síðar en 31. janúar 2005.

Tillögur um breytingar á samþykktum félagsins fela í sér hækkun á heimild bankaráðs til hækkunar hlutafjár. Er hluthöfum bent á að kynna sér tillögurnar fyrir fundinn.

Dagskrá, endanlegar tillögur og ársreikningur félagsins ásamt skýrslu endurskoðenda munu liggja frammi í aðalbanka Landsbankans, Austurstræti 11, Reykjavík, hluthöfum til sýnis, sjö dögum fyrir aðalfund. Einnig verður hægt að nálgast þessi gögn á www.landsbanki.is

Atkvæðaseðlar og önnur fundargögn verða afhent við innganginn við upphaf fundarins.

Bankaráð Landsbanka Íslands hf.

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS LBI 27114 01/2005

410 4000 | landsbanki.is

Landsbanki Íslands




FRÉTTABLAÐIÐ/TEITUR

**BANKASTJÓRI OG LÁVARÐUR** Sigurjón Árnason, bankastjóri Landsbankans, ræðir við Kenneth Baker lávarð, stjórnarformann Teather & Greenwood. Brynjólfur Helgason, framkvæmdastjóri alþjóðasviðs Landsbankans, er lengst til hægri.

# Hyggst byggja á orðsporinu

**Landsbankinn hefur gert tilboð í rótgróið breskt verðbréfafyrirtæki. Markmiðið er að nýta tengsl fyrirtækisins og reynslu á breska markaðnum og nýta fjárhagslegan styrk Landsbankans til vaxtar fyrir bæði fyrirtækin.**

Landsbankinn hefur fengið vilyrði hjá tæplega 60 prósentum hluthafa breska verðbréfafyrirtækisins Teather & Greenwood fyrir tilboð sitt í fyrirtækið. Tilboð Landsbankans hljóðar upp á 75 pens á hlut sem er um 50 prósentum yfir markaðsverði Teather & Greenwood eins og það var áður en orðrómur fór á kreik um hugsanlega yfirtöku. Kaupverðið yrði samkvæmt þessu um fimm milljarðar króna.

Stjórn Teather & Greenwood mælir með að hluthafar taki tilboð Landsbankans. Teather & Greenwood er verðbréfafyrirtæki sem sérhæfir sig að mestu í viðskiptum með og í þjónustu við lítil og meðalstór fyrirtæki. Það er jafnaldri Landsbankans, stofnað 1885.

„Við erum sérlega ánægðir með Landsbankann sem kaupanda og teljum að bankinn hafi gert góð kaup,“ segir Baker lávarður, stjórnarformaður Teather & Greenwood, sem mun sitja áfram í því sæti. Baker er fyrrverandi ráðherra í stjórn Margrétar Thatcher og hafði einkavæðingu þeirrar ríkisstjórnar á sinni könnu. Auk þess var hann einn af þremur sem líklegastir voru taldir til að taka við af járnfrúnni.

Halldór J. Kristjánsson, bankastjóri Landsbankans, segir kaupin falla vel að stefnu bankans og skapa grundvöll fyrir farsælu og ábatasömu samstarfi.

Baker lávarður segir einn þátt ánægju Teather & Greenwood með Landsbankann liggja einmitt í því orðalagi að Landsbankinn líti á þetta sem samstarf í stað yfirtöku. „Við byggjum starfsemi okkar á fólki og mikilvægt að mikil ánægja ríkir meðal stjórnenda og starfsmanna Teather & Greenwood með þessi viðskipti.“

Sigurjón Þ. Árnason, bankastjóri Landsbankans, segir að fyrirtækin hafi mikið gagn hvort af öðru. „Þeir hafa sambönd við fjölmörg fyrirtæki í Bretlandi sem verðbréfamiðlarar. Þeir njóta fjárhagslegs styrks okkar og hafa möguleika á að bæta við þjónustu sína og við njótum mikilla viðskiptatengsla þeirra og góðs orðspors.“ Landsbankinn hyggst tengja lánastarfsemi sína í London og fyrirtækjasvið við starfsemi Teather & Greenwood.

Fyrirtækið Teather & Greenwood sér verðbréfamiðlun fyrir 210 fyrirtæki á breska markaðnum, en vegna mikillar fyrirhafnar er sjaldgæft að skipt sé um verðbréfamiðlara á breska markaðnum. Velta félagsins er rúmir tveir milljarðar króna.

Baker lávarður segir Landsbankann ekki hafa verið ókunnan fyrirtækinu. Bæði hafi umræða um íslensk fyrirtæki verið mikil í Bretlandi að undanförnu, og svo hafi fyrirtækið átt í viðskiptum við íslensk fyrirtæki. Meðal verkefna Teather & Greenwood fyrir íslensk fyrirtæki eru kaup Bakkavarar á fimmtungshlut í Geest og kaup Flugleiða á tíu prósenta hlut í easyJet.

haflidi@frettabladid.is

# menning

menning@frettabladid.is

**!** **Kl. 22.00**

***Lúðrasveit Reykjavíkur*** *leikur tónlist eftir* ***Báru Sigurjónsdóttur, Báru Grímsdóttur*** *og* ***Lárus H. Grímsson*** *á Myrkum músíkdögum í Borgarleikhúsinu í kvöld klukkan 22. Einleikarar verða* ***Berglind María Tómasdóttir*** *á flautu og* ***Bára Sigurjónsdóttir*** *á saxófón.*

## Tenór á þorra

Enn og aftur ræskir Tenórinn sig í Iðnó og byrjar sýningar að nýju eftir langt og gott jólafrí. Þorrinn hefur farið ákaflega vel í söngvarann sem og undirleikara hans enda súrmeti með eindæmum hollt fyrir raddböndin. Hrökk upp úr undirleikaranum á síðustu æfingu að sennilega hefði Tenórinn aldrei sungið betur en einmitt núna, hvort sem það er hákarli eða hrútspungum að þakka. Nú þegar von er á fleiri heimsfrægum tenórum til landsins er ekki seinna vænna að tryggja sér miða á sýninguna í Iðnó svo áheyrendur geti gert samanburð þegar þeir Carreras og Domingo hefja upp raust sína í íþróttahúsum höfuðborgarinnar. Þess má geta að bæði Domingo og Carreras eru góðir kunningjar Tenórsins og koma lítillega við sögu í Iðnó. Vegna anna, bæði hérlendis sem erlendis, fer nú sýningum á Tenórnum fækkandi en næstu sýningar verða nk. föstudag, 4. febrúar og síðan sunnudagana 13., 20. og 27. febrúar. Miðasala og pantanir eru í Iðnó.



# Áhuginn sífellt að aukast

**Formaður Tónskáldafélagsins, Kjartan Ólafsson, segir von á erlendu tónlistar- og fjölmiðlafólki í tilefni af Myrkum músíkdögum og Íslensku tónlistarverðlaununum sem afhent verða í kvöld.**



FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.

**KJARTAN ÓLAFSSON** Flytjendur skipta hundruðum og fremstu tónlistarmenn landsins koma fram á hátíðinni.

Íslensku tónlistarverðlaunin verða afhent í kvöld og svo skemmtilega vill til að nú standa yfir Myrkir músíkdagar, stórhátíð íslensku tónskáldanna sem haldin er í 25. sinn. „Það er alger tilviljun að þetta skuli lenda á sama tíma,“ segir Kjartan Ólafsson formaður Tónskáldafélags Íslands. „Þetta er mikil uppskeruhátíð og það er virkilega gaman að Myrkir músíkdagar og Íslensku tónlistarverðlaunin lendi saman í faðmlagi.“

Myrkir músíkdagar voru fyrst haldnir árið 1980 þegar tónskáldin Atli Heimir Sveinsson og Þorkell Sigurbjörnsson ákváðu að hér vantaði vettvang til þess að flytja nýja tónlist á hátíðum – sem þó hefur tíðkast úti í hinum stóra heimi í hundruð ára.

„Myrkir músíkdagar byrjuðu með fáum tónleikum en góðum,“ segir Kjartan. „Síðan hefur þeim fjölgað og eru enn betri en þeir voru fyrir 25 árum. Aukningin hefur verið mest á undanförnum fimm árum og nú er svo komið að seinustu hátíð sóttu um þrjú þúsund gestir. Flytjendur skipta hundruðum og fremstu tónlistarmenn landsins koma fram á hátíðinni – sem er farin að vekja athygli víða um heim. Núna eru að koma hingað erlendir tónlistarmenn og fjölmiðlafólk til þess að fjalla um hátíðina, meðal annars frá Nordic Sound sem er víðlesnasta tímarit í heimi af þeim sem fjalla um norræna tónlist.“

Kjartan segir áhuga á nýrri íslenskri tónlist mikið að aukast. Það sjáist best á aðsókninni að tónleikum Myrkra músíkdaga og þróuninni frá upphafi hátíðarinnar. „Það er margt sem spilar inn í, til dæmis betrumbætt tónlistarskólakerfi, fleiri atvinnutækifæri eru fyrir tónlistarmenn en áður, auk þess sem opinberir aðilar eru farnir að reyna að taka meiri þátt í þessu með skilgreindum verkefnum og verkefnasjóðum. Þetta snertir allt sem viðkemur tónlist; að hún verði til, verði flutt og ferðist til útlanda til kynningar á menningu og þjóð. Dr. Ágúst Einarsson prófessor hefur gert skýrslu og skrifaði bók sem heitir „Hagræn áhrif tónlistar“. Þar kemur í ljós að þeir sem starfa að tónlist með einum eða öðrum hætti, skapa meiri verðmæti en fást úr landbúnaði, það er að segja, 1-1,5 prósent af vergri þjóðarframleiðslu. Heildar verðmætasköpun menningarinnar er 5% af vergri þjóðarframleiðslu.

Í því samhengi er áhugavert að velta því fyrir sér að við tónlistarnám hér á landi eru 11.000-12.000 nemendur, um 1.700 manns hafa atvinnu af tónlist og milli tólf og þrettán þúsund manns eru í kórum og lúðrasveitum. Hér á landi eru haldnir um 2.000 klassískir tónleikar á ári hverju og eru sóttir af fleirum en sækja íþróttakappleiki.“

Íslensku tónlistarverðlaunin standa tónskáldunum vissulega nær. Þar eru veittar viðurkenningar fyrir íslenska tónlist, íslenska flytjendur og fyrir ýmsa þætti í sköpun og flutningi á íslenskri tónlist. „Þarna eru allar tegundir af tónlist virtar,“ segir Kjartan. „Menn hafa verið að finna mismunandi flokkun en það er dálítið erfitt á þessum tíma þar sem samruni hinna ýmsu tónlistarstefna er sífellt að eiga sér stað og þau skilrúm sem hafa verið milli hinna ýmsu greina tónlistarinnar eru nú óðum að hverfa. Það er af hinu góða vegna þess að það þýðir að tónlist og tónlistarflutningur eru í framþróun, en eru ekki bundin við skilgreiningar. Ávinningurinn verður sá að tónlistarlífið verður fjölbreyttara og nýjar stefnur verða til sem er einkenni á okkar menningarsamfélagi í dag. ■


ÁVAXTAKARFAN
AUSTURBÆR
Forsýning : Fös 04.feb kl. 12:00 sæti laus
Lau 05.feb kl. 15:00 örfá sæti laus
Frumsýning : Sun 06.feb kl. 14:00 örfá sæti laus
Pantanir í síma 551 4700
miðasala opin 14 - 18 alla daga
www.midi.is

TENÓRINN
Fös. 4. feb. kl. 20 örfá sæti
Sun. 13. feb. kl. 20
Sun. 20. feb. kl. 20 örfá sæti
Sun. 27. feb. kl. 20
Sýningum fer fækkandi

FAÐIR VOR
Sun 6. feb. kl. 20.00
Allra síðasta sýning

IÐNÓ
Miðasala í síma 562 9700
www.idno.is

Frumsýning 11. febrúar kl. 20 – UPPSELT
TOSCA
2. sýning 13.feb. kl. 19.00 – NOKKUR SÆTI LAUS
3. sýning 18.feb. kl 20.00 – NOKKUR SÆTI LAUS
4. sýning 20. feb. kl. 19.00 – 5. sýning 25. febrúar kl. 20.00
6. sýning 27. febrúar kl. 19.00 – 7. sýning 4. mars kl. 20.00
8. sýning 6. mars kl. 19.00 – 9. sýning 12. mars kl. 19.00
Miðasala á netinu: www. opera.is
www.opera.is | midasala@opera.is | Sími miðasölu: 511 4200
Landsbankinn
ÍSLENSKA ÓPERAN
Miðasalan er opin kl. 14–18 virka daga, kl. 13–18 lau. og sun. og fram að sýningu sýningardaga. Símasala kl. 10–18 virka daga.

VODKAKÚRINN
AUSTURBÆR
Fös. 04/02 2005 kl: 20:00 Sæti laus
Lau. 05/02 2005 kl: 20:00 Sæti laus
Pantanir í síma 551 4700
miðasala opin 14 - 18 alla daga
www.vodkakurinn.is og www.midi.is

BORGARLEIKHÚSIÐ
Leikfélag Reykjavíkur • Listabraut 3, 103 Reykjavík

STÓRA SVIÐ
HÍBÝLI VINDANNA
leikgerð Bjarna Jónssonar á vesturfarasögu Böðvars Guðmundssonar
Lau 5/2 kl. 20 - UPPSELT,
Sun 6/2 kl 20 - UPPSELT,
Fi 10/2 kl 20 - UPPSELT, Fö 11/2 kl 20
Lau 12/2 kl 20 - UPPSELT, Fi 17/2 kl 20,
Fö 18/2 kl 20 - UPPSELT, Lau 19/2 kl 20
Fö 25/2 kl 20, Lau 26/2 kl 20
HÉRI HÉRASON
e. Coline Serreau
Su 13/2 kl 20
Síðasta sýning
LÍNA LANGSOKKUR
e. Astrid Lindgren
Su 6/2 kl 14, Su 13/2 kl 14,
Su 20/2 kl 14 - AUKASÝNING,
Su 27/2 kl 14 - AUKASÝNING Síðustu sýningar
HOUDINI SNÝR AFTUR
Fjölskyldusýning um páskana.
Forsala aðgöngumiða hafin.
Börn 12 ára og yngri fá frítt í Borgarleikhúsið í fylgd fullorðinna
- gildir ekki á barnasýningar

NÝJA SVIÐ/LITLA SVIÐ
ÍSLENSKI DANSFLOKKURINN SÝNIR:
VIÐ ERUM ÖLL MARLENE DIETRICH FOR
e. Ernu Ómarsdóttur og Emil Hrvatin
Aðalæfing Fi 3/2 kl 20 - kr. 1.000
Frumsýning Fö 4/2 kl 20 - UPPSELT
Hátíðarsýning Su 6/2 kl 20
Mi 9/2 kl 20, Fi 10/2 kl 20,
Fö 11/2 - LOKASÝNING
BELGÍSKA KONGÓ
e. Braga Ólafsson, Gríman fyrir besta leik í aðalhlutverki
Lau 5/2 kl 20 - UPPSELT,
Lau 12/2 kl 20 - UPPSELT,
Su 13/2 kl 20 - UPPSELT,
Fi 17/2 kl 20, Su 20/2 kl 20,
Fi 24/2 kl 20, Fö 25/2 kl 20
Sýningum lýkur í febrúar
AUSA eftir Lee Hall
Í samstarfi við LA. Su 6/2 kl 20, Fö 11/2 kl 20, Lau 19/2 kl 20, Lau 26/2 kl 20
Ath: Miðaverð kr. 1.500
SVIK
eftir Harold Pinter
Samstarf: Á SENUNNI,SÖGN ehf. og LA
Fö 4/2 kl 20, Su 13/2 kl 20, Su 27/2 kl 20
SAUMASTOFAN 30 ÁRUM SÍÐAR
eftir Agnar Jón Egilsson. Í samstarfi við TÓBÍAS.
Lau 5/2 kl 20, Lau 12/2 kl 20, Fö 18/2 kl 20
LÚÐRASVEIT REYKJAVÍKUR
Í kvöld kl 22 - kr. 1.500

NÁMSKEIÐ UM VESTURFARNA HEFST Í BORGARLEIKHÚSINU Í KVÖLD
Kennarar: Viðar Hreinsson, 2/2 Upphaf vesturferða Gísli Sigurðsson, 9/2 Sagnalist Vestur Íslendinga Helga Ögmundardóttir, 16/2 Lífskjör og aðstæður frumbyggjanna Böðvar Guðmundsson, 23/2 Bréfin frá Vestur-Íslendingum. Skráning hjá Mími Símenntun á www.mimi.is eða í síma 5801800. Þátttakendum verður boðið á sýningu á Híbýlum vindanna

Miðasölusími 568 8000
midasala@borgarleikhus.is
Miðasala á netinu www.borgarleikhus.is
Miðasalan í Borgarleikhúsinu er opin:
10-18 mánudaga og þriðjudaga,
10-20 miðviku-, fimmtu- og föstudaga
12-20 laugardaga og sunnudaga

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ
MÝRARLJÓS
NÝTT OG SPENNANDI ÍRSKT VERK!
■ Stóra sviðið kl. 20.00
EDITH PIAF - Sigurður Pálsson
Fös. 4/2 uppselt, sun. 13/2 uppselt, lau. 19/2 uppselt, lau. 26/2 uppselt, fös. 4/3 örfá sæti laus, fös. 11/3 örfá sæti laus, fös. 18/3 örfá sæti laus.
ÖXIN OG JÖRÐIN - Ólafur Gunnarsson. Leikgerð: Hilmar Jónsson.
8. sýn. lau. 5/2 örfá sæti laus, 9. sýn. lau. 12/2 örfá sæti laus, 10. sýn. fim. 17/2 nokkur sæti laus, 11. sýn. fös. 25/2.
DÝRIN Í HÁLSASKÓGI - Thorbjörn Egner
Sun. 6/2 uppselt, sun. 13/2 uppselt, sun. 20/2 nokkur sæti laus, sun. 27/2. Síðustu sýningar.
MÝRARLJÓS - Marina Carr
Frumsýning fim. 10/2 uppselt, 2. sýn. fös. 11/2 örfá sæti laus, 3. sýn. fös. 18/2 örfá sæti laus, 4. sýn. sun. 20/2 örfá sæti laus, 5. sýn. fim. 24/2 örfá sæti laus.
■ Smíðaverkstæðið kl. 20.00
NÍTJÁNHUNDRUÐ - Kaffileikhús - Alessandro Barrico
Fös. 4/2 örfá sæti laus, fös. 11/2, lau. 19/2.
Ekki er hægt að hleypa inn í salinn eftir að sýning er hafin!
■ Litla sviðið kl. 20.00
BÖNDIN Á MILLI OKKAR - Kristján Þórður Hrafnsson
Fim. 3/2 uppselt, fös. 11/2 nokkur sæti laus, sun. 20/2.
Ekki er hægt að hleypa inn í salinn eftir að sýning er hafin!
Miðasölusími: 551 1200 Netfang: midasala@leikhusid.is Veffang: www.leikhusid.is
Opið kl. 13:00-18:00 mán.-þri. Aðra daga kl. 13:00-20:00. Símapantanir frá kl. 10:00 virka daga.
Þjóðleikhúsið sími 551-1200

SPÍTALASKIPIÐ
NEMENDALEIKHÚSIÐ
eftir Kristínu Ómarsdóttur
6. sýn. í kvöld kl. 20
7. sýn. fim. 3. feb. kl. 20
8. sýn. fös. 4. feb. kl. 20
9. sýn. lau. 5. feb. kl. 20
10. sýn. mið. 9. feb. kl. 20
11. sýn. fim. 10. feb. kl. 20
Miðaverð 1000 kr.
Sýnt í Smiðjunni - Sölvhólsgötu 13
552-1971 - leiklistardeild@lhi.is

**JAMES JOYCE (1882-1941)**
fæddist þennan dag.



*„Eins og allir vita er Kristófers Kólumbusar minnst fyrir að hafa verið síðastur til að uppgötva Ameríku.“*

***Joyce var frumkvöðull óhefðbundinna skrifa og alræmdur fyrir tyrfin ritverk sín, Ulysses og sína síðustu bók Finnegans Wake. Eftir hann liggur einnig fjöldi ljóða og sagna sem hefðbundnari eru í formi og byggingu. Síðustu bók sína ritaði hann þjáður af gláku og dó tveimur árum eftir að hún kom út í lokaútgáfu, vonsvikinn með viðtökurnar sem hún fékk.***

# tímamót

timamot@frettabladid.is

## ÞETTA GERÐIST

# *Sid Vicious fannst látinn*

Þennan dag árið 1979 kom Anne Beverley, móðir Sids Vicious, bassaleikara bresku pönksveitarinnar Sex Pistols, að syni sínum látnum þar sem hann lá í rúmi sínu við hlið sofandi vinkonu sinnar í í Greenwich Village í New York í Bandaríkjunum. Pönkarinn sem var 21 árs gamall hafði látist af of stórum skammti heróíns. Kvöldið áður hafði verið veisluhald í íbúðinni til að halda upp á að Sid hafði fengist laus úr fangelsi gegn rúmlega þriggja milljóna króna tryggingu, en framundan voru réttarhöld þar sem honum var gefið að sök að hafa myrt kærustu sína, Nancy Sprungen, um þremur mánuðum fyrr. Vitað er að Sid sprautaði sig i veislunni, en móðir hans, sem sjálf var eitt sinn fíkill, bar að hann hefði notað minna en vanalega „því hann vissi að efnið var hreint“. Hann fékk fljótlega flog og sýndi einkenni eitrunar en jafnaði sig um 40 mínútum síðar og hélt í rúmið með vinkonunni. Krufning leiddi svo í ljós að Sid Vicious hafði dáið af vökvasöfnun í lungum, en það er eitt einkenna ofnotkunar heróíns. Við tók deila milli móður pönkarans og Malcolms McLaren, umboðsmanns Sex Pistols, um hvar ætti að jarðsetja hann. McLaren vildi láta jarða hann í London en Vicious vildi sjálfur láta grafa sig með Nancy Sprungen í Philadelphíu í Bandaríkjunum. Úr varð svo að Ann Beverly dreifði ösku sonar síns í gyðingagrafreitnum þar sem Nancy var grafin, án leyfis fjölskyldu hennar.



**PÖNKARINN MUNDAR BASSANN** Sid Vicious hét réttu nafni John Simon Ritchie.

## MERKISATBURÐIR

**1535** Spánverjinn Pedro de Mendoza stofnar argentínsku borgina Búenos Aíres.

**1878** Grikkir lýsa Tyrkjum stríð á hendur.

**1883** Sex manns létust þegar snjóflóð féll á bæinn Stekk í Njarðvík við Borgarfjörð eystra og tók af öll bæjarhús.

**1943** Þýskar hersveitir gefast upp fyrir Rússum í Stalíngrad eftir að hafa misst 200 þúsund menn.

**1983** Alþingi samþykkti með 29 atkvæðum gegn 28 að mótmæla ekki hvalveiðibanni Alþjóðahvalveiðiráðsins.

**1988** Hjarta og lungu voru grædd í Halldór Halldórsson, 25 ára Kópavogsbúa, fyrstan Íslendinga.

**1991** Öflugur jarðskjálfti skekur Afganistan og Pakistan þannig að í það minnsta 109 farast og yfir 350 slasast.



†

*Okkar kæra*

**Sigurbjörg Guðjónsdóttir**

lést að Sólvangi, Hafnarfirði, laugardaginn 29. jan. sl.

Hún verður jarðsungin frá Hafnarfjarðarkirkju, föstudaginn 4. feb. kl. 13.00.

**Guðrún Bjarnadóttir, Geir Þórólfsson, Bjarni Þór Sigurðsson, Helga Guðjónsdóttir.**



†

*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir og amma,*

**Sólveig Eyjólfsdóttir**

Brekkugötu 5, Hafnarfirði,

andaðist 31. janúar á Sólvangi.

**Kristín V. Haraldsdóttir, Eyjólfur Þ. Haraldsson, Guðbjörg Edda Eggertsdóttir, Eggert Eyjólfsson, Haraldur Sveinn Eyjólfsson.**



†

*Elskuleg systir okkar og frænka,*

**Svava Skúladóttir**

áður til heimilis að Hátúni 10a, Reykjavík,

lést 23. janúar. Hún verður jarðsungin frá Fossvogskapellu föstudaginn 4. febrúar kl. 15.00. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á líknarstofnanir.

**Aðstandendur.**



†

*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

Jóna **Júlía Valsteinsdóttir**

lést á Sólvangi, Hafnarfirði, að morgni 29. janúar. Útför hennar verður auglýst síðar.

**Henning Þorvaldsson, Steinunn Alfreðsdóttir, Birna Þorvaldsdóttir, Jón Ragnar Jónsson, Valdís Ólöf Þorvaldsdóttir, Steinar Harðarson, Sigurbjartur Á. Þorvaldsson, Sveinsína Björg Jónsdóttir, Guðmundur Páll Þorvaldsson, Helga Aðalbjörg Þórðardóttir, barnabörn og barnabarnabörn.**

### TÍMAMÓT: ÞJÓÐARSÁTTIN 15 ÁRA

# Samstaða um að rjúfa vítahringinn

Samningarnir sem undirritaðir voru þennan dag fyrir fimmtán árum síðan milli samtaka atvinnurekenda, verkalýðsfélaga og bænda mörkuðu tímamót í efnahagslífi þjóðarinnar. Þeir hlutu enda strax nafnið „Þjóðarsátt“, en að samningunum stóðu öll félög launþega utan Bandalags háskólamanna. Markmið þjóðarsáttarinnar var að draga hratt úr verðbólgu og tryggja atvinnuöryggi.

„Það er ekki hægt að ofgera hvað þessi tímamót voru mikil og breyttu miklu, til lengri tíma litið, fyrir kjör almennings og atvinnulíf í landinu,“ segir Ásmundur Stefánsson ríkissáttasemjari en hann var forseti Alþýðusambands Íslands þegar samningarnir voru gerðir. „Við vorum búin að kljást við látlausa veltu verðhækkana og launahækkana um mjög langan tíma,“ segir hann, en sú víxlverkun gróf undan fyrirtækjarekstri þannig að langtímaáætlanir voru nánast útilokaðar. „Svo var staðan náttúrlega vonlaus fyrir almenning sem mátti eiga von á að missa allt út úr höndunum ef ekki var spilað rétt á verðbólguna.“ Ásmundur telur að breytingin árið 1990 hafi búið til stöðugleika í verðlagi og atvinnurekstri, auk þess sem eftir hana hafi verið hægt að gera kjarasamninga til mun lengri tíma en áður. „Afraksturinn hefur tvímælalaust verið sá að hugað hefur verið betur að rekstri en áður var, menn hafa náð að búa betur um sig og hagræða og launafólk hefur notið þess á þessum árum sem núna er að baki.“



**ÁSMUNDUR STEFÁNSSON RÍKISSÁTTASEMJARI.**

Ásmundur leggur áherslu á að þjóðarsáttin hafi átt sér langan aðdraganda og alls ekki verið svo að einhverjir örfáir menn hafi lokað sig saman og ákveðið að umbreyta öllum hlutum. „Það var gerð alvarleg tilraun til að fikra sig í þessa átt í samningum árið 1984. Árið 1986 var líka gripið til víðtækra aðgerða sem ekki gengu upp en endurspegluðu engu að síður vilja manna til að koma sér út úr vítahringnum,“ segir hann og telur að aldrei hefði tekist að gera ámóta átak nema með breiðum vilja alls staðar að úr samfélaginu. „Eftirfylgnin með framkvæmdinni var líka mjög öflug að hálfu allra samningsaðila.“ ■

†

Ástkær maðurinn minn, faðir okkar, fósturfaðir og afi

**Finnur Gíslason**
**yfirvélfræðingur,**

varð bráðkvaddur fimmtudaginn 27. janúar.
Útför hans verður auglýst síðar.
Fyrir hönd aðstandenda,

**Guðlaug Pétursdóttir og börn hins látna.**




15% afsláttur
af legsteinum
gegn staðgreiðslu
í janúar og febrúar

Sendum myndalista



***MOSAIK***
*Hamarshöfði 4, 110 Reykjavík, s: 587 1960, www.mosaik.is*


## AFMÆLI



**Sigurbjörn Bárðarson** tamningameistari er 53 ára í dag.

**Jón Axel Björnsson** myndlistarmaður er 49 ára í dag.

**Kjartan Guðjónsson** leikari er fertugur í dag.

## ANDLÁT

**Magnús Hörður Magnússon** lést í Víðihlíð, Grindavík, fimmtudaginn 20. janúar. Útförin hefur farið fram í kyrrþey.

**Hannes Gestur Sigurbjörnsson**, Auðbrekku 12, Húsavík, lést þriðjudaginn 25. janúar.

**Reynir J. Guðmundsson**, fyrrverandi flugstjóri, Laugarnesvegi 87, Reykjavík, lést þriðjudaginn 25. janúar.

**Finnur Gíslason**, yfirvélfræðingur, lést fimmtudaginn 27. janúar.

**Magnús Stefánsson**, frá Kalastöðum, Dalbraut 55, Akranesi, lést föstudaginn 28. janúar.

**Oddur Halldórsson**, Hrafnistu, Hafnarfirði, áður Smyrlahrauni 7, lést föstudaginn 28. janúar.

**Steinvör Jónsdóttir**, Garðarsvegi 14, Seyðisfirði, lést föstudaginn 28. janúar.

**Þóra Friðjónsdóttir**, Sauðármýri, Sauðárkróki, lést föstudaginn 28. janúar.

**Einar Sveinsson**, arkitekt, Flókagötu 57, Reykjavík, lést laugardaginn 29. janúar.

**Gunnar Sigtryggsson**, frá Bolungarvík, lést laugardaginn 29. janúar.

**Jóna Júlía Valsteinsdóttir** lést á Sólvangi, Hafnarfirði, laugardaginn 29. janúar.

**Sigurbjörg Guðjónsdóttir** lést á Sólvangi, Hafnarfirði, laugardaginn 29. janúar.

**Sveinbjörg Pálína Vigfúsdóttir**, frá Flögu í Skaftártungu, Sóltúni 2, Reykjavík, lést sunnudaginn 30. janúar.

**Sólveig Eyjólfsdóttir**, Brekkugötu 5, Hafnarfirði, lést mánudaginn 31. janúar.

## JARÐARFARIR

13.00 **Jóhann Þórarinsson**, Arnarhrauni 15, Hafnarfirði, verður jarðsunginn frá Þjóðkirkjunni í Hafnarfirði.

15.00 **Sigríður G. Auðunsdóttir**, frá Dvergasteini, verður jarðsungin frá Fossvogskirkju.


**Eldri borgarar**
**Eldri borgarar**
**Ferðaklúbbur eldri borgara**

auglýsir 11. daga ferð til Færeyja með Norrænu þann 24.maí til 3. júní. Farið verður í skoðunarferðir m.a. til Suðureyjar, um Vestmannabjörgin, Klakksvíkur og fleira.

Innifalið í verði er: rúta, gisting, kvöldverðir, siglingar og leiðsögn um Færeyjar. Gist er eina nótt á Akureyri, ein nótt á Hótel Vagar og 5 nætur á Hótel Færeyjar og eina nótt á Hótel Skaftafelli á heimleið.
Verð pr. mann er kr. 109.000
Allir eldri borgarar velkomnir.

Nánari uppl. og skráning er hjá Hannesi í síma 892-3011

**Sumarferðirnar verða auglýstar síðar.**
**Ferðaklúbbur Eldri borgara.**

# ••Verðvernd og frítt á frídögum!







**V12**

*Fyrir þá sem vilja meira (3Mb/s)*

- *Hraði: 3Mb/s að notanda / 768kb frá notanda.*
- *Niðurhal innlands frítt.*
- *Niðurhal erlendis allt að 100MB frítt.*
- *3 póstföng innifalin.*
- *Áframsending pósts. "Out of office reply".*
- *Vefpóstur. Vírus- og ruslpóstssía.*

***Frítt á frídögum allt að 2GB frítt erlent niðurhal****

*Frír beinir***

**Mánaðargjald 3.699 kr.**




## Ekki borga of mikið...

- *Viðskiptavinir okkar greiða aldrei meira en 2GB niðurhal!*
- *Ódýrara áskriftargjald!*
- *Frítt á frídögum!*
- *Meiri hraði!*
- *Viðskiptavinir okkar fá frían router!***

**Kaupauki að andvirði 7.000 kr.**



## Hafðu hraðann á...

*Dávaldurinn Sailesh er að koma aftur og við ætlum að bjóða þér! Allir þeir sem taka BTnet í verslunum BT fá miða fyrir 2 á Sailesh 17. apríl á Broadway.*

*Gegn 12 mánaða samning sem greiddur er með kreditkorti. Tilboð þetta gildir á meðan birgðir endast og aðeins í verslunum BT.*

BTNET
*fleiri bitar • meiri hraði*

**Komdu við í næstu BT verslun eða hringdu í 588-1234 og pantaðu þér tengingu.**

* Viðskiptavinir fá 500Mb af erlendu niðurhali frítt um helgar. * * Gegn 12 mánaða áskrift á kreditkort.

**sport**
sport@frettabladid.is

*„Rússneska liðið er líklega það lélegasta sem ég hef nokkurn tímann séð og ég byrjaði að fylgjast með þessu mjög ungur. Þetta er bara nýtt lið. Ég þekkti þrjá leikmenn í liðinu og hinir eru bara einhverjir unglingar sem mér fannst ekki merkilegir handboltamenn.“*

***Guðmundur Guðmundsson, fyrrverandi landsliðsþjálfari um landslið Rússa sem vann alla leiki sína í íslenska riðlinum og leikinn við Ísland með sjö marka mun, 22–29. Guðmundur mætti í Olíssport á Sýn í fyrrakvöld og lét sína skoðun vel í ljós um slakt gengi íslenska liðsins á HM í Túnis.***



## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**FEBRÚAR**

30 31 1 **2** 3 4 5

**Miðvikudagur**

### LEIKIR

- 18.00 **Grótta/KR** og **Fram** mætast á Seltjarnarnesi í DHL-deild kvenna í handbolta.
- 19.15 **Stjarnan** og **FH** mætast í Ásgarði í 1. deild karla í handbolta.
- 20.00 **Grótta/KR** og **Selfoss** mætast á Seltjarnarnesi í 1. deild karla í handbolta.

### SJÓNVARP

- 15.45 **HM í handbolta** á RÚV. Útsending frá leik **Noregs** og **Svíþjóðar** á HM í handbolta.
- 17.45 **Olíssport** á Sýn.
- 19.00 **Hálandaleikarnir** á Sýn.
- 19.20 **Ítalski boltinn** á Sýn. Bein útsending frá leik **Juventus** og **Sampdoria** í ítölsku A-deildinni í fótbolta.
- 21.30 **Heimsbikarinn á skíðum** á Sýn.
- 22.00 **Olíssport** á Sýn.
- 22.20 **Handboltakvöld** á RÚV.
- 23.15 **Bandaríska mótaröðin í golfi** á Sýn. Sýnt frá **Buick Invitational-mótinu** á bandarísku PGA-mótaröðinni í golfi.

## LEIKIR GÆRDAGSINS

### *Enska úrvalsdeildin*

PORTSMOUTH–MIDDLESBROUGH 2–1
0–1 Christie (35.), 1–1 Taylor (40.), 2–1 Yakubu (58.).

WEST BROM–C. PALACE 2–2
0–1 Johnson (47.), 1–1 Campbell (82.), 2–1 Earnshaw (89.), 2–2 Hall (90.).

ARSENAL–MAN. UTD 2–4
1–0 Viera (8.), 1–1 Giggs (18.), 2–1 Bergkamp (35.), 2–2 Ronaldo (54.), 2–3 Ronaldo (58.), 2–4 O´Shea (90.).

BOLTON–TOTTENHAM 3–1
1–0 Diouf, víti (49.), 1–1 Defoe (66.), 2–1 Ben Haim (86.), 3–1 Davies (87.).

CHARLTON–LIVERPOOL 1–2
1–0 Bartlett (20.), 1–1 Morientes (61.), 1–2 Riise (79.)

**STAÐAN**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| CHELSEA | 24 | 19 | 4 | 1 | 48–8 | 61 |
| **MAN. UTD** | **25** | **15** | **8** | **2** | **41–16** | **53** |
| ARSENAL | 25 | 15 | 6 | 4 | 55–29 | 51 |
| **EVERTON** | **24** | **13** | **5** | **6** | **28–25** | **44** |
| LIVERPOOL | **25** | **12** | **4** | **9** | **38–26** | **40** |
| **MIDDLESB.** | **25** | **10** | **7** | **8** | **40–35** | **37** |
| CHARLTON | 25 | 11 | 4 | 10 | 29–35 | 37 |
| **BOLTON** | **25** | **10** | **6** | **9** | **34–32** | **36** |
| TOTTENH. | 25 | 9 | 6 | 10 | 30–29 | 33 |
| **MAN. CITY** | **24** | **8** | **7** | **9** | **30–26** | **31** |
| A. VILLA | 24 | 8 | 7 | 9 | 27–29 | 31 |
| **PORTSM.** | **25** | **8** | **6** | **12** | **28–35** | **30** |
| NEWCASTLE | 24 | 7 | 8 | 9 | 35–41 | 29 |
| **Fulham** | **24** | **8** | **4** | **12** | **31–40** | **28** |
| BIRMINGH. | 24 | 6 | 8 | 10 | 27–30 | 26 |
| **BLACKB.** | **24** | **5** | **10** | **9** | **21–34** | **25** |
| C. PALACE | 25 | 5 | 7 | 13 | 29–39 | 22 |
| **SOUTH.** | **24** | **3** | **9** | **12** | **25–39** | **18** |
| NORWICH | 24 | 2 | 11 | 11 | 23–46 | 17 |
| **WBA** | **25** | **2** | **11** | **12** | **21–46** | **17** |

### *HM í handbolta í Túnis*

**MILLIRIÐILL 1**

| | |
|---|---|
| TÉKKLAND–FRAKKLAND | 26–31 |
| **SLÓVENÍA–TÚNIS** | **26–26** |
| RÚSSLAND–GRIKKLAND | 24–29 |

**STAÐAN**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **TÚNIS** | **4** | **1** | **3** | **0** | **115–104** | **5** |
| FRAKKLAND | 4 | 2 | 1 | 1 | 101–94 | 5 |
| **GRIKKLAND** | **4** | **2** | **1** | **1** | **105–107** | **5** |
| RÚSSLAND | 4 | 2 | 0 | 2 | 102–102 | 4 |
| **SLÓVENÍA** | **4** | **1** | **1** | **2** | **116–114** | **3** |
| TÉKKLAND | 4 | 1 | 0 | 3 | 100–118 | 2 |

**MILLIRIÐILL 2**

| | |
|---|---|
| ÞÝSKALAND–KRÓATÍA | 26–29 |
| **SERBÍA–SPÁNN** | **28–28** |
| SVÍÞJÓÐ–NOREGUR | 31–34 |

**STAÐAN**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **KRÓATÍA** | **4** | **3** | **0** | **1** | **115–112** | **6** |
| SERBÍA/SVART. | 4 | 2 | 2 | 0 | 104–102 | 6 |
| **SPÁNN** | **4** | **2** | **1** | **1** | **124–115** | **5** |
| NOREGUR | 4 | 2 | 1 | 1 | 113–108 | 5 |
| **ÞÝSKALAND** | **4** | **0** | **1** | **3** | **105–113** | **1** |
| SVÍÞJÓÐ | 4 | 0 | 1 | 3 | 110–121 | 1 |

# Hágæðaskemmtun

Man. Utd. vann Arsenal í þriðja skipti á tímabilinu, komst upp fyrir meistarana í annað sætið og minnkaði forskot Chelsea í átta stig. Ronaldo skoraði tvö mörk á fjórum mínútum í byrjun seinni hálfleiks og lagði grunninn að 2–4 sigri.

**FÓTBOLTI** Manchester varð í gær fyrsta liðið í 32 leikjum til að vinna ensku meistarana í Arsenal á þeirra eigin heimavelli á Highbury. United-liðið tryggði sér jafnframt sinn þriðja sigur á erkifjendum sínum á þessu tímabili, unnu 2–0 í deildinni í október, unnu 1–0 í deildabikarnum í desember og loks 4–2 í frábærum leik liðanna á Highbury í gær.

Leikurinn var hin besta skemmtun, tvö frábær fótboltalið sem lögðu allt sitt og gott betur í hverja tæklingu og hvern lausan bolta. Uppskeran voru sex mörk, sex gul spjöld og eitt rautt.

Leikurinn var nánast úrslitaleikur um hvort liðið ætlaði sér að fylgja toppliði Chelsea, Manchester United er nú átta stigum á eftir Eið Smára og félögum en Arsenal er orðið tíu stigum á eftir þegar Chelsea á leik inn á bæði lið.

Arsenal var meira með boltann í fyrri hálfleik og ávallt hættulegra í sínum sóknum en United gaf þó ekkert eftir og beit vel frá sér inn á milli enda með Wayne Rooney og Ryan Giggs í góðu formi. Patrick Viera var einbeittur í upphafi leiks og var síðan búinn að koma sínum mönnum yfir eftir átta mínútur þegar að hann skallaði inn hornspyrnu frá Thierry Henry. Arsenal eignaði sér upphafsmínútur leiksins og hver stórsóknin á fætur annarri skapaði hættu við mark Manchester United.

Wayne Rooney sást varla fyrstu 15 mínútur leiksins en var búinn að leggja jöfnunarmark fyrir Ryan Giggs með nánast sinni fyrstu snertingu í leiknum og eftir það var strákurinn alltaf hættulegur.

Theirry Henry lagði síðan upp annað mark, nú fyrir Dennis Bergkamp tíu mínútum fyrir hálfleik og hollenski galdrakarlinn sem var hættulegur á lokakafla hálfleiksins afgreiddi boltann glæsilega í netið.




HETJAN Á HIGHBURY Portúgalinn Cristiano Ronaldo skoraði tvö mörk fyrir Manchester United á fjórum mínútum í seinni hálfleik í gær og lagði með því grunninn að 4–2 sigri liðsins á Arsenal – þriðja sigurinn á ensku meisturunum á tímabilinu. AP

Arsenal-vörnin gaf reyndar oft færi á sér í leiknum og tvær snöggar sóknir með þá Wayne Rooney og Ryan Giggs í fararbroddi lögðu upp tvö mörk fyrir Ronaldo á fjögurra mínútna kafla og fyrir vikið var United komið með tögl og högld á leiknum. Málin breyttust nokkuð þegar Mikael Silvestre var réttilega rekinn út af fyrir að skalla Fredrick Ljungberg en Alex Ferguson pakkaði í vörn í lokin og United-vörnin hélt út síðustu 25 mínútur leiksins manni færri og John O´Shea skoraði síðan fjórða markið úr skyndisókn rétt fyrir leikslok.

Manchester sýndi mikinn karakter á erfiðum útivelli og unnu góðan sigur eftir að hafa lent tvisvar undir og þurft að leika manni færri síðustu 25 mínútur leiksins að viðbættum uppbótartíma. Arsenal getur hins vegar nánast farið að einbeita sér að öðrum bikurum en enska meistaratitlinum. **-ój**

Intersportdeildarlið Hauka gerir breytingar á sínu liði fyrir lokasprettinn:

# Waller sendur aftur til síns heima

**KÖRFUBOLTI** Haukar hafa rekið John Waller, annan bandaríska leikmann liðsins, í Intersport-deildinni í körfubolta og leita nú að nýjum leikmanni í hans stað en liðið er komið niður í harða fallbaráttu og mætir næst Keflavík á Ásvöllum á sunnudaginn.

Waller sem lék vel fyrir jól og var meðal annars efstur í þriggja stiga skotnýtingu í deildinni eftir fyrri umferðina hefur verið nánast óþekkjanlegur á nýja árinu. Meðalskorið hans hefur meðal annars lækkað um 10 stig í leik, hann er að hitta 27% verr úr skotum sínum og þá var hann að leggja til liðsins aðeins 36% af því sem hann gerði í 11 leikjum liðsins fyrir jól.

Á heimasíðu Haukanna kemur eftirfarandi fram um málið. „John lék mun betur fyrir áramót en hann hefur gert í janúar og ekki lagt sig nægjanlega fram í að laga alvarlega stöðu liðsins. Niður-staðan er því að John hættir að leika með liðinu og hverfur heim á leið á allra næstu dögum. Nú þegar verður farið í að leita að leikmanni í staðinn fyrir John,“ segir á síðunni en Haukar hafa tapað þremur af fjórum leikjum sínum eftir áramótin og þar á meðal báðum heimaleikjum sínum á Ásvöllum.

Haukar höfðu fyrir það unnið 18 af 21 leik á heimavelli sínum í Hafnarfirði. Waller er annar leikmaðurinn sem Haukar senda heim í vetur en Damon Flint fór sömu leið í jólafríinu. **- óój**




SKOTNÝTINGIN HRUNDI John Waller hefur leikið sinn síðasta leik með Haukum en hann hitti 35% verr úr þriggja stiga skotum sínum eftir áramót en hann gerði í fyrri umferð Intersportdeildarinnar. Fréttablaðið/Vilhelm

**JOHN WALLER ALLT ANNAR MAÐUR EFTIR JÓL**

| | |
|---|---|
| Stig í leik | 23,4 – 13,0 (-10,4) |
| **Framlag í leik** | **26,7 – 9,5 (-17,2)** |
| Skotnýting | 53% – 26% (-27%) |
| **3ja stiga körfur í leik** | **3,0 – 1,0 (-2,0)** |
| 3ja stiga nýting | 50% – 15% (-35%) |

## ÚR ÍÞRÓTTAHEIMINUM

Velski framherjinn **Craig Bellamy**, sem lenti upp á kant við **Graeme Souness**, knattspyrnustjóra Newcastle, er genginn í raðir skoska liðsins Celtic. **Bellamy** verður í láni hjá Celtic þar til tímabilinu lýkur. **Bellamy** hafnaði samningi hjá Birmingham sem hafði náð samkomulagi við Newcastle um að borga sex milljónir punda fyrir kappann. Celtic er með þriggja stiga forystu á Rangers í skosku úrvalsdeildinni.



**Barry Ferguson**, fyrirliði skoska landsliðsins, gekk í gær frá fimm og hálfs árs samningi við skoska liðið Rangers sem borgaði tæpar sex hundruð milljónir fyrir kappann. **Ferguson** gekk til liðs við Blackburn í ágúst 2003 en lagði fram ósk um að vera settur á sölulista nú í janúar.

Tottenham hefur gengið frá kaupum á tveimur leikmönnum, **Andy Reid** og **Michael Dawson**, frá Nottingham Forest fyrir 900 milljónir króna. Tottenham hefur lengi verið á höttunum eftir **Reid** en það var ekki fyrr en á seinni stigum að **Dawson** kom inn í dæmið. **Reid** er 22ja ára gamall miðjumaður sem er fastamaður í írska landsliðinu en **Dawson** er fyrirliði enska u-21 árs landsliðsins. **Frank Arnesen**, yfirmaður knattspyrnumála hjá Tottenham, sagðist vera himinlifandi með að hafa krækt í þessa tvo efnilegu leikmenn.



Birmingham hefur fengið úrúgvæska framherjann **Walter Pandiani** að láni frá spænska liðinu Deportivo La Coruna út leiktíðina. Samningur þessa efnis var undirritaður rétt áður en leikmannamarkaðnum var lokað á miðnætti á mánudaginn. **Pandiani**, sem var kominn í ónáð hjá Deportivo eftir að hafa gagnrýnt þjálfara liðsins, **Javier Irueta** opinberlega, var á leiðinni til ítalska liðsins Fiorentina en það datt upp fyrir eftir að ítalska félagið keypti Búlgarann unga **Valeri Bojinov** frá Leece.

Everton hefur fengið spænska miðjumanninn **Mikel Arteta** að láni frá spænska liðinu Real Sociedad með forkaupsrétti næsta sumar þegar lánssamningurinn rennur út. **Arteta** hefur ekki verið fastur maður í liði Sociedad í vetur og sagði að ástandið hefði verið óþolandi. **Arteta** er hugsaður sem eftirmaður Danans **Thomas Gravesen** sem var seldur til Real Madrid fyrir skömmu. **Arteta** þekkir vel til á Bretlandseyjum en hann spilaði með Rangers fyrir nokkrum árum.



Franski bakvörðurinn **Vincent Candela** skrifaði í gær undir fimm mánaða samning við enska úrvalsdeildarliðið Bolton. **Candela**, sem hefur leikið með ítalska félaginu Roma, var ekki í náðinni hjá **Luigi Del Neri**, þjálfara liðsins, og vildi komast í burtu til að fá að spila reglulega. **Candela** sagðist kveðja Roma með söknuði og sagði árin hjá félaginu hafa hjálpað honum að þroskast sem leikmaður og einstaklingur.

Southampton tryggði sér senegalska miðjumanninn **Henri Camara** og franska bakvörðinn **Oliver Bernard** út tímabilið skömmu áður en leikmannamarkaðurinn lokaði. **Camara** kemur að láni frá Wolves en **Bernard** var leystur undan samningi sínum við Newcastle og skrifaði undir fimm mánaða samning við Southampton. Þeir verða báðir klárir í bátana þegar Southampton sækir Birmingham heim í dag.



Taron Barker lýkur keppni hjá Grindavík:

# Rekinn eftir aðeins sex leiki

**KÖRFUBOLTI** Grindvíkingar hafa sagt upp samningi sínum við bandaríska bakvörðinn Taron Barker sem kom til liðsins um áramótin eftir að Darrel Lewis fékk íslenskan ríkisborgararétt. Þetta kom fyrst fram á heimasíðu Víkurfrétta í gær.

Grindavíkurliðið lék sex leiki með Barker innanborðs og tapaði fimm þeirra, þar af tvisvar fyrir Hamar/Selfoss í sömu vikunni, bæði í deild og bikar. Barker skoraði 9,7 stig og gaf 5,3 stoðsendingar að meðaltali í leik en hann nýtti aðeins 33,3% skota sinna, 20 af 60, í leikjunum sex.

Grindvíkingar töpuðu síðasta leik fyrir Fjölni á heimavelli sínum á sunnudagskvöldið þar sem liðið tapaði síðustu fjórum mínútum leiksins með tólf stigum, 7-19, eftir að hafa verið átta stgum yfir um miðjan fjórða leikhluta.

Það eru tíu dagar í næsta leik Grindavíkur sem verður gegn Tindastól á Sauðárkróki og því nægur tími fyrir Grindvíkinga að ná sér í nýjan leikmann en Barker er annar erlendi leikmaður liðsins sem yfirgefur það í vetur, Justin Miller fór af persónulegum ástæðum fyrir áramót.

- óój

**GENGI GRINDAVÍKUR**

| | |
|---|---|
| Fyrir komu Barkers | 6-5 (54%) |
| **Með Barker innanborðs** | **1-4 (20%)** |



**HVAÐ ER HÆGT AÐ GERA MEÐ VÖRNINA** Viggó Sigurðsson, landsliðsþjálfari Íslands í handbolta, klóraði sér oft í höfðinu yfir varnarleik íslenska liðsins.
Fréttablaðið/Andrea Waltz

# Eigum ekki góða varnarmenn

## Viggó Sigurðsson segir varnarleikinn hafa orðið íslenska liðinu að falli á HM í Túnis.

**HANDBOLTI** Viggó Sigurðsson, þjálfari íslenska landsliðsins í handknattleik, segist enn vera á mótunarstigi með landsliðshóp sinn og að ljóst sé að sumir leikmannanna sem voru í hópnum á HM munu ekki vera valdir aftur.

Frá því að ljóst var að Íslendingar kæmust ekki í milliriðlana á HM hefur Viggó verið að kortleggja nákvæmlega hvað það var sem var liðinu að falli í Túnis.

### Vantar góða varnarmenn

Hann sagði í samtali við Fréttablaðið í gær að það yrði að laga varnarleikinn fyrir næstu verkefni landsliðsins en að það gæti orðið erfiðara en margir halda. „Varnarleikurinn varð okkur að falli á mótinu og þar erum við ekki að tala um neina óheppni heldur getuskort,“ segir Viggó og á þar einfaldlega við að mikill skortur sé á góðum íslenskum varnarmönnum.

„Okkur vantar betri varnarmenn. Okkur vantar fyrst og fremst stjórnanda sem hefur getu til þess að reka vörnina áfram og binda menn saman. Það þarf bara að leita að þessum manni, það er ekki flóknara en svo, en það liggur ekkert á borðinu hver hann er,“ segir Viggó og tekur skýrt fram að breytinga sé að vænta. „Það er ljóst að það voru enhverjir leikmenn í Túnis sem munu ekki koma til með að vera í hópnum áfram,“ segir Viggó.

### Leikir við Pólverja

Ljóst er að íslenska landsliðið verður í fyrsta styrkleikaflokki þegar dregið verður í umspil um sæti á Evrópumótinu sem fram fer í Sviss á næsta ári og verða þeir leikir næsta stóra verkefni Viggós. Verið er að huga að undirbúningi fyrir þá leiki, sem fara fram í byrjun júní. Fyrirhugað er að Pólverjar komi til landsins í lok mars og leiki þrjá vináttuleiki við Íslendinga en það er þó háð því að þjóðirnar mætist ekki í umspili. Viggó segir sig HSÍ vera að vinna í því að fá fleiri leiki fyrir umspilið.

„Við erum að vinna í því að fá Svíana, þeir skulda okkur tvo leiki og líklegt að þeir komi hingað vikuna fyrir umspilið. Við erum líka búnir að vera í sambandi við Norðmennina líka svo að ég er vongóður um að við fáum fleiri leiki. Það skiptir miklu máli að spila sem allra mest því að við þurfum að slípa marga hluti.“

vignir@frettabladid.is

**FYRSTU STÓRMÓT SÍÐUSTU LANDSLIÐSÞJÁLFARA**

| | |
|---|---|
| **Viggó Sigurðsson** | **HM 2005** |
| 15. sæti | 50% (2 s. – 1 j. - 2 t.) |
| **Guðmundur Guðmundsson** | **EM 2002** |
| 4. sæti | 62,5% (4 s. – 2 j. - 2 t.) |
| **Þorbjörn Jensson** | **HM 1997** |
| 5. sæti | 83,3% (7 s. – 1 j. - 1 t.) |
| **Þorbergur Aðalsteinsson** | **ÓL 1992** |
| 4. sæti | 50% (3 s. – 1 j. - 3 t.) |
| **Bogdan Kowalczyk** | **ÓL 1984** |
| 6. sæti | 50% (3 s. – 1 j. - 3 t.) |


Þrótturum leyfist að blóta!
...en bara á Þorranum

Hið árlega Þorrablót Þróttar verður haldið laugardaginn 5. febrúar. Þar gefst öllum Þrótturum upplagt tækifæri til að blóta fyrir næstu 12 mánuði!

kl. 19:00 Húsið opnað
kl. 20:00 Borðhald
Borgarstjórinn í Rvk. ræðumaður kvöldsins
Skemmtiatriði
Dansleikur
kl. 01:00 Lok þorrablóts

Miðaverð kr. 2.900,-

Miðar fáanlegir hjá umsjónarmanni félagshúss eftir kl. 13:00 daglega.
Ath: Boðið verður upp á annan góðan rétt fyrir þá sem ekki eru fyrir þorramatinn.







Lifi Þróttur!



CHAMPIGNON

Detox-Hreinsun




Hreinsar líkamann



KOKOS-SISAL TEPPI



Falleg - sterk - náttúruleg

Verð frá kr. 2.840,- pr. m²

Suðurlandsbraut 10
Sími 533 5800
www.simnet.is/strond

STRÖND EHF.



F2

Með Fréttablaðinu alla fimmtudaga

FRÉTTABLAÐIÐ

Við segjum fréttir



# Íslensk verðlaunaverk

Í ár er haldið upp á 25 ára afmæli Myrkra músíkdaga, tónlistarhátíðarinnar sem orðin er ómissandi þáttur í íslensku tónlistarlífi. Þetta er ómetanlegur vettvangur fyrir ný íslensk hljómsveitarverk og má enginn unnandi tónlistar okkar láta þennan viðburð fram hjá sér fara.

TÓNLEIKAR Í HÁSKÓLABÍÓI, FIMMTUDAGINN **3. FEBRÚAR** KL. 19.30



Jón Nordal ::: Venite ad me, fyrir barnakór og hljómsveit
Atli Heimir Sveinsson ::: Draumnökkvi fyrir fiðlu og hljómsveit
Haukur Tómasson ::: Gildran – brot úr Fjórða söng Guðrúnar
Haukur Tómasson ::: Ardente
Kjartan Ólafsson ::: Sólófónía

Hljómsveitarstjóri ::: Esa Heikkilä
Einleikari ::: Una Sveinbjarnardóttir
Kór ::: Skólakór Kársness
undir stjórn Þórunnar Björnsdóttur

SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS

Háskólabíó við Hagatorg | Sími 545 2500 | sinfonia@sinfonia.is | www.sinfonia.is



# Leikmannaskóli kirkjunnar

## Lifandi steinar

**Námskeið sem fjallar um messuna og hjálpar við að auka skilning á gildi trúarinnar í hinu daglega lífi**

Leiðbeinendur: sr. Bára Friðriksdóttir héraðsprestur og Jónanna Björnsdóttir skrifstofustjóri.

Hefst miðvikudaginn 9.febrúar kl. 20.00 í Hallgrímskirkju, suðursal.

Nánari upplýsingar og skráning í síma 535 1500 eða á vef skólans: www.kirkjan.is/leikmannaskoli




# STUÐ MILLI STRÍÐA : Drasl

**ÞÓRARINN ÞÓRARINSSON** ER FULLUR ANGISTAR EFTIR TILTEKT.



MYND: HELGI SIGURÐSSON

Ég lendi í því af og til að þurfa að efast um geðheilsu mína. Þetta gerist aðallega í kringum búferlaflutninga eða tiltekt í geymslum. Ég hef nefnilega bæði séð það í bíómyndum og lesið það í bókum að safnarar séu geðbilaðir og jafnvel oft efni í fyrirtaks raðmorðingja.

Sjálfum finnst mér allt í lagi að eiga öll íslensk frímerki frá stofnun lýðveldisins í möppu, úrklippur úr dagblöðum síðustu áratuga límdar inn í þar til gerðar bækur, kókflöskur frá öllum heimshornum og að maður tali nú ekki um heilu ritsöfnin, vínylplötustaflana og helstu hornsteina kvikmyndasögunnar og ýmislegt rusl í bland á DVD.

Ég treysti mér ekki til að farga þessu dóti og verð því að gangast við því að ég er þræll þessara veraldlegu og í mörgum tilfellum innantómu hluta. Ég er hins vegar meðvitaður um hversu sjúklegt þetta er og öfunda góðan vin minn sem gaf allar bækurnar sínar og stefnir að því að allar hans eigur rúmist í einum fólksbíl.

Hann er frjáls en ég er í ánauð og enn verr settur en ég hafði áður gert mér grein fyrir. Ég var nefnilega að flytja um daginn og stóð mig að því að pakka vandlega niður haug af herðatrjám, þremur pörum af gúmmíhönskum, gömlum vaðstígvélum, útjöskuðum borðtuskum, hálfu tonni af stílabókum og glósum sem ég nóteraði hjá mér í Háskólanum fyrir mörgum árum og mun aldrei skoða aftur.

Á barmi taugaáfalls í miðjum ruslahaugnum mínum gerði ég mér grein fyrir að ég yrði að skera niður. Ég gæti ekki átt þetta allt og þyrfti að velja og hafna. Ég fargaði vírherðatrjám, fjórum kústsköftum og ljótri klukku. Þetta var samt enginn léttir og ég veit að ég á eftir að sjá eftir þessu þegar sá dagur kemur að ég þarf á þessu dóti að halda. ■

# myndasögur

## PONDUS

Eftir Frode Överli




## GELGJAN

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## PÚ OG PA

Eftir SÖB




## KJÖLTURAKKAR

Eftir Patrick McDonnell




## BARNALÁN

Eftir Kirkman/Scott



TÓNLIST

# Lag Sigur Rósar eins og gjöf



SIGUR RÓS Lagið Svefn-G-Englar er í 44. sæti á tónlistarvefnum Pitchforkmedia.com yfir bestu lög síðustu fjögurra ára.

Tónlistarvefurinn Pitchforkmedia.com hefur nú birt lista yfir hundrað bestu lög áranna 2000 – 2004. Tuttugu manns sem skrifa reglulega á vefinn völdu öll sinn lista sem voru svo settir saman í einn hundrað laga lista. Sigur Rós var í 44. sæti listans með lagið Svefn-G-Englar. Öll lögin á listanum fá smá umsögn og fær lag Sigur Rósar þá umsögn að þetta fyrsta Sigur Rósar lag sem fékk athygli erlendis sé ekki beinlínis eiturlyfjatónlist heldur sé tónlistin sjálf eiginlega eins konar lyf.

„Hver einasta hlustun á lagið er tilraun til þess að fanga hrollinn sem fæst við fyrstu upplifun af falska tóninum í rödd Jón Þórs Birgissonar sem er of tær og himnesk fyrir þennan heim. Það var ekkert þessu líkt til fyrir," segir í umsögninni. Jónsa er svo líkt við fyrrum söngvara Smashing Pumpkins, Billy Corgan. „Hérna er lag sem þurfti að vera tíu mínútna langt. Þegar þú ert í stuði til þess að hlusta á það þá er það eins og gjöf. Og þó svo að þú finnir aldrei fyrstu upplifun af laginu aftur þá helduðu áfram að reyna."

Það vekur athygli að Björk á ekkert lag á endanlega listanum en hún á þó nóg af lögum af upphaflegum listum gagnrýnendanna. Hún kemur oftar fyrir á þeim en Sigur Rós. Ástæðan fyrir því að hún kemst hins vegar ekki inn á endanlega listann er sú að Sigur Rós er aðeins með lögin Svefn-G-Englar og Vaka á meðan heil fjögur lög frá Björk eru tilnefnd og þar af leiðandi kemst ekkert þeirra inn. Gagnrýnendurnir virðast greinilega ekki vera sammála um hvert besta lag Bjarkar frá þessum árum sé.

Efst á listanum er lagið Hey Ya með Outkast og í kjölfar þess fylgja lög eins og Losing My Edge með LSD Soundsystem, Get Ur Freak On og Work It með Missy Elliott, Heartbeat með Annie, Maps með The Yeah Yeah Yeahs og House Of Jealous Lovers með The Rapture. ■

SÝNINGAR

# Ólafur Darri leikur Stjórann

Ólafur Darri Ólafsson hefur verið ráðinn til að leika aðalhlutverkið í sýningunni „The Return of Houdini" sem verður frumsýnd í Borgarleikhúsinu um páskana. Ólafur mun fara með hlutverk Stjórans sem hefur alla þræði í hendi sér.

Ólafur nýkominn frá West-End í London þar sem hann sló í gegn sem fóstran í Rómeó og Júlíu-sýningu Vesturports.

Eftir páskasýningarnar hér á landi fer Houdini-sýningin til Þýskalands og verður frumsýnd þar í sumar. Eftir það mun hún ferðast víðar um heiminn. ■



STJÓRINN Ólafur Darri Ólafsson fer með hlutverk Stjórans í sýningunni The Return of Houdini.


Opið í dag sunnudag



Útsala 50%

| | Áður | Nú |
|---|---|---|
| Ullarkápur | 29.900 | 15.000 |
| Mokkakápur | 25.900 | 13.500 |
| Ullarjakkar | 9.900 | 4.900 |
| Úlpur | 12.900 | 5.900 |
| Úlpakápur | 22.900 | 11.500 |
| Dúnúlpur | 12.900 | 6.500 |

Mörg góð tilboð

Topp HÚSIÐ

Mörkinni 6, 108 Reykjavík, sími 588 5518

Opið í dag sunnudag 12-16


KVIKMYNDIR

# Hætt komin vegna sýkingar

Leikkonan Hilary Swank var hætt komin eftir að hún fékk slæma sýkingu í fótinn við tökur á nýjustu mynd sinni, Million Dollar Baby.

Hefði hún farið nokkrum klukkutímum síðar til læknis til að láta kanna málið hefði hún dáið. Swank, sem segist ekki hafa haft hugmynd um hversu sýkingin var alvarleg, hefur verið tilnefnd til Óskarsverðlauna fyrir hlutverk sitt í Million Dollar Baby. Leikstjóri myndarinnar er gamli jaxlinn Clint Eastwood. ■



HILARY SWANK Swank var hætt komin vegna sýkingar við tökur á nýjustu mynd sinni.


Verkefnastjórnun fyrir verkefnastjóra



Á námskeiðinu verður m.a. farið í gerð kostnaðar- og tímaáætlana, kennt verður að búa til framvindueftirlitskerfi byggt á „earned value" greiningu ásamt því að farið verður í aðferðafræði Pareto, Ishikawa ofl. Kennt verður á forritið MSProject og sýnt hvernig netið getur gagnast verkefnisstjórum til upplýsingamiðlunar og -öflunar.

Töluvert verður um verkefnavinnu á námskeiðinu og munu þátttakendur vinna verkefnishandbók byggða á PRINCE2 eftir forsniði frá leiðbeinanda.

Námskeiðið er ætlað þeim sérfræðingum sem vinna við stjórnun stærri og smærri verkefna. Þátttakendur þurfa að þekkja til grunnatriða verkefnastjórnunar og áætlunargerðar í verkefnum.

**Hvenær?**
8., 9., 15. og 16. febrúar kl. 8:30 - 12:30

**Verð:** 55.000 kr.

Þórður Víkingur Friðgeirsson
verkfræðingur og CPM er leiðbeinandi á námskeiðinu „Verkefnastjórnun fyrir verkefnastjóra".

Frekari upplýsingar veitir:
Guðrún Helga Hamar
Beinn sími: 599 6404
Skiptiborð: 599 6200
helga@ru.is
stjornendaskoli.is

STJÓRNENDASKÓLI
HÁSKÓLANS Í REYKJAVÍK











# Hundarnir eru skyggnir

Jackie Stallone, móðir Sylvester Stallone, trúir því að hundarnir hennar búi yfir skyggnihæfileikum því þeir hafi spáð fyrir um sigur George Bush í bandarísku forsetakosningunum.


**JACKIE STALLONE** Móðir Sylvesters Stallone telur að hundarnir sínir búi yfir hæfileikum til þess að spá í framtíðina.

Hún segist hafa áttað sig á því að Doberman hundarnir sínir væru skyggn þegar þeir fóru að sofa á bænamottu. „Mér var gefin þessi bænamotta og hundarnir fóru að sofa á henni. Þetta var í kringum kosningarnar árið 2000. Alltaf þegar George W. Bush kom í sjónvarpið þá færðist eins konar bros yfir andlit hundanna. En þegar Al Gore kom þá urðu þeir niðurdregnir og löbbuðu út úr herberginu. Bush var kosinn og hundarnir reyndust hafa rétt fyrir sér," sagði mamma Sylvesters. ■

KVIKMYNDIR

# Skarsgård og Harris í Pirates 2

Svíinn Stellan Skarsgård og Naome Harris hafa samþykkt að leika í framhaldi kvikmyndarinnar Pirates of the Caribbean: The Curse of the Black Pearl, sem naut gífurlegra vinsælda fyrir tveimur árum. Skarsgård er meðal annars þekktur fyrir hlutverk sín í Dogville, King Arthur og Good Will Hunting en Harris er einna þekktust fyrir myndina 28 Days Later.

Flestir þeirra sem fóru með hlutverk í fyrri myndinni verða í framhaldinu, þar á meðal Johnny Depp sem var tilnefndur til Óskarsverðlauna fyrir frammistöðu sína sem sjóræninginn Jack Sparrow. Einnig munu hjartaknúsarinn Orlando Bloom og Keira Knightley endurtaka hlutverk sín sem Will Turner og Elizabeth Swann.


**JOHNNY DEPP** fór á kostum í pirates of the carribean og vinsældir myndarinnar urðu slíkar að gerð framhalds var óhjákvæmileg.


**STELLAN SKARSGÅRD** Sænski leikarinn Stellan Skarsgård mun leika í framhaldsmyndinni Pirates of the Caribbean 2.

Í framhaldsmyndinni, sem nefnist einfaldlega Pirates of the Caribbean 2, fer Skarsgård með hlutverk föður Bloom sem hann hefur ekki séð í langan tíma. Harris mun aftur á móti leika sígaunakonu. Leikstjóri myndarinnar verður sem fyrr Gore Verbinski. ■

## FRÉTTIR AF FÓLKI



Kona sem rapparinn **Snoop Dogg** ákærði fyrir að hafa haft af sér um 300 milljónir króna hefur nú kært hann á móti fyrir nauðgun. Konan, sem er förðunarfræðingur, segir að Dogg og félagar hans hafi nauðgað sér í búningsherbergi eftir upptökur á spjallþættinum Jimmy Kimmel Live.



Leikkonan **Teri Hatcher**, sem nú fer með hlutverk í þáttunum Desperate Housewifes, hefur vísað á bug orðrómi um að hún hafi látið stækka á sér brjóstin. Hatcher, sem er fertug, hefur vakið mikla athygli í fjölmiðlum fyrir barm sinn og telja margir að hún hafi látið setja í hann sílikon. Hatcher er undrandi á orðróminum og segir brjóst sín alveg ekta.






TÓNLIST


**THE EDGE** til vinstri, ásamt söngvaranum Bono. Gítarleikarinn snjalli er ósáttur við blaðaskrif Sunday World.

# The Edge höfðar mál

The Edge, gítarleikari rokksveitarinnar U2, hefur höfðað mál gegn írska dagblaðinu Sunday World eftir að það birti ítarlega frétt um veikindi eins ættingja hans. Vegna veikindanna ákvað sveitin að fresta Vertigo-tónleikaferð sinni um heiminn um einn mánuð.

Eftir að fréttin birtist var hún dregin til baka í seinni útgáfu blaðsins eftir að lögfræðingur The Edge lét setja á lögbann sem bannaði blaðinu að fjalla um málið. Öðrum blöðum var einnig bannað að endurtaka fréttina.

Réttarhöld í málinu hefjast eftir tvær vikur. Lögfræðingar Sunday World segja blaðið með öllu saklaust. Það hafi aðeins greint frá veikindunum vegna þess að þau urðu til þess að tónleikaferðinni var frestað. Ferðin átti að hefjast 1. mars en var frestað til 28. sama mánaðar. ■

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

FEBRÚAR

30 31 1 **2** 3 4 5

### Miðvikudagur

### TÓNLEIKAR

- 12.00 **Hulda Björk Garðarsdóttir** sópran og **Antonía Hevesi** píanóleikari flytja aríur eftir Mozart, Gounod og Bellini á hádegistónleikum í Hafnarborg, menningarmiðstöð Hafnarfjarðar.
- 12.30 **Aladár Race** og **Guido Bäumer** leika á altsaxófón og píanó fjögur sönglög eftir rússneska tónskáldið Edison Denisov á Háskólatónleikum í Norræna húsinu.
- 22.00 **Berglind María Tómasdóttir** og **Bára Sigurjónsdóttir** leika einleik á flautu og saxofón með **Lúðrasveit Reykjavíkur** á Myrkum músíkdögum í Borgarleikhúsinu. Stjórnandi er **Lárus H. Grímsson**

### FYRIRLESTRAR

- 12.15 **Guðmundur Guðjónsson**, landfræðingur NÍ, flytur fræðsluerindið „Gróðurkortagerð í hálfa öld" á Hrafnaþingi Náttúrufræðistofnunar í sal Möguleikhússins á Hlemmi, Reykjavík.
- 16.30 **Ingólfur Ásgeir Jóhannesson** sagnfræðingur flytur erindi um drengi í skólum, goðsagnir og veruleika á Félagsvísindatorgi Háskólans á Akureyri.

### FUNDIR

- 20.00 Sagnfræðingarnir **Sverrir Jakobsson, Erla Hulda Halldórsdóttir** og **Ragnheiður Kristjánsdóttir** gagnrýna þrjár bækur um sögu og samtíð sem komu út á nýliðnu ári á árlegum bókafundi Sagnfræðingafélags Íslands og Sögufélags, sem haldinn verður í húsi Sögufélagsins við Fischersund.













**ROBBIE WILLIAMS** Ljáir rödd sína í væntanlegri teiknimynd. Hann segist vera kominn yfir teiknimyndahræðsluna sem hann þjáðist af á yngri árum.

# Robbie var hræddur við teiknimyndir

Robbie Williams er að eigin sögn kominn yfir hræðslu sína við teiknimyndir. „Teiknimyndir eins og Scooby Doo, The Magic Roundabout Bagpuss og Mr. Ben hræddu mig mikið af einhverri ástæðu. Ég faldi mig á bak við sófa þegar teiknimyndir byrjuðu í sjónvarpinu," sagði söngvarinn hugrakki.

Hann er þessa dagana að leika í kvikmyndaútgáfu af teiknimyndinni The Magic Roundabout. Hann ljáir þar hundinum Dougal rödd sína ásamt fólki eins og Sir Ian McKellen, Ray Winstone, Jim Broadbent, Tom Baker og Lee Evans.

Robbie segir þetta verkefni sitt þó ekki vera byrjun á einhverjum leiklistarferli. „Það hefur verið mikið rætt við mig um að leika í kvikmyndum sem ég hef engan áhuga á. Mér finnst hins vegar mjög spennandi að tala inn á svona kvikmynd vegna þess að hún endist að eilífu. ■

# Galdurinn vantar

**[ TÓNLIST ]**

**UMFJÖLLUN**



**...AND YOU WILL KNOW US BY THE TRAIL OF DEAD:**
WORLDS APART

Niðurstaða: Frábær hljómsveit gerir tilraun til þess að skapa epískt meistaraverk en endar með uppblásna, óáhugaverða og lífvana plötu. Tilvistarkreppa í náinni framtíð.

Þessi sveit er í hópi athyglisverðari listarokksveitum okkar tíma. Sveitin er komin töluvert langt frá þeim grunni sem hún vann fyrstu plötu sína á. Búið er að skipta út að mesta hráa rokkinu fyrir slípaðri tóna. Píanó, strengir og blásturshljóðfæri eru óspart notuð, og oft á mjög smekklegan hátt.

Það er þó eitthvað undarlegt við þessa plötu. Hún hefur að geyma nokkrar virkilega áhugaverðar perlur, en heildarmyndin er ekki sterk. Hún byrjar t.d. á frábæran hátt, með lögunum Ode to Isis og Will You Smile Again?, en rennur svolítið út í eitt á endasprettinum. Oft eru lagabútarnir sem tengja rokklögin betri en lögin sjálf.

Þetta á að vera hádramatískt verk. Ég fæ það svona á tilfinninguna að hér séu menn, enn og aftur, að reyna brúa bilið milli hinna ímynduðu landamæra „há- og lágmenningar". Oftast er slíkt dauðadæmt og þessi plata verður bara hálf leiðinleg og tilgerðarleg á köflum vegna þessa. Komast t.d. hættulega nálægt Pink Floyd í laginu All White... sem er slæmt í þessu tilviki. Besta lag plötunnar er kyrfilega merkt með nafninu The Best.

Það er svo skrítið með tónlist, að það skiptir í rauninni engu máli hversu mikið er vandað til verka. Annaðhvort er galdurinn á sveimi eða ekki. Stundum er mjög erfitt að átta sig á því hvað það er sem vantar og þannig er það með þessa plötu. Þetta er frábær sveit, vel unnin plata og flutningur nær óaðfinnandi. Engu að síður hreyfði hún ekkert við mér og ég býst ekki við því að setja hana mikið á fóninn í framtíðinni. Galdurinn vantar.

**Birgir Örn Steinarsson**

**KVIKMYNDIR**

# Brasilísk opnunarmynd

Kvikmyndin Motorcycle Diaries eftir brasilíska leikstjórann Walter Salles verður opnunarmynd Alþjóðlegu kvikmyndahátíðarinnar á Íslandi sem hefst þann sjöunda apríl.

Myndin hlaut nýverið tvær tilnefningar til Óskarsverðlauna fyrir besta handrit og besta lagið. Hún hefur að auki hlotið 37 tilnefningar til virtra alþjóðlegra verðlauna undanfarið og sigrað í fjórum tilfellum. Myndin er byggð á dagbókum Ernesto Guevara og fjallar um yngri ár þessa merkilega manns, áður en hann varð byltingarleiðtoginn „Che".



Walter Salles verður viðstaddur frumsýningu myndarinnar og mun setja hátíðina á formlegan hátt. ■

**MOTORCYCLE DIARIES** Kvikmyndin hlaut tvær tilnefningar til Óskarsverðlauna fyrir skömmu síðan.


Námsstyrkir til Námufélaga

Allar nánari upplýsingar er að finna á www. landsbanki.is og þar má einnig nálgast skráningarblað sem nauðsynlegt er að fylgi hverri umsókn.

Umsóknum skal skilað í næsta útibú Landsbankans, merktum: **Námsstyrkir, Markaðsdeild, Sölu- og markaðssvið, Landsbankinn, Austurstræti 11, 155 Reykjavík.**

Árlega eru veittir ellefu námsstyrkir til virkra viðskiptavina Námunnar, námsmannaþjónustu Landsbankans.

**Styrkirnir skiptast þannig:**

- 3 styrkir til framhaldsskóla- og iðnnáms á Íslandi, 100.000 kr. hver
- 3 styrkir til háskólanáms á Íslandi (Ba/Bs/Ma/Phd), 200.000 kr. hver
- 3 styrkir til háskólanáms erlendis (Ba/Bs/Ma/Phd), 300.000 kr. hver
- 2 styrkir til listnáms, 200.000 kr. hvor

Umsóknarfrestur vegna úthlutunar námsstyrkja er til 11. febrúar 2005

410 4000 | landsbanki.is

Landsbankinn
Banki allra námsmanna





# VIÐ TÆKIÐ

## Sunnudagskvöld með Ríkissjónvarpinu

**FREYR GÍGJA GUNNARSSON** ER ÞREYTTUR Á KLISJUM OG GÖMLUM TUGGUM

Ég er löngu hættur að horfa á sjónvarpið á laugardögum, ég hreinlega nenni ekki að horfa á myndirnar sem ég annaðhvort er búinn að sjá í kvikmyndahúsi eða á myndbandi, eða hef aldrei haft neinn áhuga á. Það er mjög merkilegt, hversu mikið sjónvarpsstöðvarnar keppast við að sýna vinsælustu kvikmyndirnar sem hafa verið ofarlega á vinsældalistum og flestir hafa þegar séð. Skjár einn fær hrós, en þá eingöngu fyrir þá viðleitni að sýna klassískar kvikmyndir.

En mér barst hjálp úr óvæntri átt, nefnilega frá Ríkissjónvarpinu á sunnudagskvöldið var. Sjónvarp allra landsmanna virðist sem betur fer ætla að sinna sínu hlutverki sem menningarstofnun og sýna kvikmyndir sem hafa farið framhjá annaðhvort kvikmyndahúsunum eða kvikmyndagestum, myndir sem voru kannski sýndar í fjóra daga á einhverri kvikmyndahátíð.

Á sunnudaginn sat ég fastur fyrir framan *Lilja 4-ever*, sænskri kvikmynd um eistnesku stúlkuna Lilju, sem er ginnt til Svíþjóðar og haldið í kynlífsþrælkun. Loksins, loksins kom mynd sem fjallaði ekki um einhverjar gamlar tuggur sem þegar hafa verið kvikmyndaðar um það bil hundrað þúsund sinnum. Mynd sem hreyfði við mér, fékk mig til að hugsa. Mynd með tilgang. Ég held uppteknum hætti á laugardagskvöldið, hef ekki einu sinni fyrir því að kveikja á sjónvarpinu. Ég ætla vera vel undirbúinn fyrir


Mynd sem ekki er uppfull af klisjum og gömlum tuggum.

rússnesku kvikmyndina *Kukushka* en hún fjallar um samíska konu sem skýtur skjólhúsi yfir finnska leyniskyttu og rússneskan herforingja á flótta um það leyti sem Finnar drógu sig út úr seinni heimstyrjöldinni. Það er hvorki klisja né gömul tugga. ■


▶ **22.40** *Fræðsla*

**Death in Gaza. Bresk heimildarmynd um ófriðinn á Gazasvæðinu í Palestínu en leikstjóri myndarinnar var drepinn á meðan á tökum stóð.**


▶ **21.55** *Drama*

**Life Begins. Eiginmaður Maggie yfirgefur hana og hún þarf að sjá um uppeldið og heimilið alveg sjálf.**


▶ **21:00** *Raunveruleiki*

**The Bachelorette. Lokaþáttur þar sem parið hittist eftir langan tíma og ræðir framtíð sína en næsti piparsveinn verður einnig kynntur.**

### SJÓNVARPIÐ

**17.05** Leiðarljós **17.50** Táknmálsfréttir **18.00** Disneystundin **18.01** Stjáni (6:26) **18.23** Sígildar teiknimyndir (18:42)

**18.30** **Líló og Stitch (17:28)** (Lilo & Stitch)
**18.54** **Víkingalottó**
**19.00** **Fréttir, íþróttir og veður**
**19.35** **Kastljósið**
**20.00** **Íslensku tónlistarverðlaunin 2005** Bein útsending frá afhendingu Íslensku tónlistarverðlaunanna í Þjóðleikhúsinu. Kynnar verða Eva María Jónsdóttir og Gísli Marteinn Baldursson.
**22.00** **Tíufréttir**
**22.20** **Handboltakvöld** Í þættinum verður fjallað um heimsmeistaramótið í Túnis.
▶ **22.40** **Dauðinn á Gaza** (Death in Gaza) Bresk heimildarmynd um ófriðinn á Gazasvæðinu í Palestínu. Ísraelskir hermenn myrtu leikstjórann, James Miller, meðan gerð myndarinnar stóð yfir. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi barna.

**0.00** Mósaík **0.35** Kastljósið **0.55** Dagskrárlok

### STÖÐ 2

**6.58** Ísland í bítið **9.00** Bold and the Beautiful **9.20** Í fínu formi **9.35** Oprah Winfrey (e) **10.20** Ísland í bítið

**12.00** Neighbours **12.25** Í fínu formi **12.40** Two and a Half Men (e) **13.10** The Osbournes (e) **13.35** Whose Line is it Anyway **14.00** Idol Stjörnuleit (e) **15.30** Idol Stjörnuleit (e) **16.00** Barnatími Stöðvar 2 **17.53** Neighbours **18.18** Ísland í dag

**18.30** **Fréttir Stöðvar 2**
**19.00** **Ísland í dag**
**19.35** **Simpsons** (Simpson-fjölskyldan)
**20.00** **You Are What You Eat (3:8)** (Mataræði) Matarvenjur okkar eru eins ólíkar og við erum mörg. Hjá sumum er mataræðið hreint og beint skelfilegt. Doktor Gillian McKeith er sérfræðingur á þessu sviði og hefur komið mörgum til aðstoðar. Í þáttaröðinni sjáum við hana hjálpa fólki úr miklum ógöngum.
**20.25** **Summerland (13:13)** (On The Last Night Of Summer)Bandarískur myndaflokkur um unga konu sem þarf að kúvenda lífi sínu.
**21.10** **Life After Extreme Makeover** Hér er rætt við nokkra þátttakendur um það hvernig líf þeirra hefur gjörbreyst.
▶ **21.55** **Life Begins (3:6)** (Nýtt líf)
**22.45** **Oprah Winfrey**

**23.30** House! **0.55** Sweet Home Alabama **2.40** Fréttir og Ísland í dag **4.00** Ísland í bítið (e) **5.35** Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí

### SKJÁREINN

**17.45** Bingó (e)

**18.30** **Innlit/útlit (e)**
**19.30** **Borðleggjandi með Völla Snæ (e)**
**20.00** **Fólk – með Sirrý** Sirrý tekur á móti gestum í sjónvarpssal og slær á létta jafnt sem dramatíska strengi í umfjöllunum sínum um það sem hæst ber hverju sinni.
▶ **21.00** **The Bachelorette – lokaþáttur** Parið hamingjusama hittist og ræðir framtíð sína í sjónvarpssal og svara ágengum spurningum frá áhorfendum.
**22.00** **The Mountain – NÝTT!** Fjölskyldufaðirinn David Carver byggði upp glæsilegustu og stærstu skíðaparadís landsins á viljanum einum saman, sem nú má muna fífil sinn fegri. Þegar hann deyr kemur hann fjölskyldunni í opna skjöldu með því að ánafna hinum uppreisnagjarna David yngri veldi sitt.
**22.45** **Jay Leno**

**23.30** Judging Amy (e) **0.15** Óstöðvandi tónlist

### STÖÐ 2 BÍÓ

**8.00** Best in Show **10.00** See Spot Run **12.00** Anger Management **14.00** The Naked Gun **16.00** Best in Show **18.00** See Spot Run **20.00** Anger Management **22.00** Amazon Women on the Moon (Bönnuð börnum) **0.00** Whipped (Bönnuð börnum) **2.00** Riding in Cars with Boys (Bönnuð börnum) **4.10** Amazon Women on the Moon (Bönnuð börnum)

### OMEGA

**18.00** Joyce Meyer **18.30** Fréttir á ensku **19.30** Ron Phillips **20.00** Ísrael í dag **21.00** Gunnar Þorsteinsson **21.30** Joyce Meyer **22.00** Ewald Frank **22.30** Joyce Meyer **23.00** Fréttir frá CBN **0.00** Um trúna og tilveruna (e) **0.30** Nætursjónvarp

### AKSJÓN

**7.15** Korter **18.15** Korter **19.15** Korter **20.00** Snow cross 2004 4/5 **20.15** Korter **20.30** Aksjóntónlist **21.00** Níubíó **23.15** Korter

## ERLENDAR STÖÐVAR

**SKY NEWS**

**6.00** Sunrise **10.00** SKY News Today **13.00** News on the Hour **17.00** Live at Five **19.00** News on the Hour **19.30** SKY News **20.00** News on the Hour **21.00** Nine O'clock News **21.30** SKY News **22.00** SKY News at Ten **22.30** SKY News **23.00** News on the Hour **0.30** CBS **1.00** News on the Hour **5.30** CBS

**CNN**

**8.00** Business International **9.00** Larry King **10.00** World News **10.30** World Sport **11.00** Business International **12.00** World News Asia **13.00** World News **13.30** World Report **14.00** World News Asia **15.00** World News **15.30** World Sport **16.00** Your World Today **19.30** World Business Today **20.00** World News Europe **20.30** World Business Today **21.00** World News Europe **21.30** World Sport **22.00** Business International **23.00** Insight **23.30** World Sport **0.00** CNN Today **2.00** Larry King Live **3.00** Newsnight with Aaron Brown **4.00** Insight **4.30** World Report

**EUROSPORT**

**7.30** Luge: World Cup Igls **8.00** Luge: World Cup Winterberg **8.30** Alpine Skiing: World Championship Bormio Italy **9.00** Nordic Combined Skiing: World Cup Sapporo Japan **10.30** All Sports: Casa Italia **10.45** Alpine Skiing: World Championship Bormio Italy **11.45** All sports: WATTS **12.15** Boxing **14.00** Nordic Combined Skiing: World Cup Sapporo Japan **15.30** Freestyle Motocross: European Championship Genoa **16.00** Trial: Indoor World Championship Marseille **17.00** Football: UEFA Champions League **19.00** All Sports: Casa Italia **19.15** Equestrianism: World Cup Amsterdam Netherlands **20.15** All Sports: Wednesday Selection **20.30** Figure Skating: Oberstdorf **22.00** Football: UEFA Cup **23.00** News: Eurosportnews Report **23.15** Sumo: Kyushu Basho Japan **0.15** News: Eurosportnews Report

**BBC PRIME**

**7.00** Captain Abercromby **7.15** The Story Makers **7.35** The Really Wild Show **8.00** Holiday on a Shoestring **8.30** Ready Steady Cook **9.15** Big Strong Boys **9.45** Trading Up **10.15** Cash in the Attic **10.45** The Weakest Link **11.30** Doctors **12.00** EastEnders **12.30** Antiques Roadshow **13.00** Search **13.15** Search **13.30** Teletubbies **13.55** Tweenies **14.15** Bits & Bobs **14.30** Captain Abercromby **14.45** The Story Makers **15.05** The Really Wild Show **15.30** The Weakest Link **16.15** Big Strong Boys **16.45** Cash in the Attic **17.15** Ready Steady Cook **18.00** Doctors **18.30** EastEnders **19.00** Location, Location, Location **19.30** Design Rules **20.00** Safe as Houses **21.00** We Got a New Life **22.00** Final Demand **23.30** Alistair McGowan's Big Impression **0.00** American Visions **1.00** Masterclass **1.45** Personal Passions **2.00** Governing Europe **2.30** Governing Europe **3.00** Back to the Floor... Again **3.30** Money Money Money **4.00** Search **4.15** Search **4.30** Teen English Zone

**NATIONAL GEOGRAPHIC**

**16.00** Twenty Years with the Dolphins **17.00** Battlefront **17.30** Battlefront **18.00** The Mummy Road Show **18.30** Tales of the Living Dead **19.00** Totally Wild **19.30** Insects from Hell **20.00** Twenty Years with the Dolphins **21.00** Frontlines of Construction **22.00** Marine Machines **23.00** Battlefront **23.30** Battlefront **0.00** Frontlines of Construction **1.00** Marine Machines

**ANIMAL PLANET**

**16.00** The Planet's Funniest Animals **16.30** Amazing Animal Videos **17.00** Growing Up... **18.00** Monkey Business **18.30** Big Cat Diary **19.00** Shark Shrinks **20.00** Feast of Predators **21.00** Emergency Vets **21.30** Hi-Tech Vets **22.00** Killing for a Living **23.00** Pet Rescue **23.30** Breed All About It **0.00** Vets in Practice **0.30** Emergency Vets **1.00** Shark Shrinks **2.00** Feast of Predators **3.00** Emergency Vets **3.30** Hi-Tech Vets **4.00** The Planet's Funniest Animals **4.30** Amazing Animal Videos

**DISCOVERY**

**16.00** Fishing on the Edge **16.30** Rex Hunt Fishing Adventures **17.00** Unsolved History **18.00** Wheeler Dealers **18.30** A Bike is Born **19.00** Myth Busters **20.00** Industrial Revelations – The European Story **20.30** Industrial Revelations – The European Story **21.00** True Horror **22.00** Secret Submarine **23.00** Forensic Detectives **0.00** Europe's Secret Armies **1.00** Gladiators of World War II **2.00** Fishing on the Edge **2.30** Rex Hunt Fishing Adventures **3.00** Globe Trekker **4.00** Dream Machines **4.30** Ultimate Cars

**MTV**

**9.00** Top 10 at Ten **10.00** Just See MTV **12.00** Newlyweds **12.30** Just See MTV **14.00** SpongeBob SquarePants **14.30** Wishlist **15.00** TRL **16.00** Dismissed **16.30** Just See MTV **17.30** MTV:new **18.00** Hit List UK **19.00** MTV Making the Movie **19.30** Making the Video **20.00** Punk'd **20.30** Jackass **21.00** Top 10 at Ten **22.00** The Lick **23.00** Pimp My Ride **23.30** Dirty Sanchez **0.00** Just See MTV

**VH1**

**9.00** Then & Now **9.30** VH1 Classic **10.00** Genius Videos Top 10 **11.00** Smells Like the 90s **11.30** So 80's **12.00** VH1 Hits **16.00** So 80s **17.00** VH1 Viewer's Jukebox **18.00** Smells Like the 90s **19.00** VH1 Classic **19.30** Then & Now **20.00** Awesomely Bad Dirrty Songs **21.30** Winona Rules **22.00** VH1 Rocks **22.30** Flipside

**CARTOON NETWORK**

**7.30** The Grim Adventures of Billy & Mandy **7.55** Courage the Cowardly Dog **8.20** Scooby-Doo **8.45** Spaced Out **9.10** Dexter's Laboratory **9.35** Johnny Bravo **10.00** The Addams Family **10.25** The Jetsons **10.50** The Flintstones **11.15** Looney Tunes **11.40** Tom and Jerry **12.05** Scooby-Doo **12.30** Spaced Out **12.55** Courage the Cowardly Dog **13.20** Samurai Jack **13.45** Johnny Bravo **14.10** Ed, Edd n Eddy **14.35** Codename: Kids


Opinn fundur
í Laugardal

Í kvöld

verður haldinn opinn fundur um umferðarmál í Laugarnesi. Fundurinn verður haldinn í *Laugalækjarskóla* og hefst kl. 20.00.

Dagskrá

Samráðshópur um umferðarmál Laugarneshverfis skilar af sér. *Borgarstjóri Steinunn Valdís Óskarsdóttir* gerir grein fyrir málinu.

Samantekt yfir framkvæmdir við umferðarmann virki í Laugarnesi undangengin misseri og það sem er framundan. *Stefán Finnson yfirverkfræðingur á Framkvæmdasviði Reykjavíkurborgar.*

Yfirlit yfir starf umferðarnefndar. *Þórarinn Eyfjörð fulltrúi umferðarnefnda skólanna.*

Fyrirspurnir og umræður

*Allir eru velkomnir*

*Hverfisráð Laugardals*



## VIÐ MÆLUM MEÐ...

**ÍSLENSKU TÓNLISTARVERÐLAUNIN 2005** *Sjónvarpið* **kl. 20.00**

*Dagskráin er einnig send út á Rás 2.*

### *Uppskeruhátíð tónlistarfólks*

Í kvöld verður Sjónvarpið með beina útsendingu frá afhendingu Íslensku tónlistarverðlaunanna í Þjóðleikhúsinu. Fjöldi tónlistarmanna stígur þar á svið og leikur listir sínar, meðal annars Mezzoforte, Hjálmar, Lúðrasveit Reykjavíkur, Camilla Söderberg, Ragnheiður Gröndal, Brain Police og Jagúar. Í ár fagna Íslensku tónlistarverðlaunin ellefu ára afmæli sínu en verðlaunin voru fyrst afhent fyrir starfsárið 1993, í apríl 1994. Það er hinn Ísfirski tónlistarmaður Mugison sem er tilnefndur til flestra verðlauna í ár eða alls fimm talsins en Ragnheiður Gröndal, Quarashi, Hjálmar og Brain Police fá hver um sig þrjár tilnefningar.

Kynnar á hátíðinni eru Gísli Marteinn Baldursson, Þórunn Lárusdóttir og Eva María Jónsdóttir.



Tónlistarmaðurinn Mugison er með flestar tilnefningar til verðlaunanna í ár.

## ÚR BÍÓHEIMUM

Í hvaða kvikmynd hljómaði þessi setning:

**„A man with an umbrella is a man praying for rain."**

**Svar:** Sir August de Winter úr kvikmyndinni The Avengers frá árinu 1998.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**7.05** Árla dags **7.30** Morgunvaktin **9.05** Laufskálinn **9.40** Slæðingur **9.50** Morgunleikfimi **10.13** Bréfið **11.03** Samfélagið í nærmynd

**12.50** Auðlind **13.05** Orð skulu standa **14.03** Útvarpssagan, Innstu myrkur **14.30** Miðdegistónar **15.03** Tónaljóð **16.13** Hlaupanótan **17.03** Víðsjá **18.26** Spegillinn **19.00** Vitinn **19.30** Laufskálinn **20.05** Þjóðbrók **20.15** Sáðmenn söngvanna **21.00** Út um græna grundu **22.15** Lestur Passíusálma **22.25** Fornsagnaslóðir

**23.05** Fallegast á fóninn

## RÁS 2 FM 90,1/99,9

**7.30** Morgunvaktin **8.30** Einn og hálfur með Gesti Einari Jónassyni **10.03** Brot úr degi **11.30** Íþróttaspjall

**12.20** Hádegisfréttir **12.45** Poppland **16.10** Dægurmálaútvarp Rásar 2

**18.26** Spegillinn **20.00** Íslensku tónlistarverðlaunin **22.10** Geymt en ekki gleymt

**0.10** Glefsur **1.03** Ljúfir næturtónar

## BYLGJAN FM 98,9

**5.00** Reykjavík Síðdegis. **7.00** Ísland í bítið - Það besta úr vikunni **9.00** Gulli Helga

**12.00** Hádegisfréttir **12.20** Rúnar Róbertsson (Íþróttir eitt) **16.00** Jói Jó

**18.30** Kvöldfréttir Stöðvar 2 og Bylgjunnar **19.30** Bjarni Ólafur Guðmundsson - Danspartí Bylgjunnar.

## ÚTVARP SAGA FM 99,4

**09.03** Ólafur Hannibalsson **10.03** Símatími (Umsj. Arnþrúður Karlsd.) **11.03** Arnþrúður Karlsdóttir

**12.25** Smáauglýsingar (Sími: 904-1994) **13.00** Íþróttafréttir **13.05** Á föstunni **14.03** Gústaf Níelsson **15.03** Þorgrímur Gestsson

**16.03** Viðskiptaþátturinn: (Blaðamenn Viðskiptablaðsins) **17.05** Tölvur og tækni **18.00** Heil og Sæl **20.00** Endurflutningur



▶ **19:20** *Íþróttir*

**Ítalski boltinn. Bein útsending frá leikjum kvöldsins en í kvöld mætast til dæmis Messina og AC Milan.**

## SÝN

**16.30** Game TV **17.00** Jing Jang **17.45** Olíssport **18.15** David Letterman

**19.00** **HM-hálandaleikar** (Skosku Callander-hálandaleikarnir)

▶ **19.20** **Ítalski boltinn** (Serie A) Bein útsending frá ítalska boltanum í kvöld mætast eftirtalin félög: Bologna – Parma, Fiorentina – Palermo, Inter – Atalanta, Juventus – Sampdoria, Lazio – Brescia, Leece – Roma, Livorno – Reggina, Messina – AC Milan, Siena – Caliari og Udinese – Chievo.

**21.30** **Heimsbikarinn á skíðum** Nýjustu fréttir af framgöngu skíðamanna á heimsbikarmótum.

**22.00** **Olíssport** Fjallað er um helstu íþróttaviðburði heima og erlendis. Það eru starfsmenn íþróttadeildarinnar sem skiptast á að standa vaktina en kapparnir eru Arnar Björnsson, Hörður Magnússon, Guðjón Guðmundsson og Þorsteinn Gunnarsson.

**22.30** **David Letterman**

**23.15** Bandaríska mótaröðin í golfi

## POPP TÍVÍ

**7.00** Jing Jang **7.40** Meiri músík **17.00** Jing Jang **18.00** 17 7 (e) **19.00** I Bet You Will **19.30** Idol Extra (e) **20.00** Game TV **20.30** Sjáðu **21.30** Gary the Rat **22.00** Fréttir **22.03** Jing Jang **22.40** Skrekkur 2005 **0.40** Meiri músík

Next Door **15.00** Dexter's Laboratory **15.25** The Cramp Twins **15.50** The Powerpuff Girls **16.15** Megas XLR **16.40** Samurai Jack **17.05** Tom and Jerry **17.30** Scooby-Doo **17.55** The Flintstones **18.20** Looney Tunes **18.45** Wacky Races

**FOX KIDS**

**7.15** Magic School Bus **7.40** Tiny Planets **7.50** Little Wizards **8.15** Three Little Ghosts **8.45** Sylvanian Families **9.10** Happy Ness **9.35** Bad Dog **9.50** Three Friends and Jerry I **10.05** Dennis **10.30** Life With Louie **10.55** Inspector Gadget **11.20** Gadget and the Gadgetinis **11.45** Black Hole High **12.10** Lizzie Mcguire **12.35** Braceface **13.00** Hamtaro **13.25** Moville Mysteries **13.50** Pokémon VI **14.15** Digimon I **14.40** Spiderman **15.05** Sonic X **15.30** Totally Spies

**MGM**

**8.20** Prancer **10.05** Stella **11.55** The Careless Years **13.10** Mac & Me **14.50** Kill a Dragon **16.20** The Island of Dr. Moreau **18.00** Lambada **19.45** Body and Soul **21.30** Easy Money **23.05** Fort Yuma **0.25** Conflict of Intrest **1.55** The Video Dead **3.30** Caveman

**TCM**

**20.00** Ice Station Zebra **22.25** The Formula **0.20** The Americanization of Emily **2.20** Village of Daughters **3.45** Across the Wide Missouri

**HALLMARK**

**8.00** Barbara Taylor Bradford's Hold the Dream **9.45** The Long Way Home **11.15** Early Edition **12.00** Ivana Trump's For Love Alone **13.45** One Christmas **15.15** Barbara Taylor Bradford's Hold the Dream **17.00** The Long Way Home **18.30** Early Edition **19.30** Law & Order Iv **20.30** On The Beach **22.15** Black Fox: Good Men and Bad





## HRÓSIÐ

*... fær Valgerður Guðmundsdóttir, menningarfulltrúi Reykjanesbæjar, fyrir að sýna kjark og þor með því að veðja á höggmyndasýningu Árna Johnsens en sýningin var ein sú best sótta í bænum í fyrra.*

# 3 SPURÐIR

**Var rétt að lækka samráðssektina á olíufélögin um einn milljarð?**



LÁRA RÚNARSDÓTTIR, tónlistarkona.

### Rugl og vitleysa

„Nei, það er bara rugl og vitleysa og það á að taka á þessu eins og öllum öðrum málum. Ég vissi reyndar ekki af því að það væri búið að lækka sektina en mér finnst bensín á Íslandi allt of dýrt. Það á heldur ekki að leyfa þeim að svindla svona frekar en öðrum."



MAGNI ÁSGEIRSSON, söngvari í Á móti sól.

### Sektin allt of lág

„Nei, þetta er sko langt frá því að vera rétt. Mér fannst sektin í allt of lág til að byrja með. En reyndar skiptir örugglega engu hvað þeir eru sektaðir mikið, við eigum örugglega eftir að borga það því þeir hækka örugglega bara verðið. Ég er alls ekki sáttur við neitt í sambandi við þetta mál."



PÁLL JÚLÍUS KRISTINSSON, Herra Ísland

### Eiga nóg af peningum

„Nei, ég tel að það sé bara hreint og beint rangt. Þeir eiga engan rétt á að fá þetta fellt niður. Þeir eiga víst alveg nóg af peningum og geta bara borgað þessa sekt."

*Samkvæmt úrskurði áfrýjunarnefndar samkeppnismála, sem birtur var í fyrradag, lækka sektir olíufélaganna vegna samráðs um einn milljarð.*



**Lárétt:** **1** mann, **5** gangur, **6** íþróttafélag, **7** keyrði, **8** fuglamál, **9** kögur, **10** líta, **12** kærleikur, **13** stríðni, **15** átt, **16** þvaður, **18** lán.

**Lóðrétt:** **1** mikil vexti, **2** trjátegund, **3** öfug röð, **4** öflin, **6** pár, **8** augnalok, **11** hjúpur, **15** tíu, **17** haf.

**Lausn**

**Lárétt:** **1** segg, **5** tíf, **6** kr, **7** ók, **8** bra, **9** traf, **10** gá, **12** ást, **13** ert, **15** sa, **16** raus, **18** gæfa.
**Lóðrétt:** **1** stórgerð, **2** eik, **3** gf, **4** kraftana, **6** krass, **8** brá, **11** ára, **14** tug, **17** sæ.

## [ VEISTU SVARIÐ ]

Svör við spurningum á bls. 8

1 Mugison
2 1080
3 Kópaskeri

F2
Með Fréttablaðinu alla fimmtudaga



**EYRÚN Í KASTLJÓSINU** Sló í gegn á ítölsku í fyrradag þegar hún ræddi við söngvarann Robertino.

**ROBERTINO**: FÉKK AÐ TALA MÓÐURMÁLIÐ Í KASTLJÓSINU

# Eyrún sló í gegn á ítölsku

Sjónvarpskonan Eyrún Magnúsdóttir sýndi á sér nýja og skemmtilega hlið í Kastljósinu í fyrradag í viðtali sem hún átti við ítalska stórsöngvarann Robertino. Eyrún spjallaði við söngvarann góðkunna um heima og geima á ítölsku og ekki var hægt að greina annað en hún tali málið reiprennandi.

„Ég bjó einn vetur í Mílanó þar sem ég var á Erasmus-styrk og nam hagfræði við Bocconi-viðskiptaháskólann," segir Eyrún. „Það var skemmtileg reynsla að fara í svona skiptinemaprógramm. Öll kennslan var að vísu á ensku og það var mikið af útlendingum þar. Fyrir vikið tengdist ég þessum alþjóðlega hópi meira en Ítölunum og það bitnaði svolítið á ítölskunni. Ég tala hana því ekki reiprennandi en það stendur þó til bóta."

Eyrún, sem hefur staðið sig vel í Kastljósinu frá því hún tók við af Svanhildi Hólm, segist einnig tala ensku og dönsku, eins og flestir Íslendingar. „Síðan kann ég einhverja smá menntaskólaþýsku og gæti sennilega bjargað mér á henni," segir sjónvarpskonan sem gæti vel hugsað sér að setjast að á Ítalíu. „Það er gaman að vera þar og maturinn er alveg dásamlegur."

Viðtalið við Robertino var tekið í desember þegar hann heimsótti landið og hélt tónleika í Broadway. Það var hins vegar ekki sýnt fyrr en nú.

Annars er það að frétta af Robertino að fyrir liggur að diskur hans verði gefinn út í Þýskalandi, Austurríki, Sviss, Belgíu og Hollandi. „Við ætlum að gefa hann út í þeim Evrópulöndum sem hann heimsótti sem barn," segir Óttar Felix Hauksson, útgefandi hjá Zonet. Óttar Felix segir stórsöngvarann hinn hressastan en þeir töluðust við í vikunni. Þegar er búið að gefa diskinn hans út á Norðurlöndunum og fór hann meðal annars inn á topp tíu listann í Danmörku. „Auk Evrópulandanna hafa komið fyrirspurnir frá Taívan, Kóreu, Ísrael og Bandaríkjunum. Auk þess er búið að bjóða honum á listahátíðina í Sjanghæ," segir Óttar Felix en Robertino er sem stendur á tónleikaferðalagi um Norðurlöndin. „Annars biður hann kærlega að heilsa Íslendingum. Honum þykir vænt um landið og stefnir á að koma hingað aftur."

kristjan@frettabladid.is




# Fær fimm stjörnur í Jótlandspóstinum

Nýjustu afurð Emilíönu Torrini *Fisherman's Women* var nýlega hampað á netútgáfu Jyllandsposten. Í dómnum er meðal annars sagt frá því að nafn Emilíönu sé ef til vill ekki þekkt meðal tónlistarunnenda. Þrátt fyrir það hafi hún samið lög fyrir Kylie Minogue og sungið *Gollum Song* fyrir kvikmyndina *Tveggja turna tal*.

Fisherman's Women er fagnað sem góðu framhaldi af *Love in time of Science* og sagt að hún þoli vel samlíkingu við Leonard Cohen og Suzanne Vega. Dómnum lýkur á að platan bjargi sunnudeginum og fær hún fimm stjörnur af sex mögulegum. ■



**EMILÍANA TORRINI** Íslenska söngkonan fær góða dóma í Danmörku.


STÓRÚTSALA
30-90% AFSLÁTTUR
DVD
MÚSÍK
LEIKIR
VERÐHRUN!
AUKA 20%
AFSLÁTTUR
AF ÚTSÖLUVÖRUM!
S·K·Í·F·A·N
...skemmtir þér ; )
LEIKIR • MÚSÍK • DVD • LEIKIR • MÚSÍK • DVD • MÚSÍK • DVD • LE
Skífan Laugavegi 26 • Skífan Smáralind • Skífan Kringlunni • www.skifan.is

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000



Frumsýning 11. febrúar kl. 20 – UPPSELT
2. sýning 13. febrúar kl. 19 – FÁAR SÝNINGAR

TOSCA

Miðasala á netinu; www.opera.is
Netfang miðasölu; midasala@opera.is • Sími miðasölu: 511 4200

Landsbankinn
Banki allra landsmanna

ÍSLENSKA ÓPERAN




BAKÞANKAR


GUÐMUNDAR STEINGRÍMSSONAR


## Naskir menn

Eitthvað finnst mér óstjórnlega skemmtilegt og fyndið við það að þeir framsóknarbræður Árni og Páll hafi gert sér lítið fyrir, að sögn blaða, og tekið yfir eitt stykki kvenfélag. Svona á að gera þetta. Þarna finnst mér pólitíska refskákin hér á landi hafa náð nýjum hæðum, sem er ekki bagaleg einkunn nú á tímum hinna svokölluðu spunameistara sem draga nýjar brellur úr hatti sínum á degi hverjum.

**MENN** eru orðnir svo slyngir, sjáiði til, í pólitíkinni. Farnir að kortleggja kvenfélög til yfirtöku eins og ekkert sé. Af hverju datt engum þetta í hug fyrr? Kannski er það hið sakleysislega yfirbragð kvenfélaganna sem hefur haldið aftur af mönnum. Tíu eldri konur að sötra te með reglulegu millibili eina aftanstund í framsóknarfélagi hefur kannski ekki hingað til verið talið grundvöllur – eða „platform“ eins og þeir segja í Ameríku – fyrir frama í pólitík. Já, og svo hefur það kannski spilað inn í að refirnir eru vanalega karlmenn og hafa því af kynbundnum orsökum ekki talið árennilegt að reyna fyrir sér í kvenfélögum hingað til.

**YFIRTAKAN**, sem svo er kölluð í blöðum, á framsóknarfélaginu Freyju markar því af mörgum ástæðum veruleg tímamót. Munu aðrir útsjónarsamir stjórnmálamenn á uppleið beita svipuðum brögðum í náinni framtíð? Verður stríðið hér eftir háð með þeim hætti að karlmenn munu stefna misstórum kvennahópum hingað og þangað um landið til fjandsamlegrar yfirtöku – eins og það heitir á viðskiptamáli – kvenfélaga? Þá er eðlilegt að spurt sé: Hversu margar stelpur hefur Guðni til þess arna? Fleiri en Árni? Nú reynir á kvenhyllina.

**ERFITT** er reyndar að ímynda sér að þessi hugmyndaauðgi sé ættuð úr brellubrunni spunameistaranna því það verður að segjast eins og er að ekki hafa þeir sýnt neina snilldartakta undanfarið. Forsætisráðherra er sagður hafa eina þrjá slíka í kringum sig og mega þeir allir heita þaulvanir fjölmiðlamenn. Vitringarnir þrír – sem er eðlileg nafngift miðað við það að þeir eru jú þrír og eiga að vita ýmsilegt – hafa sjálfsagt setið á rökstólum fram á nætur og velt því fyrir sér hvernig ráðherrann ætti að „tækla“, eins og sagt er, Íraksmálið. Niðurstaðan þykir mér ekki merkileg: „Svaraðu ekki í símann í viku og farðu svo úr landi.“ Það hlýtur að vera hægt að gera betur en þetta.





Öll eigum við það sameiginlegt að vilja fá meira af því sem okkur finnst jákvætt í lífinu. Þess vegna tryggjum við hjá Sjóvá að viðskiptavinir okkar fái meira ef þeir eru í Stofni.

Þú færð meiri vernd, þú færð meiri fríðindi og þú færð meiri þjónustu ef þú ert í Stofni.

SJÓVÁ

**Auk hagstæðra kjara á iðgjöldum standa þér til boða ýmis önnur fríðindi:**

- 10% endurgreiðsla af iðgjöldum ef þú ert tjónlaus.
- Barnabílstólar til leigu eða kaupa á sérlega góðum kjörum.
- Frí flutningstrygging fyrir búslóð í flutningi innanlands.
- Allt að 20% líftryggingarauki án endurgjalds.
- Sérlega hagstæð kjör á bílalánum.
- Bílaleigubíll til afnota í allt að viku ef þú missir bílinn þinn á verkstæði eftir bótaskylt tjón og ert kaskótryggður.

Stofn
Fáðu meira

**Tjónavakt** | Viðskiptavinir Sjóvá hafa aðgang að tjónavakt allan sólarhringinn í síma **800 7112** verði þeir fyrir stórfelldu eignatjóni.




ÖRFÁAR AEG ÞVOTTAVÉLAR
Á SÉRSTÖKU TILBOÐSVERÐI!

Erum að rýma fyrir nýjum þvottavélum.
Íslenskt stjórnborð og vönduð íslensk notendahandbók.
Taumagn: 5,5 kg. Vinduhraði: 1400 snúningar á mínútu.
Verð áður: 89.900,- kr. **Nú: 74.900,- kr.**

**Nýttu þér þetta einstaka tækifæri að eignast AEG þvottavél.**

VOR-HREIN-GERNING-ARNAR 2005

HYGGINN HUGAR AÐ HAGSTÆÐU VERÐI



AEG
Ryksuga 1800 W
Kr. 9.990,-
„Gríðarlega góð kaup!“

UMBOÐSMENN UM LAND ALLT

RADIONAUST
FURUVÖLLUM 5 • AKUREYRI • SÍMI 461 5000

BRÆÐURNIR ORMSSON
LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800

GAMAN AÐ SJÁ YKKUR!
ORMSSON SMÁRALIND
www.ormsson.is